FRIÐRIK ÓMAR
*Alltaf á tánum gagnvart mataræðinu*
Heilsa
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



SKÓLABLAÐIÐ
*Nýjar leiðir til stúdentsprófs*
Sérblað um skóla
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



TIGER
bæklingurinn fylgir blaðinu í dag

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
21. ágúst 2007 — 225. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

## ÞRIÐJUDAGUR

### Pabbinn til Norðurlanda



Bjarni Haukur er kominn í útrás til Norðurlanda með Pabbann.

MENNING 24

### Skemmtileg tilraun



Stuðmenn eru ekki af baki dottnir þrátt fyrir umtalaða tónleika þar sem hljóðfæraleikurinn þótti minna á þýsku hljómsveitina Kraftwerk.

FÓLK 34

### Hvenær nauðgar karl?

Bílum, bréfum og híbýlum er veitt meiri réttarvernd en líkömum og sálarlífi kvenna, skrifar Atli Gíslason.

UMRÆÐAN 18

### Hitti landsliðslækninn



Eiður Smári Guðjohnsen er staddur hér á landi til að hitta lækni landsliðsins vegna meiðsla sinna.

ÍÞRÓTTIR 30

### VEÐRIÐ Í DAG




**Rigning um mest allt land** Fyrst suðvestanlands en breiðist svo út um allt land þegar líður á daginn. Hiti 10-16 stig, hlýjast austantil.

VEÐUR 4




# Fuglinn fram úr lambinu

**Undanfarna tólf mánuði keyptu Íslendingar í fyrsta sinn meira af alifuglakjöti en kindakjöti. Tíðindin koma formönnum samtaka sauðfjár- og kjúklingabænda ekki á óvart. Þeir telja jafnvægi nað milli afurða.**

**LANDBÚNAÐUR** Íslendingar keyptu meira af innlendu alifuglakjöti en kindakjöti síðustu tólf mánuði, í fyrsta sinn í sögunni. Kindakjöt hefur verið vinsælasta kjötmeti Íslendinga frá örófi alda, en nú er orðin breyting þar á.

Matthías H. Guðmundsson, formaður Félags kjúklingabænda, segir tíðindin ánægjuleg. „Við kjúklingabændur þökkum neytendum bara fyrir þessar góðu móttökur,“ segir hann. Jóhannes Sigfússon, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, er ekki hissa. „Neysla á kindakjöti var nánast afbrigðilega mikil á Íslandi. Það hefur verið ákaflega sterk hefð fyrir neyslu á kindakjöti en það er bara ekkert raunsætt að það verði þannig fram eftir öllu,“ segir hann.

Á tímabilinu frá 1. ágúst 2006 til 31. júlí 2007 keyptu Íslendingar rúm 7.198 tonn af innlendu alifuglakjöti en tæplega 7.161 tonn af innlendu kindakjöti. Af alifuglakjötinu voru 96 prósent kjúklingur og af kindakjötinu voru 88 prósent lambakjöt.

„Þetta sýnir bara hvernig neysla Íslendinga er að breytast,“ segir Matthías. „Árið 1995, þegar mátti fara að selja hérna ferskan kjúkling, var neyslan fimm kíló á mann á ári af kjúklingi en 42 kíló af kindakjöti. Nú vill fólk létt kjöt og hvíta kjötið er í sókn.“

**KJÖTSALA SÍÐASTA ÁR**

| Afurð | Magn (tonn) | Hlutdeild |
|---|---|---|
| Alifuglakjöt | 7.198 | 29,3% |
| Hrossakjöt | 697 | 2,8% |
| Kindakjöt | 7.161 | 29,1% |
| Nautgripakjöt | 3.423 | 13,9% |
| Svínakjöt | 6.105 | 24,8% |

Jóhannes telur að alþjóðavæðing íslensks samfélags hafi sitt að segja. Hér búi sífellt fleiri sem ekki hafi hefð fyrir að borða kindakjöt. Hann bendir á að fiskur hafi verið hversdagsvara Íslendinga áður fyrr, en neysla hans hafi dregist verulega saman. „Kjúklingurinn er miklu frekar að ryðja fiskinum út held ég, sérstaklega meðal yngra fólks.“

Hvorki Jóhannes né Matthías búast við að sala á fuglakjöti fari mikið lengra fram úr kindakjötinu. Ákveðnu jafnvægi hafi verið náð.

Enn er framleitt langmest af kindakjöti hérlendis; um 8.650 tonn síðasta ár á móti rúmum 7.400 tonnum af alifuglakjöti. Mikið af kindakjöti er þó selt úr landi. Sala á kindakjöti dróst saman um eitt prósent á milli ára á meðan sala allra annarra kjötafurða jókst um allt að 21 prósent. **- sh**



**Á VERGANGI EFTIR JARÐSKJÁLFTA** Hinn fimm ára gamli Lucio Chipana situr í rúmi sínu í bænum San Clemente í Perú þar sem svefnherbergi fjölskyldu hans var áður. „Við höfum gefið allan aukafatnað sem við gátum séð af,“ segir Íslendingurinn Trausti Hraunfjörð sem býr í Líma, höfuðborg Perú. Að minnsta kosti 500 manns hafa látist vegna jarðskjálftans á miðvikudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íslendingar flýja undan Dean:

## Fljúga frá Mexíkóborg í dag

**NÁTTÚRUHAMFARIR** Tíu Íslendingar sem áttu í erfiðleikum með að komast frá Yucatán-skaga í Mexíkó undan fellibylnum Dean fljúga til New York í dag. Þaðan halda þeir heim á leið. Ekki er vitað til þess að fleiri Íslendingar séu í hættu í landinu.

Tugþúsundir ferðamanna hafa flúið svæðið síðustu daga. Talið er að bylurinn muni fara yfir skagann á 260 kílómetra hraða í dag. **- ifv / sjá síðu 12**

Vegagerðin um ferjumál:

## Engu spáð um lokakostnað

**SAMGÖNGUR** „Nú erum við alveg hætt að spá fyrir um kostnaðinn. Við þorum því ekki fyrr en þessu er lokið,“ segir Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri í viðtali um kostnaðið við Grímseyjarferjuna.

Hann segir að Vegagerðin hafi ef til vill aldrei vitað fyrir víst hversu mikið ferjan myndi kosta. Verkáætlanir hafi stöðugt farið úr skorðum. **- kóþ / sjá síðu 16**

Bæjarstjóri Vesturbyggðar bregst við orðum umhverfisráðherra um olíuhreinsun:

# Vill að Vestfirðir hafi forgang

**UMHVERFISMÁL** „Þetta er engan veginn sanngjarnt. Það er engin byggðastefna ef það á að skilja Vestfirðina eftir,“ segir Ragnar Jörundsson, bæjarstjóri í Vesturbyggð.

Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra sagði í Fréttablaðinu í gær að hún fengi ekki séð að olíuhreinsunarstöð á Vestfjörðum rúmaðist innan losunarheimilda Íslands á gróðurhúsalofttegundum.

Ragnar segir það einkennilegt ef þeir sem séu búnir að sækja um losunarheimildir séu komnir í forgang þegar byggðamál á Vestfjörðum séu í jafn slæmu ástandi og raun beri vitni. „Ég vil að olíuhreinsunarstöð hafi forgang á annað. Þarna er nýtt tækifæri sem myndi bjarga heilu byggðarlagi. Ég græt það ekki þó að eitt álver þurfi að frestast eitthvað þar sem þéttbýli er og mikil þensla. Við erum með kjöraðstæður á Vestfjörðum til þess að gera eitthvað af þessu tagi. Ef þetta kemur ekki hér verður það bara annars staðar, og ekki er vitað hvað verður með losunarkvóta þá,“ segir Ragnar.

„Ég hef óskað eftir fundi með umhverfisráðherra til að ræða þær magntölur útblásturs sem hafa verið í umræðunni,“ segir Ólafur Egilsson hjá Íslenskum hátækniiðnaði. Að hans sögn styðjast þær tölur sem fyrirtækið hefur nefnt við mjög traustar heimildir um þá tækni sem nú er fyrir hendi í greininni. **- þeb**






SPURNING DAGSINS



*Jóhann, standið þið með pálmann í höndunum?*

„Já og áður en langt um líður verður Bónus-grísinn kominn á Newcastle-treyjuna.“

Íslenskir fjárfestar undir forystu Pálma Haraldssonar vilja kaupa enska knattspyrnufélagið Newcastle. Jóhann B. Elíasson er varaformaður Newcastle-klúbbsins á Íslandi.

Farþegaþota China Airlines sprakk í loft upp á Naha-flugvelli á Okinawa í Japan:

# Fólkið forðaði sér á síðustu stundu

**JAPAN, AP** Hinir 157 farþegar og átta manna áhöfn farþegaþotu China Airlines voru rétt búin að renna sér út um neyðarútganga vélarinnar þegar hún sprakk þar sem hún stóð eftir lendingu á Naha-flugvelli á japönsku eynni Okinawa í gær.

Eftir því sem talsmaður japanska samgönguráðuneytisins upplýsti barst flugumferðarstjórum ekkert neyðarkall frá flugstjórum þotunnar er hún kom inn til lendingar samkvæmt áætlun, en vélin var í leiguflugi með ferðamenn frá Taipei á Taívan. Flugstjórarnir hafi heldur ekki tilkynnt að neitt væri að er vélin lagði upp við flugstöðina. „Eldurinn kviknaði þegar sprenging varð í vinstri hreyfli vélarinnar, einni mínútu eftir að hún kom inn á flughlaðið,“ sagði talsmaðurinn, Akihiko Tamura.

Taívönsk kona, sem var meðal farþeganna, sagði að fyrst hefði farið að rjúka úr vinstri hreyflinum, síðan úr hægri hreyflinum, og þá hefðu „þessir háu hvellir heyrst“.

„Þegar reykurinn kom reyndu allir að troðast,“ sagði hún, „þetta var algjört öngþveiti.“

Eftir að útgangar vélarinnar voru opnaðir tók ekki nema um níutíu sekúndur að koma öllum farþegunum frá borði. Hálfri mínútu síðar sprakk vélin, sem var af gerðinni Boeing 737-800, í loft upp, flýjandi farþegunum til mikillar skelfingar.



**GEREYÐILÖGÐ** Brunnar leifar Boeing 737-800-farþegaþotu China Airlines á Naha-flugvelli á eynni Okinawa í Japan í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tildrög þotubrunans eru í rannsókn. - aa

Verkalýðsfélagið Hlíf:

## Laun hækki um þriðjung

**VINNUMARKAÐUR Verðbólga, hækkanir á vöruverði og þjónustu, hærra húsnæðisverð og stórauknar greiðslur af húsnæðislánum hafa hirt að öllu leyti þær kjarabætur sem félög innan Starfsgreinasambandsins hafa náð á yfirstandandi samningstímabili. Þetta er mat stjórnar Verkalýðsfélagsins Hlífar.**

**„Umsamin lágmarkslaun duga einstaklingi ekki til eðlilegrar framfærslu. Þess vegna verða aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld að taka höndum saman við gerð næsta kjarasamnings og bæta kjör þessa fólks,“ segir í ályktun Hlífar.**

**Áhersla er á að lágmarkslaun hækki um þriðjung og að skattleysismörk hækki og fylgi launaþróun.** - ghs

Merkilegur fundur í Finnlandi:

## Tyggjó á steinöld

**FINNLAND, AP** Finnskir fornleifafræðingar hafa komist að því að tyggjóneysla er líklega þúsund ára gömul hefð.

Nemendur í vesturhluta Finnlands fundu bita af birkikvoðu sem þeir telja að hafi verið notaður sem tyggigúmmí og til að gera við örvar og brotna leirdiska.

Sami Viljamaa fornleifafræðingur segir bitann vera um 5.500 til 6.000 ára gamlan. Hann segir megintilgang hans hafa verið að lagfæra hluti en steinaldarmenn hafi þó smjattað á honum líka. - lbb

SJÁVARÚTVEGUR

### Kvótinn tilkynntur fljótlega

Starfsmenn Fiskistofu vinna í þessari viku að undirbúningi á kvóta næsta fiskveiðiárs. Samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu má búast við að kvótinn verði gefinn út og tilkynntur í lok þessarar viku eða byrjun næstu. Nýtt fiskveiðiár hefst 1. september.

# Agabrot nemenda tekin fastari tökum

**Með nýjum samræmdum ferlum verður skólastjórnendum gert auðveldara að vísa erfiðum nemendum úr hefðbundnu skólastarfi. Til að tryggja menntun þeirra nemenda sem brjóta af sér verða sértæk menntunarúrræði efld.**

**MENNTUN** „Með þessu viljum við skýra heimildir skólastjórnenda, þegar alvarleg agavandamál koma upp. En jafnframt verða réttindi nemendanna gerð skýrari,“ segir Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður menntaráðs Reykjavíkur, um aðgerðir til að bregðast við aga- og ástundunarbrotum í grunnskólum borgarinnar.

Menntaráð samþykkti á fundi sínum í gær nýjar leiðir til að bregðast við agabrotum nemenda. Skýra á hlutverk skólastjórnenda, ráðgjafa í þjónustumiðstöðvum borgarinnar og úrskurðaraðila þannig að hvergi fari á milli mála að rétt hafi verið tekið á máli hverju sinni.

Júlíus Vífill segir að verklagsreglurnar eigi að verða vegvísir fyrir skólastjórnendur um rétt viðbrögð við agabrotum, hvort sem um sé að ræða brot á skólareglum eða alvarleg lögbrot. Hann segir að skortur á skýrum heimildum skólastjórnenda og nemenda hafi stundum orðið til þess að mál hafi ekki farið réttar leiðir í kerfinu. Með nýjum reglum eigi að vera skýrt hvenær eðlilegt sé að hafa samband við lögreglu og Barnavernd.

Skólastjórnendum er óheimilt að vísa nemanda úr skóla lengur en í fimm daga fyrir alvarleg agabrot, nema annað skólaúrræði sé tryggt. Júlíus segir að undantekning verði þó á því ef fíkniefnasala nemanda sé staðfest. Skólastjórnendum sé þó einnig heimilt að vísa nemanda úr skóla á meðan lögregla eða Barnavernd rannsaki mál hans.



**SKÝRARI RÉTTINDI** Menntaráð hefur samþykkt nýjar verklagsreglur sem eiga að skýra réttindi skólastjórnenda og nemenda. Formaður menntaráðs segir að skortur á skýrum heimildum hafi stundum orðið til þess að mál hafi farið rangar leiðir í kerfinu. Nú sé ljóst hvenær eðlilegt sé að hafa samband við lögreglu eða barnaverndaryfirvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**RÉTTUR TIL NÁMS TRYGGÐUR** Auðveldara verður að taka þá nemendur sem kunna að geta valdið öðrum tjóni úr bekkjum með því að efla sértæk menntunarúrræði. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR SAFNI

Þá er kveðið á um að öll brot og aðgerðir sem gripið er til verði bókuð í skólaumsjónarkerfið Mentor og skjalfestar með bréfi. Til að koma í veg fyrir vanhæfni þeirra sem að málinu koma verður skilið á milli ráðgjafar og úrskurðar í meðferð brota.

Júlíus segir að verið sé að koma á laggirnar sérstökum fardeildum, í Grafarvogi, Grafarholti, Árbæ og Breiðholti. Þeim sé ætlað að vinna á agavandamálum. Þá verði skólastjórnendum gert auðveldara að taka nemendur, sem kunna að geta valdið öðrum ungmennum tjóni, úr hefðbundnu skólastarfi með því að efla sértæk menntunarúrræði. Fardeildirnar geti þar með komið til liðs við nemendur og skólastjórnendur auk þess sem Brúarskóli og Bjarkahlíð, sem hafa sinnt erfiðum nemendum, verði styrktir.

karen@frettabladid.is



**RUDOLPH GIULIANI** Keppir að forsetaframboði vestra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Repúblikaninn Rudy Giuliani:

## Vill ekki sjálfstæða Palestínu

**BANDARÍKIN Rudy Giuliani, sem keppir að forsetaframboði fyrir Repúblikanaflokkinn vestra, hefur lýst sig mótfallinn stofnun sjálfstæðs ríkis Palestínumanna. Giuliani, segir það ekki þjóna hagsmunum Bandaríkjamanna að styðja ríki sem líði hryðjuverkastarfsemi.**

**„Eigi Palestínumenn að eignast eigið ríki verður það einungis gert með góðri stjórnsýslu, andstöðu við hryðjuverk og friðsælli sambúð með Ísraelsríki,“ sagði Giuliani og bætti við að stuðningur við Ísraelsríki væri einn af hornsteinum utanríkisstefnu Bandaríkjanna.** - jsk

Fjárlaganefnd fjallar um ferju:

## Ætla ekki að kalla Sturlu fyrir

**ALÞINGI** Fulltrúar Vegagerðarinnar, samgönguráðuneytis og fjármálaráðuneytis verða kallaðir fyrir fjárlaganefnd Alþingis til að skýra sín sjónarmið og svara spurningum nefndarinnar vegna skýrslu Ríkisendurskoðunar um kostnað við endurbætur á nýrri Grímseyjarferju.

Gunnar Svavarsson, formaður fjárlaganefndar, segir að ekki hafi komið til greina að Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis og fyrrverandi samgönguráðherra, kæmi fyrir nefndina.

„Miðað við þær skýringar sem Sturla hefur gefið um málið er það fyrst og fremst ráðuneytanna að svara,“ segir Gunnar. - bj


BÍLL DAGSINS

NISSAN TERRANO SPORT 2,7 DIESEL

Nýskr. 10.04 - Beinskiptur - Ekinn 65 þús. km.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020


Einn farþeganna úr flugslysinu í Kanada sagður hafa bjargað þeim sem lifðu:

# Hinn látni stýrði flugvélinni

**SLYS** Íslendingurinn sem lést í flugslysi í Kanada á laugardag var undir stýri á vélinni þegar hún hrapaði. Samkvæmt upplýsingum frá alþjóðadeild Ríkislögreglustjóra var annar Íslendingur í vélinni og slasaðist hann alvarlega en mun ekki vera í lífshættu. Í kanadískum fjölmiðlum segir að hann sé lærbrotinn og með höfuðáverka.

Tvítugur Kanadamaður sem komst lífs af úr slysinu er hylltur sem hetja í kanadískum fjölmiðlum fyrir að bjarga lífi hinna tveggja farþeganna.

Fólkið var á leið að bænum Squamish í Bresku Kólumbíu í Kanada þegar vélin steyptist til jarðar í bröttu og illfæru skóglendi. Orsök slyssins er í rannsókn en lík Íslendingsins var sótt í vélina á sunnudag.

Fram kemur á vef dagblaðsins Vancouver Sun í gær að Kanadamaðurinn tvítugi hafi dregið farþegana sem enn voru á lífi út úr vélinni, sem hékk í trjám rúmlega einn metra frá jörðu.

Síðan hafi hann borið fólkið niður bratta brekku í gegnum þykkt kjarr og á þeim fjórum tímum sem það tók björgunarmenn að finna fólkið hafi hann búið um sár þess.

„Þegar við komum á staðinn litum við á fólkið og sögðum: „Vá, hann stóð sig vel,“ sagði Yves St. Denis, áhafnarmeðlimur leitarvélar. - sh



**CESSNA-172** Á myndinni má sjá sams konar flugvél og þá sem fórst í Kanada.




**Námsmannaþjónusta Sparisjóðsins**

Við hjá Sparisjóðnum viljum vera í góðu sambandi við viðskiptavini okkar. Félagar í Námsmannaþjónustunni njóta persónulegrar þjónustu sem er sniðin að þörfum hvers og eins, auk góðra kjara og spennandi sértilboða. Við erum alltaf til í að ræða málin – ef sambandið er gott, gengur allt annað betur líka.

Skoðaðu málið betur á **www.spar.is**

SPARISJÓÐURINN
Námsmannaþjónusta

## GENGIÐ 20.08.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 67,43 | 67,75 |
| Sterlingspund | 133,67 | 134,31 |
| Evra | 90,94 | 91,44 |
| Dönsk króna | 12,218 | 12,290 |
| Norsk króna | 11,379 | 11,447 |
| Sænsk króna | 9,744 | 9,802 |
| Japanskt jen | 0,5851 | 0,5885 |
| SDR | 102,69 | 103,31 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
123,8451

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lögregla skoðar mál konu sem segir sér hafa verið smyglað til landsins í fyrra:

# Flugstjórinn segist blásaklaus

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn er hafin á máli konu frá Venesúela sem segir flugstjóra hafa smyglað sér ólöglega til landsins með fragtflugvél í fyrra.

Morgunblaðið sagði frá því í gær að konan hefði fylgt flugstjóranum, sem var unnusti hennar, um starfsmannahlið og vikið sér þannig undan vegabréfaskoðun. Blaðið hefur jafnframt eftir konunni að hún og flugstjórinn hafi slitið samvistum eftir að hann réðst á hana. Hún hafi kært árásina.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur flugstjórinn sett sig í samband við lögreglu og greinir á allt annan hátt frá atburðum en konan, bæði hvað snertir komu konunnar til landsins og meinta líkamsárás. Hann hafi tilkynnt um komu konunnar og eigi áverkavottorð sem sýni að konan hafi ráðist á hann, ekki öfugt.

Jóhann R. Benediktsson, lögreglustjóri á Suðurnesjum, segir að embættið skoði nú málið, en gefi sér ekkert þar sem umfjöllun Morgunblaðsins byggist á einhliða frásögn konunnar. „Ef þetta reynist rétt þá er það mjög alvarlegt, en við munum byrja á því að kynna okkur þetta mál og reyna að komast að því hverjar staðreyndir þess eru,“ segir Jóhann.

Jóhann segir flugstjóra hafa ríkt stöðuumboð og að þeim sé falin mikil ábyrgð. „Þetta eru menn sem við getum treyst vel.“

Mál konunnar er til meðferðar hjá Útlendingastofnun. - sh



**LEIFSSTÖÐ** Konan segir flugstjórann hafa látið sig víkja sér undan vegabréfaskoðun með því að fara inn um starfsmannahlið.

Stal bíl foreldra sinna:

# Réttindalaus og undir áhrifum

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Akureyri stöðvaði ökuferð réttindalausrar stúlku aðfaranótt mánudags.**

**Stúlkan, sem er sextán ára gömul, hafði tekið bíl foreldra sinna í leyfisleysi.**

**Foreldrarnir brugðu því á það ráð að hringja á lögregluna. Lögregluþjónar fundu stúlkuna og stöðvuðu hana.**

**Hún er grunuð um að hafa verið undir áhrifum fíkniefna. Að sögn varðstjóra hjá lögreglunni verður mál hennar rannsakað og sent barnaverndaryfirvöldum og sýslumanni. - þeb**

Ungur maður fannst látinn:

# Svipti sig lífi á Litla-Hrauni

**LÖGREGLUMÁL Ungur maður, fæddur árið 1985, fannst látinn í klefa sínum á Litla-Hrauni að morgni sunnudags. Hafði hann svipt sig lífi. Þetta staðfesti Erlendur Baldursson, afbrotafræðingur hjá Fangelsismálastofnun, í gær. Lögreglan á Selfossi rannsakar nú lát mannsins frekar.**

**Það voru fangaverðir á Litla-Hrauni sem komu að manninum við hefðbundið morguneftirlit. Maðurinn hafði ekki verið lengi á Litla-Hrauni og átti ekki að afplána langan dóm. Hann hafði áður afplánað fangelsisdóma.**

**Sjö fangar hafa svipt sig lífi í íslenskum fangelsum undanfarin þrjátíu ár. - þeb**

Mannrán í Afganistan:

# Hermenn frelsa þýskan gísl

**AFGANISTAN, AP** Norskar öryggissveitir og afganska lögreglan frelsuðu þýskan hjálparstarfsmann í vesturhluta Kabúl í fyrradag. Fjórir menn voru handteknir grunaðir um að hafa skipulagt mannránið en þeir höfðu krafist einnar milljónar Bandaríkjadala í lausnargjald.

Christinu Barböru Meier var rænt á laugardag þar sem hún sat á veitingastað með eiginmanni sínum. Frank-Walter Steinmeier, utanríkisráðherra Þýskalands, þakkaði stjórnvöldum í Afganistan og norsku öryggissveitunum fyrir aðstoðina. - lbb

## LÖGREGLUMÁL

### Innbrotstilraun á Akureyri

Tilkynnt var um innbrot á hárgreiðslustofu á Akureyri aðfaranótt mánudags. Hafði þjófurinn spennt upp útidyrahurð og féllu niður hillur við það. Talið er að hávaðinn hafi fælt hann frá því engu hafði verið stolið.

# Verðmæti vatnsréttinda ljós á morgun

**Mikið ber á milli landeigenda í nágrenni Kárahnjúkavirkjunar og Landsvirkjunar um bætur vegna vatnsréttinda. Úrskurðað verður í málinu á morgun. Hæstu kröfur landeigenda voru 72 milljarðar en Landsvirkjun bauð 150-375 milljónir.**

**ÞJÓÐLENDUR** Nefnd sem meta á verðmæti vatnsréttinda landeigenda í nágrenni Kárahnjúkavirkjunar mun skila niðurstöðu á morgun, miðvikudag. Þetta staðfesta Þórður Bogason, lögmaður Landsvirkjunar, og Friðbjörn E. Garðarsson, einn lögmanna hóps landeigenda.

Landeigendur á svæðinu hafa krafist hárra bóta vegna vatnsréttinda á jörðum þeirra sem þeir missa vegna Kárahnjúkavirkjunar. Félag landeigenda og Landsvirkjun komust að samkomulagi um að fela sérstakri matsnefnd að úrskurða um verðmæti vatnsréttindanna, og var málið flutt fyrir nefndinni 15. maí síðastliðinn.

Nokkrir hópar landeigenda gerðu þar kröfur um bætur. Sá hópur sem hæstra bóta krafðist vildi að vatnsréttindin í heild yrðu metin á samtals 72 milljarða króna. Þar sem hluti jarða á svæðinu er þjóðlendur ætti ríkið kröfu á hluta þeirra réttinda, um tuttugu prósent, og fengju landeigendur því tæpa 58 milljarða yrði gengið að kröfunum.

Landsvirkjun mat vatnsréttindin á annan hátt, og taldi verðmæti þeirra liggja á bilinu 150-375 milljónir króna.

Nýlegur úrskurður óbyggðanefndar kemur kröfunum þó í nokkuð uppnám. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að stór hluti landareigna sumra landeigenda sem gera kröfur væri þjóðlendur í eigu ríkisins.

Niðurstaða óbyggðanefndar er þó ekki endanleg, því landeigendur ætla að láta reyna á hana fyrir dómstólum. Hnekki þeir ekki niðurstöðunni mun ríkið eiga tæplega sextíu prósent vatnsréttinda á svæðinu, ekki tuttugu prósent eins og þegar málið fór af stað, eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu.

Þrátt fyrir þessa flækju ætti matsnefndin að geta metið verðmæti vatnsréttindanna. Sá úrskurður verður kæranlegur til dómstóla, þó niðurstaða óbyggðanefndar geti flækt það mál.

Þórður Bogason, lögmaður Landsvirkjunar, segir of snemmt að segja til um hvort úrskurði matsnefndarinnar verði skotið til dómstóla. Hann segir mat Landsvirkjunar á verðmæti vatnsréttindanna byggja á hefðbundnum sjónarmiðum, en vildi ekki spá fyrir um niðurstöðu matsnefndarinnar.

Formaður matsnefndarinnar er Skúli J. Pálmason, fyrrverandi héraðsdómslögmaður. Auk hans eiga sæti í nefndinni Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður, Sigurður Þórðarson verkfræðingur, Sverrir Ingólfsson löggiltur endurskoðandi, og Egill B. Hreinsson, prófessor í verkfræði við Háskóla Íslands. brjann@frettabladid.is



**HÁLSLÓN** Tekist var á um verðmæti vatnsréttinda vegna Kárahnjúkavirkjunar fyrir sérstakri matsnefnd í vor og var mikill munur á mati landeigenda annars vegar og Landsvirkjunar hins vegar á verðmæti réttindanna. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



THOMAS GRUNDT



MATHIAS HINZ

Þjóðverjarnir sem lýst er eftir:

# Enn leitað að mönnunum

**LÖGREGLUMÁL** Þýsku ferðamannanna tveggja, sem lýst var eftir fyrir helgi, er enn saknað.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu er nú verið að skoða ferðaáætlun mannanna og safna saman gögnum sem geta nýst við rannsóknina. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær flaug þyrla Landhelgisgæslunnar yfir eina af líklegum gönguleiðum þeirra á sunnudag.

Ekkert hefur spurst til mannanna síðan 29. júlí. Lögregla biður þá sem geta veitt upplýsingar um málið að hafa samband í síma 444-1000. - þeb

Heiðmerkurmálið:

# Landvernd ekki talin eiga aðild

**UMHVERFISMÁL Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála telur að Landvernd eigi ekki aðild að kærumáli um lögmæti framkvæmdaleyfa.**

**Nefndin hefur því vísað frá kæru Landverndar vegna framkvæmda Kópavogsbæjar við vatnslögn í Heiðmörk.**

**Í kærunni sagði að framkvæmdin hefði brotið í bága við minnst fjóra lagabálka.**

**Í yfirlýsingu frá Landvernd segir að frávísunin feli í sér skýr skilaboð um nauðsyn þess að rýmka kæruheimildir frjálsra félagasamtaka. - kóþ**




## VEÐURSPÁ



Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

**Rigning um allt land á morgun:** Suðvestanlands byrjar dagurinn með rigningu og frekar hvössum vindi á annesjum. Þegar líður á daginn dreifir úrkomusvæðið úr sér yfir allt land og í kvöld verður líklega úrkoma á öllu landinu. Áfram frekar hlýtt í veðri, og hlýjast á Austur- og Norðausturlandi, 13-16 stig, en 10-13 stig annars staðar. Á morgun má búast við áframhaldandi úrkomu og hlýindum um allt land.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
S- átt 8-13 m/s ,rigning og hiti 12-14 °C

*um hádegi »*




*» á morgun*




Suðvestanátt 5-12 m/s, hvassast V-til.

*» fimmtudagur*




Suðvestan 5-12 m/s, hvassast V-til.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19°C skúrir | London | 20°C skúrir | Eindhoven | 19°C skúrir |
| Billund | 20°C rigning | París | 19°C rigning | Basel | 24°C skúrir |
| Osló | 18°C skýjað | Frankfurt | 24°C skúrir | Alicante | 28°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 19°C skúrir | Friedrichshafen | 18°C skýjað | Róm | 28°C heiðskýrt |
| Gautaborg | 22°C skúrir | Berlín | 21°C rigning | Las Palmas | 24°C heiðskýrt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

**KJÖRKASSINN**



*Ætti að hækka laun grunnskólakennara?*

| | |
|---|---|
| Já | 62% |
| Nei | 38% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlarðu í berjamó á næstunni?*

Segðu skoðun þína á visir.is. vísir

Arnþrúður Karlsdóttir á Útvarpi Sögu hyggur á útgáfu vikublaðs með haustinu:

# Helgarpóstur gefinn út í vetur

**FJÖLMIÐLAR** „Já, við keyptum nafnið og erum að skoða þann möguleika að gefa út vikublað með haustinu,“ segir Arnþrúður Karlsdóttir, eigandi Útvarps Sögu.

Arnþrúður tryggði sér nýlega einkaleyfi fyrir nafni vikublaðsins fornfræga Helgarpóstsins. Hún segir að fyrrverandi eigendur hafi ekki sinnt því að endurnýja leyfið og því hafi hún fengið nafnið á einar 18.000 krónur.

Stefnt er á að fyrsta tölublaðið komi út í seinni hluta október og efnistök verði svipuð og á gamla Helgarpóstinum.



**ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR** Ætlar að endurreisa Helgarpóstinn í vetur. Hún fékk einkaleyfi fyrir nafninu á 18.000 krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við teljum að það sé svigrúm fyrir svona blað því það vantar sárlega rannsóknarblaðamennsku í íslenska fjölmiðla, með fullri virðingu fyrir hinum blöðunum.“

Arnþrúður hyggst ekki ritstýra blaðinu sjálf, en á í viðræðum við reyndan blaðamann um það.

„Nei, en ég ætla að fá einhvern góðan í þetta. Það þarf hörð bein í svona,“ segir hún. Ótímabært sé að nefna nöfn í því samhengi.

Engir sérstaklega fjársterkir aðilar komi að útgáfunni, einungis hún og Pétur Gunnlaugsson lögmaður. „Það væri þó mjög til bóta að fá fjársterka aðila í þetta.“ **- køþ**

Veiðiátak á minki:

## Á þriðja hundrað minkar veiddir

**NÁTTÚRA Á þriðja hundrað minkar hafa veiðst á Snæfellsnesi og í Eyjafirði í sumar. Ákveðið var að ráðast í sérstakt veiðiátak á þeim svæðum á árunum 2007 til 2009 og kanna með því möguleika á útrýmingu minks úr íslenskri náttúru.**

**Arnór Þ. Sigfússon verkefnisstjóri segir að aðeins séu taldir fullorðnir minkar en ekki yrðlingar eins og tíðkast hefur. Ekki er nóg að skila skottinu ætli menn að fá greitt fyrir dýrin heldur þarf að senda allan minkinn til krufningar og rannsókna. Átakið er að átakið kosti 135 milljónir. - kdk**

BOÐEIND.IS
í tilefni af 20 ára afmæli
Boðeindar bjóðum við upp á ótrúleg afmælistilboð og þú gætir jafnvel unnið LCD sjónvarp!



Asus F5R 15.4”
Intel M520 - 1GB - 80GB
DVD brennari - ATI Xpress 1100
Vista Home Verð kr. 96.490,-
Staðgreiðsluverð kr. 69.900,-

Asus A6VM 15.4”
Intel Singel core - 1GB - 100GB
GeForce 7300 - DVD brennari
XP PRO Verð kr. 108.243,-
Staðgreiðsluverð kr. 89.900,-

Leyfðu okkur að veita þér faglega og persónulega þjónustu
Staðgreiðslulán fáanleg til allt að 36 mánaða

Asus A8FM 14.1”
Aðeins 2,4Kg.
Intel Core Duo - 1GB - 80GB SATA
DVD brennari - Vista Business
Verð kr. 119.900,-
Staðgreiðsluverð kr. 109.900,-

Leikja- og margmiðlunartölvur
Asus F3SE 15.4”
Intel Mobile Core 2 Duo - 2GB - 256MB ATI Radeon X2500
160GB SATA - DVD brennari - Vista Home Premium
Verð kr. 144.900,-
Staðgreiðsluverð kr. 114.900,-

Microsoft Office OEM 2007 á aðeins kr. 9.900,- með nýrri tölvu

Asus G1S 15.4”
Intel Core 2 Duo - 2GB - 256MB 6800GT GeForce
160GB SATA - DVD brennari - Vista Ultimate
MX518 mús Verð kr. 229.900,-
Staðgreiðsluverð kr. 179.900,-



Asus G2S 17”
Intel Core 2 Duo - 2GB - 256MB 6800GT GeForce
160GB SATA - DVD brennari - Vista Ultimate -
MX518 mús Verð kr. 249.900,-
Staðgreiðsluverð kr. 199.900,-

Fartölvutaska, mús, vefmyndavél, vírusvörn og góður forritapakki fylgir öllum fartölvum frá Boðeind



Birt með fyrirvara um verðbreytingar og villur

Boðeind í 20 ár
Þar sem verð og gæði fara saman
Opið alla virka daga frá kl. 10:00 - 18:00 - S: 588 2061 - Mörkin 6 - 108 Rvk - Verslun/verkstæði

# Teikningar líklega ekki samþykktar

**Byggingarfulltrúi Reykjavíkurborgar tekur teikningarnar að tæplega tvö þúsund fermetra hóteli og verslunarhúsnæði við Laugaveg 4 til 6 fyrir í dag. Óvíst hvenær byrjað verður á húsinu. Gatan ekki sögð bera svo stóra byggingu.**

**SKIPULAGSMÁL** Teikningarnar að nýju húsi eignarhaldsfélagsins Kaupangs ehf. við Laugaveg 4 til 6 verða líklega ekki samþykktar á fundi byggingarfulltrúa í dag, segir starfsmaður á skrifstofu hans. Sennilega verða gerðar tæknilegar athugasemdir við teikningarnar, segir starfsmaðurinn.

Byggingarfulltrúi samþykkti ekki teikningarnar á fundi sínum í síðustu viku og skilaði aðalhönnuður hússins, Guðni Pálsson, breyttum teikningum samdægurs. Þrátt fyrir þetta telur Guðni að það sé einungis tímaspursmál hvenær teikningarnar verði samþykktar og byrjað verði að byggja nýja húsið á reitnum.

Kaupangur ætlar að rífa húsin við Laugaveg 4 til 6 og byggja tæplega tvö þúsund fermetra, fjögurra hæða hótel og verslunarhúsnæði við götuna. Hótelherbergi verða fimmtíu í húsinu og þrjú verslunarrými á fyrstu hæð hússins.

Jóhannes Sigurðsson, einn eigenda Kaupangs, segir óvíst hvenær húsin við Laugaveg verði rifin og byrjað að byggja nýja húsið. „Ég get ekki sagt til um það að svo stöddu,“ segir Jóhannes.

Pétur H. Ármannsson, arkitekt og meðlimur Torfusamtakanna, segir að búið sé að veita leyfi til að byggja stærra hús á reitnum en umhverfið þoli. Hann segir að húsið skyggi á Laugaveginn. „Þess vegna er líklegt að niðurstaðan verði ekki góð, alveg sama hversu mikið menn leggja sig fram við að byggja nýja húsið. Það hefur verið reynt að vanda til útlits byggingarinnar, og ég ætla ekki að gera lítið úr því, en það er verið að gefa mjög óheppilegt fordæmi í deiliskipulagi í miðbænum,“ segir Pétur.

Hann segir að hingað til hafi verið sátt um það að byggja ekki svo há hús sunnan við Laugaveginn.

Torfusamtökin sendu frá sér fréttatilkynningu í gær þar sem þau sögðust harma þá niðurstöðu að húsin við Laugaveg 4 til 6 yrðu rifin og að nýja húsið byggt. Húsið við Laugaveg 4 var byggt árið 1890 og húsið við Laugaveg 6 árið 1871. ingifreyr@frettabladid.is



**LAUGAVEGUR 4 TIL 6** Húsið verður fjögurra hæða hátt og tæplega tvöþúsund fermetrar að stærð. Í því verður hótel- og verslunarrekstur.

### HÚSIÐ VIÐ LAUGAVEG 4 TIL 6

**Eigandi:** Eignarhaldsfélagið Kaupangur ehf.
**Stærð:** Tæpir 2000 fermetrar.
**Hæðir:** Fjórar. Kjallari verður byggður.
**Starfsemi:** Hótel- og verslunarhúsnæði.
**Fjöldi hótelherbegja:** 50
**Fjöldi verslunarrýma:** 3

Sextán ára lögblindri og seinfærri stúlku voru seld húðkrem fyrir 109 þúsund:

## Blindrafélagið segir málið alvarlegt

**VIÐSKIPTI** „Við lítum það mjög alvarlegum augum þegar við blasir að fólk hafi nýtt sér aðstæður okkar félagsmanna,“ segir Ólafur Haraldsson, framkvæmdastjóri Blindrafélagsins, um viðskiptahætti sölubássins Unicom sem í síðustu viku seldi sextán ára seinfærri og mjög sjónskertri stúlku húðkrem fyrir 109 þúsund krónur.

Ólafur segir að sem betur fer séu mál sem þessi sjaldgæf og hafi ekki komið á borð Blindrafélagsins síðustu misseri. „Ég geri ekki ráð fyrir því að það verði einhver eftirmál af þessu af okkar hálfu þar sem endurgreiðslan hefur gengið í gegn,“ segir Ólafur. En liðsmaður stúlkunnar frá Blindrafélaginu krafðist þess að færslurnar af korti stúlkunnar yrðu bakfærðar samdægurs enda stúlkan miður sín yfir kaupunum.



**UNICOM Í KRINGLUNNI** Framkvæmdastjóri Blindrafélagsins og móðir stúlkunnar eru ósátt við viðskiptahætti sölubássins en telja að frekari eftirmála sé ekki þörf þar sem peningarnir hafi verið endurgreiddir. Þá hafi viðbrögð framkvæmdastjóra Kringlunnar verið til sóma. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sólveig Davíðsdóttir, móðir stúlkunnar, segir að sölumönnum hefði átt að vera ljóst að dóttir hennar væri seinfær auk þess sem hún geti ekki skilið eða tjáð sig á enskri tungu eins og sölukonan ræddi við hana á. Hún segir fjölskylduna ekki ætla að aðhafast frekar í málinu en ljóst sé að óeðlilegir viðskiptahættir hafi verið viðhafðir. **- kdk**


Megavika
20.-26. ágúst,
allar pizzur á
1.090 kr.*
*Ef þú sækir
98%
landsmanna hafa smakkað ...
Allt 2 lítra gos á 195 kr.
1,5 lítra Toppur á 100 kr.
Domino's Pizza
58·12345
www.dominos.is

UMSÖGN UM NÁMSKEIÐIÐ
STJÓRNENDUR FRAMTÍÐARINNAR

„Í þjónustufyrirtæki eins og VÍS skiptir miklu máli að innra skipulag sé í lagi og starfsfólk sé ánægt í vinnunni. Því leist mér mjög vel á námið Stjórnendur framtíðarinnar, það tók á mikilvægum þáttum sem snúa að skipulagi, breytingastjórnun, samskiptum við samstarfsfólk, endurgjöf og jákvæðu hugarfari. Það var gagnlegt að fá mat á eigin stjórnendahæfni og skiptast á skoðunum við aðra þátttakendur sem komu víða að úr atvinnulífinu. Í annasömu stjórnunarstarfi hentaði uppsetning námsins og tímasetningar mér mjög vel. Námið gat ég strax nýtt í þeim verkefnum sem ég vann að, ásamt því að nýtast vel í framtíðinni.“

Rúnar Þór Guðbrandsson
Umdæmisstjóri VÍS - höfuðborgarsvæði

Skráning er hafin á www.capacent.is/namskeid



capacent
RÁÐGJÖF

Dýralæknafélag Íslands furðar sig á að ekki skuli ákært í dýraníðingsmáli:

# Hneykslast á lögreglustjóra

**DÝRAVERND** Dýralæknafélag Íslands lýsir furðu sinni og hneykslan á ákvörðun lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins um að ákæra ekki í máli hestamanns við Vatnsenda í Kópavogi þar sem hann sást margsinns berja hest.

Á nýafstöðnum sumarfundi félagsins, þar sem þessi ályktun var samþykkt, var einnig samþykkt að hvetja umhverfisráðherra til að skipa strax í nefnd sem til stendur að skipa til að endurskoða málefni dýraverndar í landinu og vill félagið eiga fulltrúa í þeirri nefnd.

Dýralæknarnir vilja málefni dýraverndar undir eitt ráðuneyti, eina stofnun og í ein lög. Þeir vilja að málaflokkurinn verði vistaður á stofnun þar sem dýralæknir fer með yfirumsjón dýraverndarmála. Jafnframt leggja þeir áherslu á að ákæruvaldið geti ekki ákveðið að falla frá ákæru nema efnislegar ástæður liggi fyrir.

Í greinargerð með samþykktinni segir að nauðsynlegt sé að íslenskt samfélag beri ábyrgð á einhvers konar „kerfi“ sem sinni dýrum þannig að þau þjáist ekki til lengri tíma. Meðal annars þurfi að tryggja að önnur lög er varða stjórnsýslu, eignarrétt og áfrýjunarrétt skerði ekki tafarlaust inngrip til að lina þjáningar dýra. - jss



**DÝRAVERND** Vanfóðruð hross voru mikið til umræðu í vetur.

FYRIR SKÓLANN

Höfuð, herðar, hné og tær

Mikið úrval af frábærum fatnaði í skólann



Rán
Létt, fóðruð, vatnsfráhrindandi og hlý útiföt
úlpa 6.800 kr.
buxur 4.700 kr.

LA SPORTIVA
Koala
Léttir gönguskór fyrir börn*
Gore-Tex
30% afsláttur
Verð nú 4.830 kr.



*Fást í Faxafeni, Miðhrauni og á Akureyri.

66° NORÐUR

REYKJAVÍK:
Kringlan
Bankastræti 5
Faxafen 12
KÓPAVOGUR:
Smáralind
GARÐABÆR:
Miðhraun 11
AKUREYRI:
Glerárgata 32

www.66north.is

66°Norður/ágúst07



**RÚSTIR EINAR** Spænskir slökkviliðsmenn ganga fram hjá gjöreyðilögðu húsi í borginni Pisco í Perú. Að minnsta kosti 503 létust í skjálftanum í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Skelfing í eftirskjálftum

**Forseti Perú heitir því að hafnarborgin Pisco verði endurbyggð eftir eyðileggingu jarðskjálftans í síðustu viku. Tveir Íslendingar eru búsettir í Perú.**

**PERÚ** Alan Garcia, forseti Perú, hét því í gær í hafnarborginni Pisco í suðurhluta landsins að borgin yrði endurbyggð eftir jarðskjálftann í síðustu viku, sem rústaði 85 af hundraði allra húsa þar. Björgunarsveitarmenn, sem leitað höfðu að fólki á lífi í rústunum í Pisco og fleiri bæjum sem verst urðu úti, lýstu því yfir í gær að þeir hefðu gefið upp á bátinn alla von um að finna nokkurn á lífi úr þessu.

Trausti Hraunfjörð, Íslendingur sem búsettur er í Lima, höfuðborg Perú sem er 240 kílómetra norður af skjálftamiðjunni, segir rof á samgöngum og símasambandi hamla mjög hjálparstarfi. Sér sýnist það heldur ekki vera nógu vel skipulagt og ræningjaflokkar, sem nýti sér upplausnarástandið á hamfarasvæðinu til að láta greipar sópa, auki á vandann. „Við höfum gefið allan aukafatnað sem við gátum séð af, ásamt um hundrað lítrum af vatni og 50 kílóa sekk af hrísgrjónum,“ segir Trausti. Hann óttast að uppbyggingarstarf á hamfarasvæðinu muni taka langan tíma. Vinkona konu hans, sem sé hjúkrunarkona og hafi tekið þátt í hjálparstarfinu, hafi líkt aðstæðum á hamfarasvæðinu við myndir frá Hiroshima eftir kjarnorkuárásina árið 1945. Vart stæði steinn yfir steini í þorpunum sem verst urðu úti.



**TRAUSTI HRAUNFJÖRÐ**

Staðfest tala látinna var í gær um 540 manns og um 1.500 slösuðust í stóra skjálftanum sem reið yfir síðastliðinn miðvikudag, en hann mældist 8,0 á Richters-kvarðanum að styrkleika. Margir eftirskjálftar hafa riðið yfir síðan og haldið fólki óttaslegnu. Tólf ára drengur dó á sunnudag er veggur hrundi í húsi fjölskyldu hans í bænum Guadelupe í einum eftirskjálftanum, sem mældist 5,6 á Richter.

Að sögn Trausta býr íslensk kona í bænum Arquipa suður undir landamærunum að Chile. Hana hafi heldur ekki sakað í hamförunum. Þau tvö séu einu Íslendingarnir í landinu sem hann viti af. audunn@frettabladid.is

Gleðilegar ræstingar
– og farsælan vinnudag!

Á tilboði í ágúst 2007
Öflugar gólfþvottavélar frá TASKI



TASKI swingo 450 B
Einstaklega lipur vél sem hentar á svæðum þar sem aðkoma er þröng. Vél sem kemur á óvart!
Raunhæf afköst 450 m²/klst
Reiknuð afköst 1250m²/klst
399.384 kr.



TASKI swingo 750 B
Lítil og nett, en afkastamikil vél með innbyggðu hleðslutæki sem hindrar afhleðslu rafgeyma.
Raunhæf afköst 750 m²/klst
Reiknuð afköst 1935m²/klst
499.396 kr.



TASKI swingo 1250 B
Vél sem hentar meðalstórum fyrirtækjum og stofnunum. Öflug vél en ótrúlega hljóðlát og auðveld í meðförum.
Raunhæf afköst 1250m²/klst
Reiknuð afköst 2475m²/klst
728.401kr.



Eigum einnig til notaðar vel meðfarnar TASKI gólfþvottavélar, nýkomnar úr 3ja ára rekstrarleigu frá viðskiptavinum RV. Tækifæri til að gera ótrúlega góð kaup.

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is
RV

Unique/RV 07/03

Forsetakosningar í Tyrklandi:

# Fyrsta umferð án niðurstöðu

**TYRKLAND, AP** Áfanga að því að ljúka fjögurra mánaða harðvítugum átökum milli fylkinga þeirra sem vilja halda fast í afdráttarlausan aðskilnað trúar og stjórnmála og fylgismanna hins íslamsk-sinnaða stjórnarflokks Tyrklands um forsetaembættið í landinu lauk í gær, er fyrsta umferð forsetakosninga fór fram í þinginu.

Frambjóðandi stjórnarflokksins, utanríkisráðherrann Abdullah Gül, náði ekki tilskildum tveggja þriðju hluta meirihluta til að ná kjöri. En þar sem í þriðju umferð kosninganna er nóg að frambjóðandinn hljóti einfaldan meirihluta er talið að hinn strangtrúaði Gül nái kjöri. - aa



**BANDAMENN** Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra og forsetaframbjóðandinn Abdullah Gül í þinginu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Ekkert loftnet, háskerpusjónvarp og bíó heima í stofu
Losaðu þig við loftnetið og fáðu þér Sjónvarp Símans.
Í boði eru allar íslensku sjónvarpsstöðvarnar, þar á meðal Sýn 2 með Enska boltann, og yfir 60 erlendar sjónvarps-stöðvar – allt í bestu mögulegu myndgæðum. Sjónvarp Símans býður þér líka SkjáBíó þar sem þú getur valið úr 1100 bíómyndum með fjarstýringunni heima í stofu.
siminn.is 800 7000
Það er Síminn
Sími
Netið
Sjónvarp
Fyrst á Íslandi!
Sjónvarp Símans kynnir háskerpusjónvarp (HD) – kíktu í næstu verslun Símans á höfuðborgar-svæðinu og sjáðu muninn



**SLÁNDI LÍKINDI** Ungur filippseyskur aðdáandi Elvis Presley leikur listir sínar í hléi á eftirhermukeppni sem haldin var í höfuðborginni Manilla á sunnudag. Keppnin var haldin í tilefni af þrjátíu ára ártíð rokkkonungsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Betri Nónhæð mótmælir fyrirhuguðum breytingum á aðalskipulagi á Nónhæð:

# Staðið verði við aðalskipulag

**STJÓRNMÁL** „Þarna er verið að gera grundvallarbreytinguánúgildandi aðalskipulagi úr því að vera útivistar- og þjónustusvæði yfir í að vera íbúðarbyggð. Við teljum það ekki vera rétta stefnu,“ segir Árni Jónsson, formaður samtakanna Betri Nónhæð í Kópavogi.

Stjórn Betri Nónhæðar afhenti yfirvöldum í Kópavogi undirskriftalista í gær þar sem íbúar mótmæla fyrirhuguðum breytingum á aðalskipulagi og þeim byggingum sem kynntar voru fyrir íbúum á fundi í lok júní. Þeir vilja að bæjaryfirvöld standi við fyrirheit sín úr staðfestu aðalskipulagi og staðfestu deiliskipulagi um opið grænt svæði á Nónhæð.

Árni segir ekki raunhæft að setja hátt í þúsund manns á svæðið, sem er mjög þröngt. „Þetta eru tólf til fjórtán hæða blokkir. Við sem búum næst hæðinni verðum í skugga vegna þessara húsa. Þá má einnig búast við aukinni umferð og loftmengun. Okkur finnst bæjaryfirvöld ekki hafa lagt fram neinar lausnir um hvernig þau ætli að bregðast við þessu. Þetta hefur mjög mikil áhrif á íbúana þarna í kring,“ segir Árni.

Lóðirnar sem um ræðir eru Arnarsmári 32 og Arnarsmári 36 (Nónhæð). - lbb



**UNDIRSKRIFTALISTI AFHENTUR** Stjórn Betri Nónhæðar afhenti yfirvöldum í Kópavogi undirskriftalista í gær. Frá vinstri: Kristján H. Ingólfsson, Árni Jónsson, Helgi J. Hauksson, Guðmundur Baldursson, Sigrún Jónsdóttir og Smári Smárason, skipulagsstjóri Kópavogs.

Bandarísk þingnefnd fundar:

# Vilja samstarf um orkugjafa

**UTANRÍKISMÁL Bandarískir þingmenn hafa hug á að efna til og auka samstarf milli Íslands og Bandaríkjanna á sviði endurnýjanlegra orkugjafa. Nefndarmenn áttu fund með Geir H. Haarde forsætisráðherra í gær.**

**Fram kemur í tilkynningu frá forsætisráðuneytinu að þingmennirnir eigi sæti í undirnefnd fjárlaganefndar fulltrúadeildar Bandaríkjaþings sem fjalli um orku- og auðlindamál. Þingmennirnir, sem eru bæði úr Demókrataflokknum og Repúblikanaflokknum, hafi verið áhugasamir um árangur Íslendinga í nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. - bj**


**Fimleikadeild Ármanns**
**Innritun á haustönn 2007**

Innritun og stöðupróf fyrir nýja iðkendur á haustönn fer fram dagana 20.–22. ágúst frá kl.16.00–19.00 í Íþróttahúsi Ármanns í Laugardalnum. Skráning fer fram á www.armenningar.is/fimleikar og á fimleikar@simnet.is. Nánari upplýsingar fást á skrifstofu deildarinnar virka daga milli kl. 15-18 eða í síma 5805909. Ármannsdagur fimleikadeildarinnar verður haldinn sunnudaginn 26. ágúst kl.13.00–16.00 og þar verða afhendar stundaskrár iðkenda og tekið á móti greiðslum fyrir veturinn.



MÆÐGUR STYRKIÐ SAMVERUNA Í SÖNG
VOX FEMINAE
STÚLKNAKÓR REYKJAVÍKUR
GOSPELSYSTUR REYKJAVÍKUR
www.domusvox.is // 511-3737 // Laugavegur 116 Domus vox
SONODAN // FIT


Gæsastofninn er í góðu ástandi í byrjun veiðitímabilsins:

# Aukning í gæsastofninum

**NÁTTÚRA** „Ástand stofnsins er frábært. Varpið hefur tekist mjög vel og ef eitthvað er þá er talsverð aukning í gæsastofninum og þá er ég að tala um grágæs og heiðagæs,“ segir Sigmar B. Hauksson, formaður Skotveiðifélags Íslands.



**SIGMAR B. HAUKSSON**

Gæsaveiðitímabilið hófst í gær en ástæður fyrir góðu ástandi stofnsins segir Sigmar vera mjög gott árferði hér á landi og mildan vetur í Skotlandi.

Hann segir neikvæða þróun hafa átt sér stað varðandi aðgengi fólks að gæsaveiðum. „Það er því miður að verða þannig að gæsaveiðar eru orðnar óaðgengilegar fyrir fólk vegna þess að veiðimenn eru að leigja akra og tún af bændum og þetta er orðið dýrara en áður.“ Sigmar segir að áður fyrr hafi menn einfaldlega rætt við bóndann á bænum og fengið leyfi til að veiða en nú sé öldin önnur. „Nú koma strákarnir í teinóttu fötunum og borga fyrir að veiða á túnunum. Fyrir landlausa Íslendinga, sem eru um 75 prósent þjóðarinnar, er þetta að verða erfiðara,“ segir Sigmar. Hann telur að gæsin verði hér á landi fram í nóvember eða desember. Veiðitímabilið stendur frá 20. ágúst til 15. mars. - lbb



**DÝRT ÁHUGAMÁL** Sigmar B. Hauksson segir að gæsaveiðar séu sífellt að verða óaðgengilegri.


Græn skref í Reykjavík:

Frítt í strætó fyrir framhalds- og háskólanema!

TIL HAMINGJU NÁMSMENN!

Borgin býður framhalds- og háskólanemum í Reykjavík frítt í strætó í vetur. Námsmenn geta nú nálgast sérstök strætókort hjá nemendafélaginu sínu sem gilda út skólaárið 2007 - 2008. Höldum áfram að taka græn skref í átt að betri borg og tökum strætó!

Nánari upplýsingar á rvk.is/betristraeto og á straeto.is




Nánari upplýsingar um Græn skref í Reykjavík á www.reykjavik.is

Reykjavíkurborg

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Gömul kynni endurnýjuð:

# Lundúnafólk hittist á Hólum

**FÓLK** „Í fyrra tók hópur sig saman og heimsótti okkur. Við vorum heppin með veður og gerðum margt skemmtilegt. Því ákváðum við að endurtaka þetta í ár,“ segir séra Jón Baldvinsson, vígslubiskup á Hólum í Hjaltadal.

Hólamót fyrrum Lundúnabúa er nú haldið í annað sinn helgina 24. til 26. ágúst. Á dagskránni er meðal annars óvissuferð, gönguferð og tónleikar í Hóladómkirkju.

Tilgangur mótsins er að endurnýja gömul kynni. „Það væri gaman að sjá sem flesta á meðan húsrúm leyfir,“ segir séra Jón en hann var sendiráðsprestur í London frá 1983 til 2003. - lbb

Verkamennirnir frá Lettlandi sem ekki fengu laun sín greidd:

# Verkfærin enn ekki auglýst

**VINNUMARKAÐUR** Steinar H. Kristinsson, atvinnurekandi og eigandi verktakafyrirtækisins Stokka, auglýsti ekki verkfæri sín til sölu, líkt og hann sagðist ætla að gera í Fréttablaðinu í byrjun mánaðarins.

Hann hefur því enn ekki getað greitt lettneskum starfsmönnum sínum nein laun fyrir júlímánuð.

Mennirnir sjá fram á að vera að mestu félausir út mánuðinn og Haralds Kaulins, einn mannanna, segir þá lifa á eiginkonu sinni.

„Það myndi ekki skila neinu sem máli skiptir að selja verkfærin,“ segir Steinar. „Við þurfum að bíða til 28. ágúst eftir svari frá verktakanum við reikningunum sem við sendum og ég ætla að sjá til þá,“ segir hann.

„Steinar hefur verið hjálpsamur við að skrifa undir skjöl til að við þurfum ekki að borga tvisvar skattana sem hann dró af okkur. Við sleppum vonandi við það,“ segir Haralds.

„Efling er síðan að skoða hvort við getum fengið orlofið okkar greitt. En þetta er ömurlegt ástand, því þótt mennirnir séu komnir í önnur störf eiga þeir enga peninga,“ segir Haralds.

Hann kveður vinnuleigu hafa hjálpað þeim að finna íbúðarhúsnæði. - kóþ



**FYRRVERANDI STARFSMENN STOKKA** Lettarnir hafa engin úrræði til að brúa bilið og fyrrverandi atvinnurekandi þeirra hefur ekki greitt þeim enn. Haralds er lengst til hægri. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Útivist í Viðey:

# Síðasta þriðjudagsgangan

**ÚTIVIST** **Í kvöld er síðasta þriðjudagsganga sumarsins í Viðey en göngurnar hafa verið sérlega vel sóttar. Í þessari lokagöngu mun Guðný Aradóttir stafgönguleiðbeinandi kenna byrjendum réttu tökin við stafgöngu og lengra komnir geta rifjað tæknina upp fyrir veturinn. Samhliða þessu verður leiðsögn um það helsta sem fyrir augu ber.**

**Gangan tekur um tvær klukkustundir og hefst með siglingu úr Sundahöfn korter yfir sjö í kvöld, samkvæmt tilkynningu. Leiðsögnin er ókeypis fyrir utan ferjutoll sem er 800 krónur fyrir fullorðna og 400 krónur fyrir börn.** - ghs



**HAFA SAMEINAST** Eigendur sameinaðs fyrirtækis: Eggert Herbertsson, Björn Ingi Pálsson og Bjarki Jóhannesson.

Sameining á landsbyggðinni:

# Til verður stórt tölvufyrirtæki

**VIÐSKIPTI** **Samhæfni og Tölvuþjónusta Vesturlands hafa sameinast. Tölvuþjónusta Vesturlands rekur tölvuverslanir og verkstæðisþjónustu á Akranesi og í Borgarnesi og er Samhæfni með hliðstæðan rekstur í Reykjanesbæ. Með þessu verður til eitt stærsta fyrirtæki á landsbyggðinni í sölu og þjónustu á tölvubúnaði.**

**„Markmiðið er að veita fyrirtækjum og einstaklingum á Suðurnesjum og Vesturlandi heildarlausnir í upplýsingatækni og bjóða allar helstu tæknivörur og hugbúnaðarlausnir. Einnig rekur fyrirtækið verkstæðis- og tækniþjónustu,“ segir Eggert Herbertsson, framkvæmdastjóri hins nýja félags.** - ghs

Ökumenn sýni aðgát:

# Börnin út í umferðina

**SAMGÖNGUR** Í tilefni af skólasetningu grunnskóla á morgun hefur Landsbjörg gefið út tilkynningu er varðar öryggi barna á leið í skólann.

Í tilkynningunni kemur fram að aldrei sé of mikið gert af því að fræða yngstu vegfarendurna um hvernig öryggi þeirra sé best tryggt á leið í skólann. Þá er farið yfir öryggisatriði eftir því hvernig barnið ferðast í skólann. Leiðbeiningarnar má finna á vefsíðunni www.landsbjorg.is. - lbb

Nýr gagnagrunnur um mat:

# Allt um hitaeiningar

**NEYTENDUR** **Íslenski gagnagrunnurinn um efnainnihald matvæla (ÍSGEM) er nú birtur á netinu í fyrsta sinn. Hann geymir upplýsingar um efnainnihald matvæla á íslenskum markaði. Með því að fara inn á vefinn er hægt að fá upplýsingar um 45 efni í um 900 fæðutegundum. Meðal efnanna eru prótein, fita, kolvetni, vatn, orka, vítamín, steinefni og fjögur óæskileg efni sem eru kvikasilfur, blý, kadmín og arsen.**



**ÍSGEM** Slóðin þar sem gagnagrunninn er að finna er http://www.matis.is/ISGEM/is

**Grunnurinn ætti að stytta áhugafólki um heilbrigðan lífsstíl sporin. Rétt er að vara viðkvæma við því að fletta upp á frönskum kartöflum.** - lbb






Forstjóri Kaffitárs miðlaði af reynslu sinni til namibískra kvenna:

# Hindranirnar í eigin höfði

**VIÐSKIPTI** „Í rauninni var það að tala fyrir framan konurnar í Namibíu ekkert frábrugðið því að tala við íslenskar konur. Það var mikill heiður að fá að vera þarna,“ segir Aðalheiður Héðinsdóttir, forstjóri Kaffitárs.

Aðalheiður ávarpaði namibískar konur í viðskiptalífinu á málþingi sem haldið var í Windhoek, höfuðborg Namibíu. Tilgangur málþingsins var að hjálpa konum að mynda innbyrðis viðskiptatengsl. Á þriðja hundrað konur frá öllum sýslum Namibíu sóttu málþingið.

„Það sem ég lagði áherslu á var að hindranirnar eru bara í okkar eigin höfði og ef við yfirstígum þær er eftirleikurinn auðveldari.“ Aðalheiður segir viðskiptahugsun í Namibíu skammt á veg komna og konurnar sem hún talaði við bundnar í framleiðsluhugsun en hugsa minna um hvað viðskiptavinurinn vildi.

„Nokkrum konum sem ég talaði við fannst sjálfsagt að fólk keypti það sem þær framleiddu. Ég lagði því áherslu á að þær hugsuðu um hvernig þær gætu verið með vandaða og góða vöru sem væri betri en hjá samkeppnisaðilanum.“

Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) styrkti för Aðalheiðar til Namibíu og var jafnframt stærsti styrktaraðili málþingsins. **- lbb**



**AÐALHEIÐUR HÉÐINSDÓTTIR** Aðalheiður í ræðustól á málþinginu í Windhoek í Namibíu.




# Fljúga undan fellibylnum Dean í dag

**Íslendingarnir tíu eru úr allri hættu á fellibyljasvæðinu við Karíbahaf. Níu hafa látið lífið í fellibylnum. Fleiri hundruð manna hafa misst heimili sín. Mikill viðbúnaðar er á Yucatán-skaga í Mexíkó. Íslendingarnir koma heim í dag.**

**NÁTTÚRUHAMFARIR** Íslendingarnir tíu sem áttu á hættu að lenda í fellibylnum kröftuga Dean, á Playa del Carmen nærri Cancún á Yucatán-skaga í Mexíkó, fljúga frá Mexíkóborg til New York í dag. Þetta segir ræðismaður Íslands í Campeche í Mexíkó, Rafael Ruiz Moreno.

Fellibylurinn hefur farið yfir eyjarnar í austurhluta Karíbahafs á meira en tvö hundruð kílómetra hraða síðustu daga. Að minnsta kosti níu manns hafa látið lífið og fleiri hundruð misst heimili sín.

Tugþúsundir ferðamanna hafa flúið frá Yucatán-skaga síðustu daga og hafa yfirvöld í Mexíkó útbúið rúmlega fimm hundruð neyðarskýli fyrir sjötíu þúsund manns í Cancún. Í gær taldi fellibyljamiðstöðin í Miami í Bandaríkjunum að bylurinn myndi fara yfir Yucatán-skagann á 260 kílómetra hraða í dag.

Einn af Íslendingunum tíu, Eva Sólan, taldi á sunnudaginn að Íslendingarnir myndu þurfa að bíða bylinn af sér í einu af neyðarskýlunum. Hún sagði að þeim stæði eðlilega ekki á sama að þurfa að dvelja áfram á Yucatán meðan bylurinn kröftugi færi yfir svæðið.

Síðdegis á sunnudag sendi Rafael Ruiz ræðismaður rútu til að ná í Íslendingana á Playa del Carmen. Sendiráð Íslands í Washington hafði haft samband við Ruiz og beðið hann að aðstoða Íslendingana við að komast frá Cancún. Rútan flutti Íslendingana til Campeche á sunnudag þar sem þeir gistu. Rafael Ruiz segir að ekki hafi verið hægt að finna flug handa Íslendingunum í Campeche í gær og því hafi þeir farið áfram með rútunni til borgarinnar Villahermosa og þaðan með flugi til Mexíkóborgar þar sem þeir gistu í nótt.

Að sögn Egils Arnarsonar, eiganda Trans-Atlantic ferðaskrifstofunnar, en Íslendingarnir eru í vegum hennar í Mexíkó, munu Íslendingarnir fljúga frá Mexíkóborg til New York í Bandaríkjunum klukkan sjö að staðartíma í dag. Íslendingarnir munu svo fljúga frá New York til Íslands í kvöld. Egill segir að erfiðlega hafi gengið að finna flugsæti fyrir Íslendingana, því að svo margir séu að reyna að flýja undan fellibylnum mannskæða, en að endanum hafi það gengið.

Aðalræðismaður Íslands í Mexíkó, Eduardo Rihan, segist ekki vita til þess að fleiri Íslendingar séu í hættu í landinu.
**ingifreyr@frettabladid.is**


**HORFT Á EYÐILEGGINGUNA** Íbúar í Bullbay á Jamaíka horfa á eyðilegginguna eftir fellibylinn Dean sem fór yfir eyjuna í fyrradag og í gær. Neyðarástandi hefur verið lýst yfir í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.039 **+3,13%**

**Fjöldi viðskipta:** 1262
**Velta:19,980** milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| EXISTA | 5,71% |
| ATLANTIC PETR. | 3,79% |
| GLITNIR | 3,55% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| FLAGA | 4,68% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 9,05 +2,84% ... Bakkavör 66,50 +1,68% ... Eimskipafélagið 39,15 +0,26% ... Exista 32,40 +5,71% ... FL Group 25,25 +1,00% ... Glitnir 27,75 +3,55% ... Icelandair 26,00 +1,37% ... Kaupþing 1.127 +3,40% ... Landsbankinn 39,90 +2,97% ... ... Straumur-Burðarás 19,90 +2,58% ... Össur 107,00 +2,39% ... Teymi 5,31 +0,76%

**viðskipti**
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Yfir átta þúsund stigin á nýjan leik

**Mesta hækkun Úrvalsvísitölunnar frá því í ársbyrjun 2006 var í gær. Vísitalan hækkaði um 3,13 prósent í viðskiptum dagsins.**

Hlutabréfamarkaðurinn var fjárfestum enn betri í gær en á föstudaginn og rauf Úrvalsvísitalan átta þúsund stiga múrinn á nýjan leik. Hækkaði vísitalan um 3,13 prósent í viðskiptum gærdagsins, sem er mesta hækkun hennar síðan 5. janúar í fyrra. Endaði hún daginn í 8.039 stigum.

Evrópsk hlutabréf hækkuðu einnig annan daginn í röð eftir að sérfræðingar mæltu með kaupum á hlutabréfum í fjármálafyrirtækjum og fjárfestar töldu það versta væri yfirstaðið á lánamörkuðum.

Segja má að það sama hafi verið uppi á teningnum heima á Fróni. Fjárfestar virðast hafa talið að botninum hefði verið náð á fimmtudaginn og sáu kauptækifæri í hlutabréfum fjármálafyrirtækja. Eins og á föstudaginn hækkuðu bréf í Existu mest eða um 5,7 prósent. Glitnir og Kaupþing hækkuðu hvor um sig um 3,5 prósent.

Gengi bréfa í Landsbankanum hækkaði um þrjú prósent og um 2,6 prósent í Straumi. Velta gærdagsins var mikil, um tuttugu milljarðar króna og var mest verslað með bréf Kaupþings.

Frá því að Úrvalsvísitalan náði á fimmtudaginn sínu lægsta gildi frá því snemma í apríl hefur hún hækkað um 6,2 prósent. **- eþa**

**MESTU HÆKKANIR FRÁ ÞVÍ Á FIMMTUDAGINN**

| Félag | Gengisþróun |
|---|---|
| Exista | 11,0% |
| Kaupþing | 6,7% |
| Landsbankinn | 6,4% |
| Bakkavör | 5,7% |
| Straumur-Burðarás | 5,6% |
| Atlantic Petroleum | 4,5% |
| Össur | 4,4% |
| Atorka Group | 4,4% |
| FL Group | 4,3% |
| Glitnir | 4,3% |
| Icelandair Group | 3,8% |
| Eik Banki | 3,7% |
| Hf. Eimskipafélagið | 3,2% |

* Færeysku félögin leiðrétt fyrir gengisþróun krónunnar.

# MK One tapaði 2,9 milljörðum

Breska verslanakeðjan MK One, sem er að meirihluta í eigu Baugs, tapaði í fyrra 21,4 milljónum punda, eða tæpum 2,9 milljörðum króna, samkvæmt nýbirtum rekstrarreikningum.

Í umfjöllun Times um málið er Baugur sagður hafa greitt 15 milljónir punda til félagsins í fyrra, eða um tvo milljarða. Þá breytti Landsbankinn samkvæmt heimildum Fréttablaðsins um 20 milljóna punda skuld keðjunnar í hlutafé. Baugur keypti keðjuna á 55 milljónir punda árið 2004.



**GUNNAR SIGURÐSSON** Forstjóri Baugs segir samkeppni meðal lágvöruverðsfatabúða í Bretlandi.

Gunnar Sigurðsson forstjóri Baugs segir að gripið hafi verið til margvíslegra aðgerða, svo sem að skipta um stjórnendateymi og endurfjármagna keðjuna. Baugur á nú 60 prósent í keðjunni og Landsbankinn 40 prósent.

Hluta af tapi síðasta árs segir Gunnar vera afskriftir, svo sem á viðskiptavild, og er bjartsýnn um framhaldið. „Í fyrra hafði verið samdráttur í sölu búð fyrir búð og við ekki ánægðir með hvar félagið var statt.“ Hann segir sölu hins vegar hafa aukist á ný og segir að á næstu tólf mánuðum stefni í að takist að snúa félaginu í „góðan hagnað“. **- óká**

# Bjartsýnir þrátt fyrir samdrátt

**Hagnaður Macy‘s, einnar þekktustu stórverslunar í Bandaríkjunum, nam 74 milljónum dala, jafnvirði rúmra 4,9 milljarða íslenskra króna, á öðrum ársfjórðungi, sem lauk í byrjun ágúst.**

**Til samanburðar nam hagnaðurinn 317 milljónum dala á sama tíma í fyrra. Þetta er 77 prósenta samdráttur á milli ára og kenna stjórnendur verslunarinnar því um að neytendur haldi að sér höndum í versnandi efnahagsumhverfi.**

**Macy‘s er þriðja stórverslunin í Bandaríkjunum til að greina frá samdrætti. - jab**

# Enn hækkar íbúðaverð

Íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 1,4 prósent milli júní og júlí, samkvæmt tölum frá Fasteignamati ríkisins. Verð á íbúðum hefur hækkað um 11,7 prósent það sem af er ári.

Fram kemur í umfjöllun greiningardeildar Glitnis að hækkunina milli mánaða megi rekja til verðhækkunar á fjölbýliseignum, sem hafi hækkað um tæp tvö prósent milli mánaða. Þá segir að aðstæður til húsnæðiskaupa hafi verið hagstæðar á árinu og umsvif á fasteignamarkaði sjaldan meiri en nú fyrri hluta sumars. **- jsk**



## „ORÐRÉTT“

### Hurð Egils hlíft

**„Manni skilst að meira að segja lögreglan hafi hætt sér út úr húsi um nóttina og að sama skapi hafi óvenju lítið farið fyrir ólæði - óskandi að hurðamígararnir hafi haldið í sér.“**

GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON UM VELLUKKAÐA MENNINGARNÓTT.

**Fréttablaðið 20. ágúst**

### Ræktar sál og líkama

**„Ég var orðinn feitur og slappur, en nú hef ég misst 12 kíló.“**

SÉRA EGILL HALLGRÍMSSON, DREIFINGARAÐILI HERBALIFE, UM VÖRURNAR.

**DV 20. ágúst.**

# tilveran

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** VALDIMAR ÖRN FLYGENRING, LEIKARI OG AFHAFNAMAÐUR

## *Flytur á Syllu í Hvalfirði*



„Ég var að koma úr sumarfríi af frönsku rívíerunni. Það var alveg geggjað enda held ég að þetta sé fallegasti staður á jarðríki fyrir utan Þingvelli á góðum degi,“ segir Valdimar Örn Flygenring, leikari og athafnamaður.

„Svo er ég að fara leika í Heddu Gabler í Tjarnarbíói en þar fer ég með hlutverk Eilert Løvborg. Ég hef ekki áður leikið í verki eftir Ibsen en ég sagði nú upp í Þjóðleikhúsinu á sínum tíma til að geta haft meira um hlutverk mín að segja.

Við vorum svo að opna hestabúðina Hestar og menn í Ögurhvarfi og mikið stúss hefur fylgt því. Þá hef ég líka unnið að einbýlishúsi sem verið er að leggja lokahönd á uppi í Hvalfirði. Það er svo stefnt á að flytja þangað innan skamms. Húsið er ekki langt frá Meðalfellsvatni og fallegt í kring. Það er svo gaman að segja frá því að þetta er um 200 fermetra hús sem systir mín teiknaði. Gluggarnir eru stórir þannig að útsýnið í kring fær vel að njóta sín,“ segir Valdimar. Hann segir sífellt fleiri nú renna hýru auga til Hvalfjarðar þó að sá staður hafi ekki verið eftirlæti ökumanna áður fyrr. Svæðið sé orðið eitt best geymda leyndarmál höfuðborgarsvæðisins. Húsið segir hann hafa hlotið nafnið Sylla og sé það í fyrsta sinn sem bær hljóti það heiti. „En svo veit maður aldrei hverju maður tekur upp á. Möguleikarnir eru svo margir. Kannski flytur maður bara út eins og svo margir aðrir sem hafa fengið nóg af ruglinu og peningahyggjunni hér á landi, nú eða skellir sér í nám á Bifröst.“

## ASKJA:

### KONUNGLEG GRÖF



Kona slasaðist þegar grjót hrundi á hana í Víti við Öskju nýlega. Öskjuvatn er dýpsta stöðuvatn á Íslandi, ríflega 220 metrar. Öskjuvatn varð til við jarðfall í eldsumbrotum 1875 og sömuleiðis Víti sem er sprengigígur. Askja í Dyngjufjöllum á sér dularfulla og harmþrungna sögu. Í byrjun síðustu aldar fór hópur þýskra vísindamanna inn í Öskju til rannsókna. Tveir Þjóðverjanna hurfu sporlaust og var talið að þeir hefðu drukknað. Unnusta annars mannsins kom hingað til lands ári síðar til að leita hans, en fann ekkert. Hún taldi að þeim hefði verið búin „konungleg gröf“ í þessu „tígulega bjarta fjallavatni“,


Mosaic Fashions hf

# Innlausn á hlutum í Mosaic Fashions hf.

**Tessera Holding ehf.**, kt. 410607-1310, sem er hluthafi í Mosaic Fashions hf., kt. 550405-0320, og **stjórn Mosaic Fashions hf.** hafa ákveðið að aðrir hluthafar í Mosaic Fashions hf. en samstarfsaðilar um yfirtökutilboð í Mosaic Fashions hf. skuli sæta innlausn Tessera Holding ehf. á hlutum sínum, sbr. 1. mgr. 47. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfaviðskipti.

Tessera Holding ehf. og samstarfsaðilar um yfirtökutilboð í Mosaic Fashions hf. eiga meira en 90% hlutafjár í Mosaic Fashions hf. og ráða yfir samsvarandi atkvæðamagni. Innlausnin tekur til annarra hluthafa en Tessera Holding ehf. og samstarfsaðila sem skráðir eru í hlutaskrá Mosaic Fashions hf. í lok dags þann 17. ágúst sl. Þeim hluthöfum hefur verið send þessi tilkynning auk þess sem hún er birt í dagblöðum í samræmi við 47. gr. laga nr. 33/2003. Hluthafar í Mosaic Fashions hf., sem eiga hluti sem innlausn tekur til, eru hvattir til að framselja Tessera Holding ehf. hluti sína í félaginu innan 4 vikna frá dagsetningu þessarar tilkynningar.

Innlausnarverð er 17,5 kr. fyrir hvern hlut. Það er sama verð sem Tessera Holding ehf. bauð í yfirtökutilboði sem hófst þann 9. júlí sl. og er hæsta verð sem Tessera Holding ehf. og samstarfsaðilar hafa greitt fyrir hluti í Mosaic Fashions hf. á síðustu 6 mánuðum áður en yfirtökutilboðið var lagt fram.

Til að framselja Tessera Holding ehf. hluti sína í Mosaic Fashions hf. þurfa hluthafar að fylla út eyðublað um framsal á eignarrétti hluta sem hefur verið sent þeim ásamt þessari tilkynningu. Útfyllt framsalseyðublað verður að berast Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík, ásamt upplýsingum um bankareikning sem leggja skal andvirði hinna innleystu hluta inn á, fyrir kl. 16:00 mánudaginn 17. september 2007. Andvirði hluta sem innlausnin tekur til verður greitt að loknum framangreindum fresti. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar bankans í síma 444-7000.

Andvirði framseldra hluta samkvæmt ofangreindu verður lagt inn á þann bankareikning sem hluthafi tiltekur í framsali nema hann óski eftir því að andvirðinu verði ráðstafað með öðrum hætti.

Andvirði hluta sem ekki verða framseldir Tessera Holding ehf. innan 4 vikna frá dagsetningu þessarar tilkynningar verður greitt inn á geymslureikning á nafni rétthafa, sbr. 2. mgr. 47. gr. laga nr. 33/2003. Frá þeim tíma telst Tessera Holding ehf. réttur eigandi hinna geymslugreiddu hluta.

*Reykjavík, 20. ágúst 2007*
*Fyrir hönd Tessera Holding ehf.*
*og stjórnar Mosaic Fashions hf.*

*Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf.*

KAUPÞING



512 50 50
Auglýsingasími
– Mest lesið




**SEGIR AÐRA EINS HLJÓMSVEIT EKKI TIL** Hljómsveitarmeðlimirnir Hlynur Þór, Björk, Sindri Már og Hörður Már eru sannfærð um að þau skipi eina bandið í veröldinni sem samanstanda af rauðhærðri stelpu, albínóa og tvíburum sem öll eru frændsystkini og hafa blindan umboðsmann.

# Albínói, rauðhaus, tvíburar og blindur umbi

**Rauðhært fólk vekur jafnan eftirtekt, sömuleiðis tvíburar, blint fólk þykir flestum einnig forvitnilegt og albínóar eru svo einstakur happafengur fyrir þá sem hafa áhuga á margbreytileika mannflórunnar. Þegar allar þær manngerðir sem nefndar eru að ofan koma saman syngjandi með Napoleon staldra flestir við.**

„Ég þori nú að veðja háum fjárhæðum upp á það að eins samsetta hljómsveit er ekki hægt að finna í veröldinni,“ segir Hlynur Þór Agnarsson, aðalsöngvari hljómsveitarinnar Napoleon.

„Sjálfur er ég albínói og hafði spilað í um þrjá ár með frændum mínum sem eru tvíburar í hljómsveit sem við kölluðum The Lost Toads,“ útskýrir Hlynur.

Í byrjun sumars ákváðu hljómsveitarmeðlimir svo að skipta um nafn á bandinu og úr því varð að frænka þeirra bættist í hópinn. „Okkur þykir hún náttúrlega ægilega skrýtin þar sem hún er rauðhærð og býr í Hafnarfirði,“ segir Hlynur. Hann bætir þá við að í gegnum starf sitt í ungliðahreyfingu Blindrafélagsins hafi hann kynnst Bergvini Oddssyni, sem er nú umboðsmaður hljómsveitarinnar.

Tónlistin sem þau flytja segir Hlynur ekki síður fjölbreytilega. „Við förum alveg frá Bjögga Halldórs og Harðsnúnu Hönnu til

> Við áttum það samt til að vera svolítið óheppin með tímasetningar. Til að mynda var einhver stærðarinnar hátíð á Reyðarfirði þegar við spiluðum í Neskaupstað. Því mættu bara þrettán manns á ballið og enginn dansaði af þeim allt kvöldið.
>
> **HLYNUR ÞÓR AGNARSSON**
> AÐALSÖNGVARI NAPÓLEON

Britney og þaðan upp í Metallica. Í raun flest það sem við teljum að fái fólk til að dansa á böllum. Við semjum líka okkar eigin tónlist en það er nú þannig að fólk vill bara hlusta á slagara sem það þekkir mjög vel þegar það mætir á sveitaböll,“ segir Hlynur kankvíslega.

Skemmtilegasta ball sumarsins segir Hlynur hafa verið á heimahögum Napoleons á Kirkjubæjarklaustri. „Við áttum það samt til að vera svolítið óheppin með tímasetningar. Til að mynda var einhver stærðarinnar hátíð á Reyðarfirði þegar við spiluðum í Neskaupstað. Því mættu bara þrettán manns á ballið og enginn dansaði af þeim allt kvöldið. Þeir bættu okkur það þó upp með því að bjóða okkur í skemmtilegt partí á eftir.“

Hlynur lofar þeim sem hafa nú þegar heyrt í Napóleon því að meira sé í vændum frá hljómsveitinni þó allir karlkyns meðlimir hennar séu að fara á lokaár í Versló á næstunni. „Það gleymir okkur að minnsta kosti enginn.“

karen@frettabladid.is



Fágun og öryggi
Aðalsmerki E-Class eru fágun, þægindi og öryggi sem hefur tryggt honum betri einkunnir í akstursprófunum en dæmi eru um. E-Class státar nú af háþróuðu stöðugleikakerfi og skynvæddum ljósabúnaði (Intelligent Light System) sem tryggir þér tvöfalt betri sýn fram á veginn. Það er í takt við hvað Mercedes-Benz hefur alltaf haft að leiðarljósi, að vera skrefi á undan.
Bjóðum nú E200 K frá kr. 4.390.000*
* Beinskiptur með Íslandspakka. Gengi miðast við ágúst 2007
Mercedes-Benz
S OR 6882
ASKJA
ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is
ASKJA er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi.

## Svona erum við

> Hlutfall Íslendinga sem kaupa vörur og þjónustu gegnum netið




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**EFTIRMÁL:** STRAND WILSON MUUGA Í HVALSNESFJÖRU Í SANDGERÐI

# *Lítið vitað um áhrifin á náttúruna*

Flutningaskipið Wilson Muuga, sem strandaði í Hvalsnesfjöru um miðjan desember í fyrra, hefur verið í slipp í Beirút, höfuðborg Líbanon, síðustu mánuði. Búist er við að talsverðar viðgerðir þurfi að fara fram á skipinu en að þeim loknum verði það áfram notað til efnisflutninga og þá sennilega fyrst og fremst á Svartahafi. Skipið var selt til Líbanon eftir að hafa verið bjargað af strandstað í vor. Það heitir nú Karim.

**Af hverju var skipið selt til Líbanon?**
Wilson Muuga strandaði í Hvalsnesfjöru og stóð þar fram á vor. Skipið var dregið af strandstað í apríl eftir að töluverð vinna hafði verið lögð í að þétta botn þess. Skipinu var siglt til Hafnarfjarðar þar sem það lá við norðurbakkann fram í júní meðan eigendur þess ákváðu hvað gera skyldi við skipið. Wilson Muuga var í eigu norsks skipafélags sem Nesskip áttu hlut í. Skipið var gamalt og hafði orðið fyrir miklu tjóni. Það var því selt úr landi.

**Hver urðu eftirmál strandsins?**
Eftirmál strandsins urðu ýmisleg en engin alvarleg eftirmál urðu í náttúrunni eftir því sem vitað er. Sandgerðingar og stjórnendur Náttúrustofu Reykjaness höfðu áhyggjur af lífríkinu á og við strandstað, til dæmis fuglalífinu í nágrenninu, en aðeins fannst einn stór olíublettur í fjörunni eftir strandið og örfáir dauðir fuglar. Vindur stóð af landi mestallan tímann og því ekki vitað hvað hefur borist út á haf en olíublautir fuglar sáust í Garðsjó. Svo virðist sem náttúran hafi brotið ótrúlega hratt niður olíuna sem lak úr skipinu.

Bæjaryfirvöld í Sandgerði hafa ekki fengið neinar athugasemdir vegna náttúruspjalla nýverið. Samkomulag um frágang og hreinsun svæðisins náðist í tengslum við umhverfisráðuneytið og hafa bæjaryfirvöld ekki orðið vör við neina óánægju hjá landeigendum eftir það. Eftir strandið hófst umræða um skaðabótaskyldu í málum af þessu tagi og hafa siglingalög til dæmis verið endurskoðuð.



## SPURT & SVARAÐ
FRAMTÍÐARORKA


TEITUR ÞORKELSSON

### *Leiðir saman sérfræðinga*

Um miðjan september verður haldin ráðstefna nokkurra sérfræðinga um vistvænar lausnir í samgöngum. Teitur Þorkelsson er framkvæmdastjóri Framtíðarorku, sem stendur að baki ráðstefnunni.

**Hvað er Framtíðarorka?**
„Framtíðarorka er fyrirtæki sem stofnað var í kringum þessa ráðstefnu um vistvænar lausnir í samgöngum á Íslandi. Hún hefur það að markmiði að auka hlut vistvænna bíla og eldsneytis hér á landi. Við viljum vekja almenning, stjórnvöld og einkageirann til vitundar um lausnir í þessum málum.“

**Hvað gerir fyrirtækið?**
„Við skipuleggjum ráðstefnuna og tengjum þannig saman alþjóðlega og innlenda sérfræðinga í þessum málum. Að virkja þá sem geta tekið ákvarðanir til að ýta þessum málum áfram. Það eru alltaf allir að bíða eftir einhverjum öðrum en við ákváðum að leiða þá saman. Þetta má sjá betur á www.driving.is.“

**Hvert er markmiðið?**
„Markmiðið er að Ísland verði fremst á þessu sviði og að Reykjavík verði höfuðborg hreinnar orku.“

# Ráðuneytin með í ráðum alla tíð

**Samgönguráðherra óttast að Grímseyjarferjan, sem átti að kosta 140 til 160 milljónir króna árið 2005, muni kosta skattgreiðendur allt að 600 milljónir. Forstjóri Vegagerðarinnar segir að ef til vill hafi kostnaður við ferjuna aldrei legið fyrir. Hann tekur ábyrgð á málinu fyrir sitt leyti. Ráðuneyti samgangna og fjármála hafi hins vegar verið með í ráðum allan tímann.**


**KRISTJÁN L. MÖLLER SAMGÖNGURÁÐHERRA VIÐ GRÍMSEYJARFERJUNA** Vegagerðin hefur nú þegar eytt 400 milljónum í fleyið og þar á bæ er talið að miklu meiri peningum þurfi að eyða í hana. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Árni M. Mathiesen, sem hefur farið með stjórn fjármálaráðuneytis allan Grímseyjarferjuferilinn, hefur gagnrýnt skýrslu Ríkisendurskoðunar um hann. Árni undrast til að mynda að gerð hafi verið athugasemd við að fjármunir hafi verið færðir milli verkefna. Það sé „viðurkennt verklag“ að nýta ónýttar heimildir stofnana til annarra verka. Ríkisendurskoðun hyggst svara gagnrýni ráðherra í vikunni.

Núverandi samgönguráðherra hefur bent á ráðgjafa Vegagerðarinnar og sagt honum um að kenna. Ráðherrann svaraði ekki beiðni um viðtal í gær.

Sturla Böðvarsson, fyrrverandi samgönguráðherra, hefur aftur á móti játað á sig hluta ábyrgðar, en afar takmarkaða þó. Ekki náðist í Sturlu í gær.

Eini maðurinn sem hefur verið fús til að viðurkenna að stofnun sín hafi ef til vill gert mistök er Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri. Hann féllst á viðtal við blaðið.

***Er það viðtekin venja hjá Vegagerðinni að flytja kostnaðarliði milli málaflokka?***

„Þetta hefur svo sem oft verið gert ef verk á fjárveitingu dragast af einhverjum orsökum. Það geta verið deilumál eða að undirbúningur hafi tekið meiri tíma en áætlað var. Síðan eru önnur, sem eru tilbúin, en átti ekki að byrja á fyrr en árið eftir. Þá er það þekkt að flytja þannig á milli. Svo er það greitt til baka af fjárveitingu verksins sem fékk lánið.“

Vegagerðin hefur til þessa heimild frá Alþingi, að mati Jóns.

„Við höfum fengið þessar heimildir við afgreiðslu á vegaáætlun. Árið 2003 var í áliti samgöngunefndar [um vegaáætlun] sérstaklega fjallað um þetta fyrir Alþingi. Hvort Ríkisendurskoðun telur þetta [þá heimild] standast ströngustu kröfur er svo annað mál.“

***Fjármálaráðherra hefur aftur á móti fullyrt að „skýrar heimildir“ séu í fjárreiðulögum til þess að færa fé milli verkefna með þessum hætti?***

„Ég vil ekki túlka fjárreiðulögin að sinni, enda er ég kannski ekki fær um það. Ríkisendurskoðun og fjármálaráðuneyti verða að ræða þetta sín á milli.“

***En þýðir heimild samgöngunefndar að þið hafið sjálfdæmi um hversu mikið fé fer í hvert verk hverju sinni?***

„Nei, við höfum aldrei neitt sjálfdæmi. Samgönguráðuneytið hefur alltaf verið með í ráðum þegar svona er gert og var það í þessu tilfelli, ásamt fjármálaráðuneytinu.“

***Hvenær vissuð þið að ferjan yrði svona dýr?***

„Við höfum kannski aldrei vitað hversu dýrt þetta yrði því verkáætlanir hafa stöðugt verið að fara úr skorðum. Nú erum við alveg hætt að spá fyrir um kostnaðinn. Við þorum því ekki fyrr en þessu er lokið. Áætlanirnar hafa ekki staðist.“


JÓN RÖGNVALDSSON

Sex dögum áður en ferjan var keypt, í nóvember 2005, var rætt um 250 milljóna króna kostnað við ferjuna á fundi Vegagerðarinnar og beggja ráðuneyta. Jón man ekki eftir fundinum sjálfum, en segir að forsendur á seinni hluta árs hafi verið aðrar en þegar rætt var um 150 milljóna krónu ferju í apríl í minnisblaði til ráðuneytisins. „Þá var gert ráð fyrir miklu meiri breytingum á skipinu og að það yrði að sumu leyti endurbyggt.“

Jón segir að gagnrýnt hafi verið að nýrri kostnaðaráætlunin hafi ekki fengið nógu formlega meðferð. Hins vegar sé „enginn vafi á því að samgönguráðuneytið var látið vita.“

***Samgönguráðherra hefur varpað ábyrgðinni á ráðgjafa Vegagerðarinnar. Hvaða ábyrgð ber hann fyrst vitað var alla tíð að verkið færi mikið framúr áætlun?***

„Að mínu mati getur ráðgjafi ekki verið ábyrgur. Ég eða Vegagerðin hljótum að bera ábyrgð á því hvernig farið er með upplýsingar frá okkur.“

Spurður segir Jón það vel geta verið að ráðherra (sem nýtti upplýsingarnar) beri að auki ábyrgð á gjörðum sínum og undirstofnunum. Hann leggi ekki mat á það.


FRÉTTAVIÐTAL
KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON
klemens@frettabladid.is

## STURLU ÞÁTTUR BÖÐVARSSONAR

Sturla Böðvarsson var samgönguráðherra allan feril málsins. Hann sendi frá sér yfirlýsingu vegna þess fimmtudaginn 16. ágúst. Sturla sagði meðal annars að þótt „endanleg ábyrgð á því [sé] vissulega ráðherrans,“ væri „yfirsýn vegna framvindu einstakra verkefna af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir [...] auðvitað óhugsandi.“ Samgönguráðuneytið er því, að mati Sturlu, of stórt fyrir ráðherra að bera ábyrgð á fjárútlátum þess.

Sturla sagði einnig í yfirlýsingunni að „kostnaðaráætlanir reyndust mjög óraunhæfar miðað við þær endurbætur sem nauðsynlegt var að ráðast í“.

Samkvæmt fundargerðum Vegagerðarinnar, sem vitnað er til í Blaðinu hinn 18. ágúst, var Jóhann Guðmundsson, skrifstofustjóri samgönguráðuneytisins, viðstaddur fund þar sem ljóst þótti að kostnaður færi langt fram yfir áætlun. Hann gæti numið 250 milljónum og sagt að heildarkostnaður væri „engan veginn ljós“. Þetta var í nóvember 2005.


STURLA BÖÐVARSSON

Í yfirlýsingu sinni sagði Sturla hins vegar ekkert um hvers vegna ekki var gripið inn í gang mála, þegar þar var komið við sögu.

Í september 2005 bað samgönguráðuneytið að auki Siglingastofnun um álit á hentugleika nýju ferjunnar. Þar sagði meðal annars að ástand hennar væri „hrörlegt“ og að full ástæða væri til að gera ráð fyrir þessu við kostnaðarmat. Sturla minntist ekki á þetta í yfirlýsingu sinni. Ekki náðist í Sturlu í gær.

Innköllun skuldabréfa Kaupþings banka hf., 1. flokkur 2002.

Með vísan til ákvæða 1. skuldabréfaflokks Búnaðarbanka Íslands hf. árið 2002 (KAUP 02 1A, áður BUN 02 1; ISIN IS0000007474), þá mun útgefandi, nú Kaupþing banki hf., nýta rétt sinn skv. skilmálum bréfanna til að innkalla öll skuldabréf í umræddum flokki. Innköllunin tekur gildi þann 1. desember 2007. Skuldin verður greidd í samræmi við skilamála bréfanna. Greiðslustaður skuldabréfanna er hjá Kaupþingi banka, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, sími 444 6000. Vísað er að öðru leyti til skilmála bréfanna.

KAUPÞING

# MAX RAFTÆKI

## 3ja ára KASKÓ

### ALTRYGGING FYLGIR



**Acer Aspire 5633WLMi-1G80**
- 1.67Ghz Intel Core 2 Duo T5500 örgjörvi
- 1GB vinnsluminni, 80GB harðdiskur
- DVD+/-RW skrifari, 15,4" CrystalBrite skjár (1280x800)
- Intel GMA950 128MB skjákort
- Þráðlaust a/b/g netkort
- Windows Vista Home Premium
- **3ja ára fartölvutrygging að verðmæti kr. 20.000 fylgir með frítt!**

**Raðgreiðslur**

# 3.325 kr.

**að meðaltali á mánuði í 36 mánuði**

**84.989 kr.**
**staðgreitt**

**3ja ára KASKÓ**

**ALTRYGGING FYLGIR FRÍTT MEÐ VÖLDUM FARTÖLVUM**

Fartölvu Kaskótrygging frá VERÐI bætir tjón sem stafar af: skyndilegum og óvæntum óhöppum í notkun, flutningi eða geymslu, innri vélrænum bilunum svo og innbroti. Nánari upplýsingar um trygginguna veita sölumenn hjá MAX og hjá VERÐI.

vörður

**Seljum yfir 30 gerðir af fartölvum**

acer ASUS lenovo SONY hp FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Frábær tækjakaup

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200
**Við erum beint á móti IKEA**

MAX

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Lögsögukröfur Rússa í Norður-Íshafi og aukin hernaðarumsvif á norðurslóðum:

## Bitizt um auðlindir norðursins

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Athygli ráðamanna í þeim löndum sem ráða yfir landsvæðum sem næst liggja Norðurheimskautinu beinist nú í auknum mæli að þessum kalda heimshluta. Til vitnis um þennan áhuga er til að mynda endurnýjuð krafa Rússa um efnahagslögsöguleg yfirráð yfir mjög stórum hluta hafsbotnsins í Norður-Íshafi og aukin hernaðarumsvif þeirra norður í höfum eins og Íslendingar urðu vitni að á dögunum. Yfirlýsingar kanadískra ráðamanna um tilkall til fullra yfirráða yfir Norðvestur-siglingaleiðinni svonefndu, sem er að opnast vegna ísbráðnunar, bera þessum áhuga einnig glöggt vitni, sem og áherzla norskra stjórnvalda á svonefnda norðurslóðastefnu, sem efling norska flotans með smíði nýrra freigátna er liður í.

Margt veldur þessum fókus á norðurslóðir. Orkuhungur heimsbyggðarinnar er þar mikill drifkraftur, en gizkað er á að um fjórðung ónýttra olíu- og gaslinda heimsins sé að finna í norðurhöfum. Hlýnun loftslags og bráðnun heimskautsíssins er önnur meginástæðan, en bráðnunin getur haft margvísleg áhrif á heiminn allan. Hún opnar jafnframt nýja möguleika, svo sem á leit eftir olíu og gasi og öðrum auðlindum í jörðu á slóðum þar sem slíkt var áður ekki tæknilega mögulegt. Hún opnar ennfremur möguleikann á því að nýjar siglingaleiðir opnist norður fyrir meginlöndin og stytti þar með til muna flutningaleiðir milli heimshafanna.

Eðlilegt er að Íslendingar fylgist náið með þessari þróun og vaki yfir eigin hagsmunum. Aðild Íslands að Norðurskautsráðinu gagnast til þess, sem og að fleiri fjölþjóðlegum stofnunum sem láta sig málefni norðurslóða varða. Norðurlandasamstarfið er einnig mjög mikilvægt í þessu sambandi; með því að stilla saman strengi geta Norðurlöndin í sameiningu átt í fullu tré við risana í Norðurskautsráðinu – Rússland og Bandaríkin.

Danir halda úti herstöð nyrst á Grænlandi – Station Nord – til þess eins að viðhalda tilkalli sínu (eða réttar sagt Grænlendinga) til efnahagslögsögunnar út frá ströndum Grænlands í Norður-Íshafi. Norðmenn telja Svalbarða vera norskt yfirráðasvæði en á þeim grundvelli nær hafsvæðið í Norður-Atlantshafi, sem Norðmenn annast löggæzlu á, yfir tvær milljónir ferkílómetra, allt milli Íslands og Norðurskautsíssins.

Kröfur Rússa um framlengingu sinnar lögsögu út frá ströndum Síberíu alveg norður að heimskautinu sjálfu – á þeirri forsendu að Lomonossov-hryggurinn þar á hafsbotninum sé beint framhald af landgrunni rússneska meginlandsins – markar upphafið að nýrri lotu þjóðaréttarlegra átaka um þennan tiltölulega stóra blett á jarðarkringlunni, sem fram að þessu hefur að mestu fengið að vera í friði fyrir ágengni mannanna, burtséð frá einstaka ævintýra- eða rannsóknaleiðangri. Með hina viðkvæmu náttúru norðurslóða í huga er vonandi að þessum átökum linni farsællega og eins og áður segir er eðlilegt að Íslendingar fylgist vel með þróuninni og reyni að leggja sitt af mörkum til að móta framtíð Norðurskautssvæðisins.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Rakavarnarplast, plastdúkar og þéttibönd á frábæru verði



Verð aðeins: 5.940 kr. pr. 100 m²

Raka- og vatnsþéttiefnin frá Múrbúðinni eru **vottuð** hágæða vara á sérlega hagstæðu verði.




MÚRBÚÐIN

Byggingavöruverslunin í Árbænum

Klettháls 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Akureyri – Húsavík

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Forsetar funda

Nokkuð var um að vera hjá Ólafi Ragnari Grímssyni síðasta fimmtudag, þegar hann fundaði með hverjum forsetanum á fætur öðrum. Ekki voru þetta þó forsetar ríkja sem um ræðir, heldur mun alþjóðlegri menn.



Forsetinn átti bæði fund með Alþjóðaforseta Lions, Mahendra Amarasuriya frá Srí Lanka, og Heimsforseta JC, Scott Greenlee. Ólafur Ragnar hlýtur að vera orðinn nokkuð fróður um þátttöku ungs fólks í svona félagsstarfi eftir daginn, því við báða forsetana var rætt um hvernig auka mætti þátttöku yngra fólks í hreyfingunni.

### Reykjavíkurmaraþon gleymt

Litla Fréttastofa Jóns Axels Ólafssonar vekur athygli á því að fjölmiðlar fjölluðu allir um Glitnismaraþonið um helgina, en heiti Reykjavíkurmaraþonsins virðist gleymt og tröllum gefið. Fyrrverandi bankastjóri Glitnis, Bjarni Ármannsson, hefur ekki gleymt þessu áhugamáli sínu og bankans og hljóp að sjálfsögðu maraþon í ár. Var hann fyrsti Bjarninn sem lauk maraþonhlaupinu í ár, þrátt fyrir að hafa verið 43. keppandinn.



### Alþingismetið stendur enn

Fimmti Bjarninn sem lauk maraþoninu þetta árið var Bjarni Benediktsson alþingismaður, sem varð 276. í röðinni og lauk hlaupinu tæpum tveimur tímum á eftir fyrsta manni með tímann fjórar klukkustundir og tíu mínútur. Met alþingismanna stendur því enn, en það á Helgi Hjörvar sem hljóp Reykjavíkurmaraþonið árið 2003 á þremur klukkustundum og 53 mínútum og var þá 114. í röðinni.

svanborg@frettabladid.is

# Hvenær nauðgar karl?



ATLI GÍSLASON

**Í DAG** | Nauðganir

Hvenær drepur maður mann og hvenær nauðgar karl konu? Fyrri spurninguna lagði Halldór Kiljan Laxnes í munn sögupersónu. Sú síðari er sprottin úr ömurlegri afstöðu réttarvörslukerfisins til kynbundins ofbeldis. Báðar spurningar varða árásir á friðhelgi einkalífs sem felur í sér dýrmætustu mannréttindi hvers einstaklings.

Friðhelgi einkalífs nær yfir heimili, fjölskyldu, persónulega hagi manns og umfram allt það að hver maður hefur rétt til að ráða yfir eigin líkama og sálarlífi. Ríkinu og stofnunum þess ber að tryggja að þessi mannréttindi séu virk í reynd en gera það alls ekki þegar kynbundið ofbeldi á í hlut. Því fer víðsfjarri. Manndráp og líkamsárásir sæta nær undantekningarlaust refsingum á meðan aðeins er sakfellt fyrir innan við 5% af nauðgunum tilkynntum til lögreglu. Það er sama hvert litið er, til hegningarlagaákvæða, dómsmálayfirvalda, lögreglu, saksóknar og dómstóla, réttarvernd kynfrelsis kvenna er fjarri því að vera tryggð. Fordómar og vanþekking ráða för. Sárast er að horfa til þess hvernig hegningarlög mismuna konum eftir því hvers konar ofbeldi á í hlut. Í 211. gr. almennra hegningarlaga segir einfaldlega: *Hver, sem sviptir annan mann lífi, skal sæta fangelsi, ekki skemur en 5 ár, eða ævilangt*.

Það skiptir nákvæmlega engu máli hvernig maður drepur mann, það er alltaf refsivert. Líkið er sönnun fyrir verknaðinum, ekki aðferðin við manndrápið. Lögfræðin talar um hertan ásetning þegar morðið er fyrirfram skipulagt og þokukenndan ásetning þegar hann myndast rétt í þann mund sem manndrápið er framið. Skorti sönnun fyrir ásetningi er gerandanum refsað fyrir manndráp af gáleysi. Einnig fyrir líknarmorð. Sama gildir um líkamsárásir. Þar ræður áverkinn sönnun hvernig svo sem honum er valdið. Svo fremi að sá finnist sem valdur er að áverkunum er honum refsað.

Þegar kemur að kynbundnu ofbeldi gjörbreytist staðan. Nauðgunarákvæði alm. hgl. er svohljóðandi: *Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum*.

Hér skiptir verknaðaraðferðin öllu máli. Afleiðingar nauðgunar hverfa í skuggann fyrir aðferðinni og samþykki þolandans er aukaatriði. Hún ber sönnunarbyrði fyrir að hafa sagt nei. Bílum, bréfum og híbýlum er veitt meiri réttarvernd en líkömum og sálarlífi kvenna. Samkvæmt alþjóðlegum sjúkdómsgreiningarskrám er áfallið í kjölfar nauðgunar talið sambærilegt því sem einstaklingar verða fyrir eftir stórfelldar náttúruhamfarir, stríðsátök og stórslys. Það er sameiginlegt með þessum aðstæðum að þolandinn hefur það ekki í hendi sér hvort hún lifir eða deyr. Fyrstu viðbrögð þolanda nauðgunar eru doði, tómleiki, óraunveruleikatilfinning, brenglað tímaskyn og spenna ásamt öðrum áfallseinkennum. Líkamleg viðbrögð, skjálfti, hraður hjartsláttur, kviðverkir, niðurgangur, ógleði, uppköst, svimi, hræðsla, óöryggi, eirðarleysi, grátköst og ótti eru mest áberandi. Hvaða kona kemur þannig frá sjálfviljugum samförum? Langtíma afleiðingar eru meðal annars skömm, sektarkennd, léleg sjálfsmynd, depurð, þunglyndi, svefntruflanir, einangrun, svipmyndir og upplifanir tengdar ofbeldinu og tilfinningalegur doði. Afleiðingarnar eru mun alvarlegri til langs tíma litið. Þolendurnir þróa með sér varanlegan sjúkdóm sem mótar alla þeirra tilveru til frambúðar. Hætta er á sjálfsvígum og sjálfsvígstilraunum. Talið er að allt að 60% til 70% kvenna með geðraskanir og kvenna sem missa tök á lífi sínu, lenda í neyslu fíkniefna og eða afbrotum, eigi að baki sögu um kynferðislegt ofbeldi. Þrátt fyrir að þessar tímabundnu og varanlegu afleiðingar nauðgana séu sannreyndar og þar með séu löglíkur fyrir fullframinni nauðgun dugir það ekki til sem sönnun og ofbeldismennirnir sleppa refsilaust í langflestum tilvikum. Þetta ástand eru ólíðandi. Af hverju er nauðgunarákvæði alm. hgl. ekki orðað með sama hætti og manndrápsákvæðið, eða þannig?: *Hver, sem gerist sekur um nauðgun, skal sæta fangelsi, ekki skemur en 3 ár, eða ævilangt*.

Ég ákæri íslensk dómsmálayfirvöld og réttarvörslukerfið fyrir að láta kynbundið ofbeldi, þessi einkalífsmorð, viðgangast átölulítið og það þótt Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hafi lýst þungum áhyggjum sínum vegna ofbeldis gegn konum á Íslandi í skýrslu frá árinu 2005. Í skýrslunni gerði finnskur sérfræðingur eftirfarandi athugasemd: „Were all the women lying or did authorities just not care? Was the message that women should just not report the cases because they would only get into trouble.“

Stjórnvöld og réttarvörslukerfið hafa í verki margsinnis svarað spurningum þessa finnska sérfræðings játandi. Konur lenda bara í meiri sálarháska með því að kæra. Það er mál að þessu ófremdarástandi linni.

*Höfundur er alþingismaður.*

# Hafnfirðingar mótmælið

**UMRÆÐAN**
Skipulagsmál



ÞRÁINN KRISTINSSON

Meirihluti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur samþykkt að leggja fram tillögu að breyttu deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar sem gerir ráð fyrir að hægt sé að tvöfalda byggingarmagn á lóðinni Strandgata 26-30. Þetta er gert með því að skella tveimur sex hæða íbúðablokkum ofan á þriggja hæða verslunar- og þjónusturými – samtals 9 hæða byggingu. Ljóst er að þessar tillögur þjóna eingöngu fjárhagslegum hagsmunum Hanza-hópsins sem á umrædda lóð. Það er óskiljanlegt að bæjarstjórn leggi fram svo róttæka breytingu á skipulagi miðbæjarins án þess að fyrir því séu önnur rök en fjárhagslegir hagsmunir einstakra byggingarverktaka.

Á vefsvæðinu strandgata.is er hægt að skoða ljósmyndir sem sýna hvernig ásýnd miðbæjarins gjörbreytist með þessum risabyggingum. Þær ganga þvert á gildandi skipulag í miðbænum sem segir til um að byggingar eigi að styrkja yfirbragð gamla bæjarins og að götumyndir skulu vera heilsteyptar og standa á gömlum merg. Samt hljóðar fyrsta setningin í tillögu bæjarstjórnar svo: „Markmið deiliskipulagsins er að styðja við og styrkja núverandi skipulag miðbæjar Hafnarfjarðar...“ Þvílík öfugmæli! Hið rétta er að markmið þessarar tillögu er í fyrsta lagi að hámarka nýtingarhlutfall á lóðinni Strandgötu 26-30 og í öðru lagi að rústa núverandi skipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar svo verktakar geti byggt fleiri háhýsi í kringum höfnina.

Ég skora á Hafnfirðinga að kynna sér ljósmyndirnar á strandgata.is og mótmæla þessari tillögu. Athugið að samkvæmt auglýsingu frá bæjaryfirvöldum eru þeir sem ekki mótmæla samþykkir. Hægt er að koma mótmælum á framfæri með því að senda tölvupóst á malfridur@hafnarfjordur.is – það netfang gaf sviðstjóri Skipulags og byggingasviðs Hafnarfjarðar upp á kynningarfundi fyrir skömmu.

Ég skora jafnframt á bæjaryfirvöld að boða til borgarafundar og útskýra fyrir bæjarbúum hvaða kosti þeir sáu í þessari tillögu fyrir aðra en eigendur lóðarinnar. Við eigum rétt á skýringum.

*Höfundur er íbúi við Strandgötu 32.*



**Inflúensan** er árlegur gestur og fara margir í bólusetningu til að fyrirbyggja veikindi. Í Farsóttarfréttum Landlæknisembættisins kemur fram að þeir sem eru sextíu ára og eldri eða eru í skilgreindum áhættuhópum fá inflúensubóluefnið sér að kostnaðarlausu. www.landlaeknir.is

**Dansskóli** Jóns Péturs og Köru fer af stað með ný námskeið í september. Allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi en til dæmis geta hópar tekið sig saman og fengið styttri eða lengri námskeið hönnuð með þarfir hópsins í huga. www.dansskoli.is



**ZUMBA** hefst í Hreyfingu í haust. Þetta eru skemmtilegar hreyfingar og einföld spor sem tekin eru undir hvetjandi suðrænni stuðtónlist. ZUMBA er byggt á þeirri kenningu að þjálfun eigi að vera auðveld , fjörug og skemmtileg. www.hreyfing.is

# allt







Aukin ökuréttind - Meirapróf

Nýlegir kennslubílar



ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD

Næsta námskeið byrjar 22. ágúst

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300




Söngvarinn Friðrik Ómar Hjörleifsson þarf að passa vel hvað hann setur ofan í sig enda segist hann vera kolvetnafíkill og sérlega veikur fyrir brauðmeti og sælgæti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Er alltaf á tánum gagnvart mataræðinu

***Friðrik Ómar Hjörleifsson söngvari hefur í mörgu að snúast alla daga en gefur sér þó tíma til að hugsa vel um heilsuna og æfir að minnsta kosti þrisvar í viku í World Class í Laugum.***

„Ég æfi eftir prógrammi frá Sölva Fannari einkaþjálfara og er þá bæði að lyfta og brenna,“ segir Friðrik Ómar og bætir við: „Þó ég líti ekki út fyrir það er ég samt með frekar háa fituprósentu. Þess vegna þarf ég að auka vöðvamassann og brenna fitu.“

Friðrik segist alltaf reyna að fara að minnsta kosti þrisvar í viku í World Class. „Ég tek þetta reyndar oft í skorpum og nýlega leið mánuður án þess að ég færi á æfingu. Þá var ég búinn að ná góðum árangri en klikkaði á að halda því við,“ segir Friðrik Ómar, sem ætlar að taka vel á því í ræktinni á næstunni. „Ég er að undirbúa mig fyrir veturinn því ég er að taka að mér verkefni sem mun taka mjög á líkamlega og ég þarf að hafa mikið þol. Þannig að markmiðið er að vera vel undirbúinn fyrir það.“

Friðrik Ómar segist alltaf þurfa að vera á tánum gagnvart mataræðinu og passa hvað hann setur ofan í sig. „Ég þarf sérstaklega að passa mig á brauði og sælgæti því ég er svolítill kolvetnafíkill,“ segir hann. „Síðan er ég nýbyrjaður að drekka aloe vera safa sem er hræðilega vondur á bragðið,“ bætir hann við og hlær. „Samt ætla ég að gefa þessu séns því ég hef heyrt rosalega góðar sögur af þessum safa. Ég er búinn að vera á þessu í nokkra daga og mér finnst ég vera ferskari af því.“

Söngvarinn hefur í nógu að snúast nú sem endranær og er að taka upp þriðju jólaplötuna með Guðrúnu Gunnarsdóttur. „Svo er ég náttúrlega að spila með Eurobandinu og á Elvis-tónleikum á fimmtudaginn þannig að maður verður að vera í góðu formi til að geta gert þetta allt saman. Maður er samt aldrei fullkomlega ánægður og setur markið alltaf hærra.“

*sigridurh@frettabladid.is*






**Heilsuræktarstöðvar** eru með tilboð á haustin þegar allir eru að komast í gírinn fyrir veturinn. Það borgar sig að gera verðsamanburð og skoða stöðvarnar áður en gengið er frá langtímasamningi. Námsmenn fá afslátt á mörgum stöðum og ýmsir vinnustaðir og stéttarfélög greiða fyrir líkamsrækt.

# Varhugavert rúsínuát smábarna



***Smábörn eru sólgin í rúsínur og þykir gaman að tína þær upp í sig. Nú hefur komið á daginn að börn yngri en þriggja ára beri að varast rúsínur í miklum mæli.***

Það var danska heilbrigðisráðuneytið sem varaði við of miklu rúsínuáti smábarna vegna hás innihalds sveppaeitursins Ochratoxin A sem talið er orsaka krabbamein.

„Það má vel taka undir varnaðarorð Dana og alls ekki gefa smábörnum of mikið af rúsínum,“ segir Elín Guðmundsdóttir, forstöðumaður matvælasviðs Umhverfisstofnunar. „Sveppaeitrið Ochratoxin A kemur úr sveppum sem vaxa á vínberjum og situr eftir þegar vínber eru orðin að rúsínum. Ochratoxin A minnkar ónæmisviðbrögð, getur haft varanleg skaðleg áhrif á heilsu og er mjög líklega krabbameinsvaldandi,“ segir Elín, en þessi tegund sveppaeiturs finnst einnig í korni, ekki síst á norðurslóðum.

„Af þessum sökum eru Norðurlandaþjóðir mjög vakandi og á verði. Stundum finnst ekkert eitur, en stundum mikið, og fer það eftir tíðafari. Umhverfisstofnun er að skipuleggja mælingar hérlendis á þeim rúsínum og kornvörum sem Íslendingum standa til boða, en þangað til niðurstöður liggja fyrir vitum við ekki fyrir víst hvernig markaðurinn er hér,“ segir Elín.

Rúsínur hafa lengst af þótt hollustukostur fyrir lítil börn að narta í, en þær auka meðal annars járnmagn í litlum kroppum.

„Nú er ekki ráðlagt að börn undir þriggja ára aldri borði meira en 50 grömm af rúsínum á viku. Þá skiptir engu máli hvort rúsínur séu lífrænt ræktaðar eða ekki. Hvort allur skammturinn er borðaður í einu lagi eða minni skömmtum á lengri tíma er ekki heldur það sem skiptir mestu máli. Það er heildarmagnið yfir lengri tíma sem ber að takmarka,“ segir Elva Gísladóttir, verkefnastjóri næringar hjá Lýðheilsustofnun, en stofnunin hyggur á útgáfu bæklings með ráðleggingum um mataræði fyrir börn á forskólaaldri, þar sem fleiri varhugaverðar fæðutegundir eru upptaldar fyrir yngstu börn lýðveldisins.

*thordis@frettabladid.is*



Samkvæmt nýjustu rannsóknum getur verið hættulegt að æfa of mikið.

# Of mikið af því góða

***Líkamsþjálfun hefur jákvæð áhrif á heilsuna, en nýjar rannsóknir sýna að stundum er of mikið af því góða.***

Reglubundin líkamsrækt getur hjálpað fólki að ná stjórn á blóðþrýstingnum og komið í veg fyrir hjartasjúkdóma. Nýjar rannsóknir, sem gerðar voru á rottum, sýna að of mikil líkamsrækt hafi slæm áhrif á blóðþrýstinginn og auki líkur á hjartasjúkdómum. Doktor Rebecca L. Schultz og félagar hennar við Háskólann í Suður-Dakóta greindu frá rannsóknum sínum í tímaritinu Hypertension.

Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt að reglubundin líkamsrækt minnki líkurnar á hjartasjúkdómum. Jafnframt hefur meðferð með líkamsrækt reynst lækka blóðþrýsting og draga úr einkennum hjartasjúkdóma, þá sérstaklega þegar hjartað á missir hæfileikann til að dæla blóði af skilvirkni, sem lýsir sér í þreytu og aukinni mæði.

Þessar nýju rannsóknir koma því að einhverju leyti á óvart. Hvaða áhrif þetta hefur á menn er þó enn óljóst en rannsóknirnar ættu að vekja fólk til umhugsunar um þá hættu sem getur fylgt því að æfa of mikið, sérstaklega hjá fólki sem er með of háan blóðþrýsting, samkvæmt dr. Paul Christian Schulze hjá Brown-háskólanum í Bandaríkjunum.

*- keþ*





Rope yoga Eiðistorgi
-Hausttilboð-




Þráin er fræ sköpunarinnar - Vertu breytingin - Lifðu í núinu

Leitið upplýsinga í síma 895 9016 eða so@hive.is

SAGAMEDICA




Þú færð tvennt í einu
aukna orku og sjaldnar kvef
Með Angelicu færð þú tvenns konar virkni í sömu vöru. 1100 ára reynsla af notkun ætihvannar færð til nútímans.

Íslenskt náttúruafl!

Fæst í lyfja- og heilsuvöruverslunum.
www.sagamedica.is







Frábært fjölvítamín með spírolinu, lecetíni og fleiru í jurtabelgjum. Aðeins ein á dag

Póstsendum um land allt

Heilsuhornið

S: 462-1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet.is/heilsuhorn

Útsölustaðir: Yggdrasill, Fræið - Fjarðarkaup, Maður lifandi Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind - Hagkaup, Lyfjaval - Mjódd og Hæðarsmára, Nóatún Hafnarfirði, Krónan Mosfellsbæ, Heilsuhúsið Selfossi

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki





## Þungir velja þunga maka

ÞEIR SEM ERU OF FEITIR ERU LÍKLEGRI TIL AÐ VELJA SÉR MAKA Í SVIPUÐU HOLDAFARI.

Sækjast sér um líkir er klassískt orðatiltæki og á vel við niðurstöðu nýrrar breskrar rannsóknar sem birt var í American Journal of Clinical Nutrition og sagt er frá á fréttavef Reuters.

Þar kemur fram að of feitt fólk er líklegra til að velja sér maka sem einnig er í góðum holdum. Þetta er þó ekki óþekkt fyrirbæri enda ekki óalgengt að fólk velji sér maka eftir hæð, trú, aldri eða jafnvel hvort viðkomandi reyki.

Rannsakendur velta því nú fyrir sér hvort pör sem veljist saman út af þyngd geti orðið til þess að auka offituvandamál sem þegar hrjáir hinn vestræna heim þar sem pörin eignist börn með svipuð vandamál.

## Tíðahvörf draga úr kynhvöt

KYNHVÖT KVENNA DOFNAR VIÐ TÍÐAHVÖRF, SAMKVÆMT NÝRRI KÖNNUN.



Tíðahvörf kvenna geta haft mikil áhrif á kynlíf þeirra og samband við makann.

Tíðahvörf kvenna geta haft slæm áhrif á kynlíf þeirra og samband þeirra við makann, samkvæmt nýrri rannsókn þar sem helmingur kvenna sagðist hafa minni kynhvöt og stunda kynlíf sjaldnar eftir tíðahvörfin.

Í frétt á Reuters segir að um 46 prósent þeirra kvenna sem tóku þátt í rannsókninni hafi sagst lifa kynlífi sjaldan en einu sinni í mánuði og flestum þeirra fannst það hafa slæm áhrif á samband þeirra við makann.

Rannsóknin náði til meira en 1.000 kvenna, 35 ára og eldri, sem voru annað hvort við upphaf eða endi tíðahvarfa og allt þar á milli.

Karen Giblin er stofnandi samtaka sem kalla sig Red Hot Mamas. Hún hefur af þessu miklar áhyggjur og sagði í viðtali að hún hefði frétt að konur vildu frekar fara út að kaupa skó við tíðahvörf en að stunda kynlíf.

Rúmur helmingur þeirra sem tóku þátt í rannsókninni sagðist hafa minnkað kynlíf vegna þurrks í leggöngum. „Flestar konur hafa ekki hugmynd um þá meðferð sem hægt er að fá gegn þurrki í leggöngum," sagði Giblin og bætti því við að karlmenn þyrftu fræðslu um tíðahvörf kvenna. - keþ

# Þreyttir flugfætur

*Í löngu flugi þreytast bæði sál og líkami og þá sér í lagi fæturnir. Fyrirhyggja er því góð hvað þetta varðar.*



Þegar farið er í flugferð sem tekur nokkrar klukkustundir er ákaflega mikilvægt að standa reglulega upp úr stólnum og hreyfa leggi og liði. Annars er hætt við því að bjúgur myndist í líkamanum og þá sérstaklega í fótunum. Til þess að forðast bjúgmyndum er nauðsynlegt að krossleggja ekki fæturna og gott er að nota svokallaða flugsokka sem fást bæði á flugvöllum og í apótekum. Gott er að drekka vel af vatni en forðast ber drykki sem losa það úr líkamanum, til dæmis drykki sem innihalda koffín. Til að halda andanum í góðu jafnvægi er best að forðast áfengi um borð en njóta þess í stað að lesa góða bók, því ef ekki í flugvél, hvenær þá?

Gott er að hugsa um heilsuna þegar haldið er í langferð.





Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi. Markviss uppbygging og styrking fyrir líkamann. Sérstök áhersla lögð á miðjuna – kvið og bak.

Kennt er 2x í viku 60 mínútur í senn. Í boði eru morgun-, hádegis- og síðdegisnámskeið.

- Frjáls aðgangur að tímum í opna kerfinu og tækjasal

Innritun í síma 581 3730

Barnagæsla - Leikland JSB

Vertu velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

Auglýsingasími 512 50 50 - Mest lesið

vísir.is Fyrstur með fréttirnar










Stelpur - Konur / Staðurinn - Ræktin

Innritun í síma 581 3730

**Þú léttist og styrkist andlega og líkamlega!**

Átaksnámskeiðin sívinsælu fyrir konur á öllum aldri.

**TT-1 Frá toppi til táar!**

- Lokuð 9 vikna námskeið 3 x í viku
- Fræðslufundir 1x í viku, vigtun og mælingar
- Líkamsrækt
- Persónuleg þjónusta í notalegu umhverfi þar sem alger trúnaður ríkir
- Frjáls aðgangur að tímum í opna kerfinu og tækjasal

**Í boði eru morgun-, hádegis- og síðdegisnámskeið**

**Barnagæsla – Leikland JSB**

**Vertu velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is


FJARNÁM ÖFLUGT OG ÓDÝRT
Skráning á www.verslo.is
28. ágúst - 10. september
VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS


# Skólablaðið

ÞRIÐJUDAGUR 21. ÁGÚST 2007




## Áhugamál og hugsjón

**Frelsi og sjálfstæði einstaklingsins er eitt af því sem Montessori-leikskólar leggja áherslu á.**

BLS. 24



FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

:fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

Fjarnám á haustönn

Skráning á haustönn fer fram dagana:
27. ágúst – 10. september

á heimasíðunni www.fa.is/fjarnam


# Grænir dagar



Efnt verður til tveggja grænna daga í grunnskólum Reykjavíkur á þessu skólaári. Sá fyrri verður að vori og helgaður nánasta umhverfi skólans, en sá seinni að hausti, helgaður umhverfisfræðslu.

Markmið grænna daga er að efla umhverfisvitund nemenda og hvetja þá til að huga betur að umhverfi sínu og bættri umgengni almennt. Þannig læra þeir að bera virðingu fyrir umhverfinu og gera sér grein fyrir því að hver og einn einstaklingur skiptir þar máli og ber ábyrgð.

**● NÁMSTÆKNI**

Nú eru að hefjast haustnámskeið hjá Námstækni ehf. í myndlestri (e. photo reading. Þessi lestrartækni gerir lesandanum kleift að lesa mikið efni á skömmum tíma og vinna úr því á markvissan hátt. Með því að beita tækninni eiga allir að geta allt að því þrefaldað lestrarhraða sinn, auk þess sem einbeiting og skilningur á lesefninu eykst. Einnig er auðveldara að muna aðalatriðin í textanum. Svo virðist sem lest-










Nýja húsið og það gamla falla vel saman að utanverðu.



Horft í gegnum innanhússglugga af efri hæð niður á þá neðri.



Starfsfólkið í nýju kaffistofunni.

# Nýtt hús og nýir hættir

**Vogaskóli við Gnoðarvog byrjar vetrarstarfið við aðrar og betri aðstæður en síðustu ár. Þar er risin bygging fyrir fyrstu sjö bekkina.**

„Þessi nýbygging er falleg og björt og rammar okkur vel inn, eins og sjá má,“ segir Jónína Emilsdóttir skólastjóri brosandi og sýnir hið nýja húsnæði skólans. „Hér verða 270 börn samtímis því kennsla 1. til 7. bekks verður á efri hæðinni og á neðri hæðinni eru stjórnunarálman, mötuneytið, kaffistofan og bókasafnið. Svo er ÍTR hér líka, þar heitir Vogasel.“ Hún segir kennsluna áður hafa verið „hér og þar“. „Yngsta stigið hefur í gömlu verslunarhúsnæði í Sólheimum síðustu tvö árin og 5. og 6. bekkur voru í skúrum hér á lóðinni, en 7. bekkur í viðbyggingu við eldra skólahúsið,“ lýsir hún.

Kennslan mun fara fram í opnu rými. Fyrsti til 4. bekkur er saman öðrum megin á hæðinni og 5. til 7. hinum megin að sögn Jónínu. Hún telur að endurskoða verði kennsluhætti með tilliti til þess. „Þetta kallar á nýja hugsun og miklar skipulagsbreytingar,“ segir hún. Þá beinist athyglin að hljóðvistinni. Verður ekki óbærilegur hávaði þegar svo mörg börn eru saman í sömu stofu? „Nei, húsið er hannað með þetta í huga. Börnin eru vissulega ekki komin en starfsfólkið er mætt til vinnu og hefur haldið fundi í salnum og hér virðist hljóðvistin góð,“ segir hún og bætir við að arkitektar nýbyggingarinnar séu þau Stiv Christer og Margrét Harðardóttir sem hönnuðu Ráðhúsið.

List- og verkkennsla verður í kjallaranum eins og áður en þar hefur allt verið tekið í gegn. Sömuleiðis er verið að koma síðustu innréttingunum fyrir í nýbyggingunni, skápum og hillum og utan dyra er verið að leggja lokahönd á lóðarframkvæmdir. „Skólasetningin er á morgun svo allt verður að vera til reiðu,“ segir Jónína. „Síðustu dagar hafa verið maraþondagar.“

*gun@frettabladid.is*



Jónína Ólöf Emilsdóttir skólastjóri í nýju kennslurými Vogaskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Öflugar og flottar á góðu verði!




## Satellite Pro L40-136

| | |
|---|---|
| Örgjörvi: | Intel Core Duo T2130 / 1.86 GHz |
| Vinnsluminni: | 1024MB 533MHz DDR2 |
| Skjár: | 15,4" TFT WXGA 1280 x 800 |
| Skjástýring: | Intel GMA 900 |
| Harður diskur: | 80GB, S.M.A.R.T |
| Skrifari: | 8x DVD±RW Dual layer |
| Netkort: | 10/100 netkort & 56k v.90 modem |
| Þráðlaustetkort: | 802.11 b/g |
| Vefmyndavél: | Nei |
| Mús: | Snertimús |
| Stýrikerfi: | Windows Home Basic |
| Ábyrgð: | 2 ár |
| Vörunúmer: | TOSL40136 |

Aðeins **69.900** kr./stgr.
Takmarkað magn!

# Gerið verðsamanburð!









| | Satellite Pro A200-1A5 | Pavilion DV6331EU | Satellite PRO A200-1F9 | Satellite Pro A200-1KQ |
|---|---|---|---|---|
| Örgjörvi: | Intel Core 2 Duo T7100P/1.8 GHz | AMD Turion 64 X2 TL-56 / 1.8 GHz | Intel Core 2 Duo T7300 /2.0 GHz | Intel Core Duo T2130/1.86 GHz |
| Vinnsluminni: | 1024MB 667MHz DDR2 | 2048MB DDR2 | 2048MB 667MHz DDR2 | 2048MB 667MHz DDR2 |
| Skjár: | 15,4" TrueBrite WXGA 1280 x 800 | 15,4" Brightview WXGA 1280 x 800 | 15,4" TrueBrite WXGA 1280 x 800 | 15,4" TrueBrite WXGA 1280 x 800 |
| Skjástýring: | Intel GMA 965 Crestline | Nvidia GeForce Go 7200 | ATI Radeon HD 2600 256 Mb | Intel GMA 900GML |
| Harður diskur: | 120GB, S.M.A.R.T | 160GB SATA 5400rpm | 250GB, S.M.A.R.T | 200GB, S.M.A.R.T |
| Skrifari: | 8x DVD±RW Super Multi | 8x DVD±RW Super Multi | 8x DVD±RW Super Multi | 8x DVD±RW Super Multi |
| Netkort: | 10/100 netkort & 56k v.90 modem | 10/100 netkort & 56k v.90 modem | 10/100 netkort & 56k v.90 modem | 10/100 netkort & 56k v.90 modem |
| Þráðlaust netkort: | 802.11 b/g | 802.11 b/g | 802.11 b/g | 802.11 b/g |
| Vefmyndavél: | 1,3Mp vefmyndavél | 1,3Mp vefmyndavél | 1,3Mp vefmyndavél | Nei |
| Mús: | Snertimús | Snertimús | Snertimús | Snertimús |
| Stýrikerfi: | Windows VISTA Business | Windows VISTA Home Premium | Windows VISTA Business | Windows VISTA Business |
| Ábyrgð: | 2 ár | 2 ár | 2 ár | 2 ár |
| | Vörunúmer: TOSA2001A5 | Vörunúmer: HPGH783EA | Vörunúmer: TOSA2001F9 | Vörunúmer: TOSA2001KQ |
| | TOSHIBA | hp invent | TOSHIBA | TOSHIBA |
| | Aðeins **99.900** kr./stgr. | Aðeins **119.900** kr./stgr. | Aðeins **129.900** kr./stgr. | Aðeins **89.900** kr./stgr. |

ODDI
SKRIFSTOFUVÖRUR

Höfðabakka 3 • Reykjavík
Sími 515 5105
Opið virka daga kl. 8-18

Borgartúni 29 • Reykjavík
Sími 515 5170 • Opið virka daga
kl. 8-18 • laugardaga kl. 11-14

Glerárgötu 34 • Akureyri
Sími 515 5160
Opið virka daga kl. 8-18

# Ný íslenskuverðlaun reykvískra skólabarna

**Íslenskuverðlaun reykvískra skólabarna verða veitt í fyrsta sinn hinn 16. nóvember, á Degi íslenskrar tungu.**

„Meginmarkmiðið með verðlaununum er að efla áhugann á íslenskri tungu og áhuga nemenda á að varðveita íslenska tungu,“ segir Marta Guðjónsdóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokks í menntaráði Reykjavíkur. „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á íslensku og hef kennt hana um árabil, bæði börnum og unglingum. Við höfum mikinn áhuga á að efla áhuga á íslensku í grunnskólum borgarinnar og fengum því frú Vigdísi Finnbogadóttur til liðs við okkur,“ segir Marta en Vigdís verður verndari verðlaunanna. „Eins og flestir vita hefur hún mikinn áhuga á íslenskri tungu og er tungumálasendiherra Sameinuðu þjóðanna. Það er mikill heiður fyrir okkur að fá hana til liðs við okkur,“ segir Marta, sem telur líklegt að áhuginn innan skólanna verði mikill. „Það á þó eftir að koma í ljós. Nú fara skólarnir af stað og við vonum að þetta verði hvatning fyrir nemendur á öllum sviðum tungumálsins hvort heldur sem er tjáning, talað mál eða ritað.“

Innt eftir því hvort hún hafi einhverjar áhyggjur af íslenskukunnáttu barna segir Marta svo ekki vera. „Það er alltaf nauðsynlegt að standa vörð um tunguna en ég held að það hefði verið miklu nær að hafa áhyggjur af tungumálinu fyrir 220 árum eftir móðuharðindin þegar Íslendingar voru ekki nema 30 þúsund. Þá hefur verið mikil hætta á að íslenskan liði undir lok en ég held að lítil hætta sé á því núna,“ segir Marta.

Verðlaunin verða veitt í fyrsta sinn hinn 16. nóvember, á Degi íslenskrar tungu, en það er einnig fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar. „Nú eru einmitt 200 ár liðin frá fæðingu skáldsins. Því er vel við hæfi að Reykjavíkurborg heiðri minningu hans með almennum íslenskuverðlaunum,“ segir Marta og útskýrir að hver skóli geti tilnefnt þrjá nemendur eða nemendahópa til verðlaunanna og allir sem séu tilnefndir hljóti verðlaunagrip. Verðlaunin verða veitt nemendum sem hafa tekið framförum og eða náð góðum árangri í íslensku, hvort heldur þeir hafa hana að móðurmáli eða læra hana sem annað tungumál.

„Okkur finnst mjög nauðsynlegt að vernda tunguna ekki aðeins fyrir land og þjóð heldur einnig fyrir nemandann sjálfan. Það að vera vel máli farinn og vel ritfær er svo mikilvægt og lykill að svo mörgu í samfélaginu, ekki síst fyrir nýbúana, enda hefur sýnt sig að þeir nýbúar sem pluma sig best hér á landi eru þeir sem ná góðum tökum á íslenskunni.“ *solveig@frettabladid.is*



**Marta Guðjónsdóttir er fulltrúi Sjálfstæðisflokks í menntaráði. „Það er vel við hæfi að Reykjavíkurborg heiðri minningu Jónasar Hallgrímssonar á 200 ára afmæli hans með almennum íslenskuverðlaunum.“** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




VIÐ BJÓÐUM UPP Í DANS

Mambó
Tjútt
Freestyle
Break
Salsa
Brúðarvals
Barnadansar
Samkvæmisdansar
Sérnámskeið fyrir hópa
Nýjustu tískudansarnir
Börn – Unglingar – Fullorðnir

**Innritun og upplýsingar í síma 553 6645 eða á dansskoli.is**

**Ýmis starfsmanna- stéttar- og sveitarfélög veita styrki vegna dansnámskeiða.**

DANSSKÓLI Jóns Péturs og Köru

Dansráð Íslands | Faglærðir danskennarar

Borgartún 6 | 105 Reykjavík | sími 553 6645 | fax 568 3545 | dans@danskoli.is | www.dansskoli.is




**Fjöltækniskóli Íslands var settur í gær og mættu þar meðal annarra fyrstu nemendurnir á nýrri náttúrufræðibraut þar sem flugnám er kjörsvið.**

# Nýjar leiðir til stúdentsprófs

Fjöltækniskóli Íslands er í mikilli sókn og í vetur verður boðið upp á nám til einkaflugmannsréttinda sem kjörsvið með stúdentsprófi. „Við erum búin að búa til sérstaka náttúrufræðibraut þar sem hægt er að velja flugnám sem kjörsvið,“ segir Haukur Gunnarsson, deildarstjóri hjá Fjöltækniskóla Íslands. „Hinn bóklegi hluti einkaflugmannsnámsins er þá hluti af náminu og ekki þarf að greiða fyrir það sérstaklega. Verklegan þátt námsins þurfa nemendur hins vegar að greiða sjálfir en við veitum aðgang að flugvélum,“ bætir Haukur við. Fjöltækniskóli Íslands keypti nýverið Flugskóla Íslands, sem hefur orðið til þess að flug hefur orðið hluti af námi og starfsemi skólans. „Hingað koma flugmenn alls staðar að úr heiminum í endurmenntun og það gefur að sjálfsögðu nemendum tækifæri til að komast í tengsl við fólk úr faginu. Ég sé fyrir mér að þetta eigi eftir að stækka og eflast hjá okkur og til dæmis er flugvirkjanám í undirbúningi. Það er eftirsókn eftir þessu námi enda vantar flugmenn um allan heim núna.“

Haukur segir þetta vera fyrsta hlutann af spennandi hlutum sem séu á dagskrá Fjöltækniskólans. Boðið er upp á brautir þar sem nemendur geta hlotið alþjóðleg vinnuréttindi með stúdentsprófi, t.d. í skipstjórn og vélstjórn. „Með þessu erum við að mæta þeim sem vilja fara í iðnnám en hafa til þessa sett stúdentsprófið í forgang. Með því að tengja bóklegt og verklegt nám erum við að styrkja námsleiðirnar og auka möguleikana.“ *kristineva@frettabladid.is*




Landsbankinn

410 4000 | landsbanki.is

# Vel klædd í skólann

**Skólafötin þarf að endurnýja á hverju hausti. Nýjar buxur, bolir, peysur, pils og úlpur.**

Skólinn hefst í næstu viku og eru foreldrar í óðaönn við að kaupa skólafötin. Úlpurnar er sennilega þær flíkur sem flestir endurnýja fyrir veturinn. Í ár eru úlpurnar afar litríkar. Mynstur eru ríkjandi og örlítið hippalegur stíll. Hettupeysurnar standa alltaf fyrir sínu og eru gallabxurnar nauðsyn.

Við litum við í nokkrar verslanir og kíktum á hvað væri á boðstólum fyrir veturinn.



Hettupeysa í Hnokkum og hnátum á 9.990 krónur.



Húfa í Hnokkum og hnátum á 3.790 krónur.



Bómullarkjóll í Hnokkum og hnátum á 4.490 krónur.



Vesti í Hnokkum og hnátum á 6.790 krónur.



Peysa í Stúlkum og stælgæjum á 2.990 krónur.



Þægilegt gallapils frá Stúlkum og stælgæjum í Glæsibæ á 3.890 krónur.



Mjúkur trefill í Hnokkum og hnátum á Skólavörðustíg á 3.290 krónur.



Buxur sem eru ætlaðar stærri börnum og eru víðar yfir mittið. Fást í Stúlkum og stælgæjum á 6.590 krónur.



Úlpa í Stúlkum og stælgæjum í Glæsibæ. Hún er seld ásamt snjóbuxum á 9.980 krónur.



Bómullarbolur fyrir stráka úr línu frá Stúlkum og stælgæjum sem ætluð er stærri börnum og eru fötin víð yfir mittið. Bolurinn er á 4.490 krónur.



Sokkabuxur í Hnokkum og hnátum á 1.990 krónur.



Legghlífar í Hnokkum og hnátum á 3.290 krónur.



Lego-úlpa í Gling gló í Iðuhúsinu á 11.990 krónur. Hægt er að snúa henni við til að skipta um lit.



Hermannagrænar buxur með teygju í mittið svo hægt sé að þrengja þær í Hnokkum og hnátum á 7.790 krónur.



Vetrarúlpa frá Lego í Gling gló í Iðuhúsinu á 11.990 krónur.

**Hugmyndaríkar konur ...**
**... athugið!**

BRAUTARGENGI

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Impra frumkvöðlar og sprotar

*Impra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands auglýsir*

# Brautargengi

## Reykjavík, Akureyri, Patreksfirði og Grundarfirði

***fyrir konur sem vilja hrinda viðskiptahugmyndum í framkvæmd og hefja eigin atvinnurekstur.***

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur:

- skrifi viðskiptaáætlun
- kynnist grundvallaratriðum varðandi stofnun fyrirtækja
- öðlist hagnýta þekkingu á þeim þáttum sem koma að fyrirtækjarekstri, s.s. stefnumótun, markaðsmálum, fjármálum og stjórnun

Námskeiðið byggist upp á fyrirlestrum, verkefnavinnu og persónulegri handleiðslu.

Tímabil: ***Kennsla hefst í september 2007***.
Nánari upplýsingar og skráning eru á vefsíðu Impru, ***www.impra.is***, eða í síma ***570 7267***.

Skráningu lýkur ***30. ágúst 2007***. Takmarkaður fjöldi.

***Brautargengi er styrkt af sveitarfélögum og atvinnuþróunarfélögum.***

**lenovo**
NÝR HEIMUR. NÝ HUGSUN.



# NÁTTÚRULEGA GÓÐ

## lenovo 3000

Lenovo 3000 fartölvur eru framleiddar samkvæmt hefðum ThinkPad, mest verðlaunuðu fartölvu sögunnar. Meiri áhersla er lögð á margmiðlunarþarfir einstaklinga í Lenovo 3000 línunni. Innbyggður kortalesari auðveldar gagnaflutning, innbyggð vefmyndavél gerir samskiptin skemmtilegri, tvö loftnet tryggja gott netsamband og VibrantView eykur myndgæðin. Frábær virkni tölvunnar ásamt þjónustu Nýherja setur þig í öruggar hendur.



FINGRAFARALESARI



INNBYGGÐUR MINNISKORTALESARI



INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL



TVÖFALT LOFTNET



VIBRANTVIEW LCD SKJÁR



| Lenovo 3000 N100 | Lenovo 3000 N100 | Lenovo 3000 N200 | Lenovo 3000 V100 |
|---|---|---|---|
| Intel Celeron M430<br>1,73GHz / 1MB | Intel Core 2 Duo T5300<br>1,73GHz / 2MB | Intel Core 2 Duo T7300<br>2,00GHz / 4MB | Intel Core 2 Duo T5600<br>1,83GHz / 64bita / 2MB |
| 2x512MB - mest 2GB | 2x512MB 667Mhz DDR2 - mest 2GB | 2x1GB 667MHz - mest 4GB | 2x512MB 667MHz DDR2 - mest 2GB |
| 80GB 5400sn SATA diskur | 120GB 5400sn SATA diskur | 160GB 5400sn SATA diskur | 100GB 5400sn SATA diskur |
| 15,4" breiðtjaldsskjár<br>1280x800 WXGA, Intel GMA950<br>128MB PCI-e | 15,4" breiðtjaldsskjár<br>1280x800 WXGA, Intel GMA950<br>128MB PCI-e | 15,4" breiðtjaldsskjár<br>1680x1050 WSXGA+, Nvidia<br>GeForce FX Go7300 256MB PCI-e | 12,1" TFT / 1280x800 XGA,<br>Intel GMA950<br>128MB PCI-e |
| Bluetooth, 54g WIFI | Bluetooth, 54g WiFi | Bluetooth, 200n WiFi | Bluetooth, 54g WiFi |
| DVD±RW DL skrifari | DVD±RW DL skrifari | DVD±RW DL skrifari | DVD±RW DL skrifari |
| Fingrafaralesari & vefmyndavél | Fingrafaralesari | Fingrafaralesari & vefmyndavél | Fingrafaralesari & vefmyndavél |
| 4 í 1 kortalesari fyrir minniskort | 4 í 1 kortalesari fyrir minniskort | 5 í 1 kortalesari fyrir minniskort | 5 í 1 kortalesari fyrir minniskort |
| Þyngd 2.8 kg | Þyngd 2.8 kg | Þyngd 2.8 kg | Þyngd 1.8 kg |
| Windows® XP Home | Windows® Vista Business | Windows® Vista Ult.m/Media Center | Windows® Vista Business |
| Mánaðarlegar greiðslur*: 2.444 kr.* | Mánaðarlegar greiðslur*: 3.842 kr.* | Mánaðarlegar greiðslur*: 5.590 kr.* | Mánaðarlegar greiðslur*: 4.192 kr.* |
| Verð: 69.900 kr. | Verð: 109.900 kr. | Verð: 159.900 kr. | Verð: 119.900 kr. |

lenovo PREMIUM WARRANTY SERVICE PROVIDER

Nýherji hefur fjögur ár í röð verið útnefndur „Premium Warranty Service Provider" af Lenovo fyrir framúrskarandi þekkingu og góða þjónustu á Lenovo.

Verið velkomin í verslun Nýherja, Borgartúni 37, þar sem við aðstoðum við val á réttu fartölvunni. **Söluaðilar um land allt.**

NÝHERJI

www.lenovo.is

Nýherji hf. | Borgartúni 37 | 105 Reykjavík | Sími 569 7700 | www.nyherji.is

* Mánaðarlegar greiðslur miðast við tölvulán til 36 mánaða hjá Landsbankanum, miðað við upplýsingar af www.landsbanki.is 18. júlí 2007.

# Sextugur og frjósamur

**Helsta nýjungin í starfi Myndlistaskólans í Reykjavík í haust er ljósmyndanámskeið Erlu Stefánsdóttur og Brooks Walker.**



Ánægðir nemendur skapa lukkulega fætur í leirmótun, þar sem mótað er eftir lifandi fyrirmynd. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURJÓN GUNNARSSON

Um Íslendinga hefur verið sagt að þeir séu skapandi og frjóir; rétt eins og fósturjörðin. Í áranna rás hafa þeir þúsundum saman fengið útrás fyrir sköpunargáfuna í Myndlistaskólanum í Reykjavík, sem nú fagnar 60 ára afmæli sínu.

„Skólann einkennir fjölbreytni í námskeiðum og nemendaflóru, og í ár verða námskeiðin alls fimmtíu talsins,“ segir Ingibjörg Jóhannsdóttir skólastjóri. „Helstu nýjungar á haustönn eru ljósmyndanámskeið Erlu Stefánsdóttur og Brooks Walker, en þar verður farið í stafræna og svarthvíta ljósmyndun. Þá kenna Helgi Þórsson og Sigurður Guðjónsson námskeið sem þeir kalla Videó, hljóð- og allra handa föndur, og er sérstaklega ætlað frumlegum og skapandi framhaldsskólanemendum sem hafa jafnt áhuga á myndlist, tónlist og kvikmyndum,“ segir Ingibjörg, en meðal annarra nýjunga má nefna áfanga í bókagerð.

Að sögn Ingibjargar eru nemendur skólans á öllum aldri; allt frá þriggja ára upp í áttrætt.

„Þessi breiði aldurshópur skapar mjög skemmtilega deiglu í skólanum þegar yngstu og elstu nemendurnir dást að verkum hvers annars. Engin tvö námskeið innan skólans eru eins uppbyggð og fara þau ávallt eftir áhugasviði kennara, sem allir eru virtir og starfandi myndlistarmenn. Það er því mikil frjósemi innan veggja skólans,“ segir Ingibjörg, en um 400 nemendur sækja námskeiðin á hverri önn.

„Hingað kemur fólk í mismunandi tilgangi. Sumir eru að búa sig undir háskólanám í myndlist, aðrir koma sér til ánægju og skemmtunar og hingað sækja kennarar í endurmenntun. Mestu skiptir að öllum er hollt að nálgast eitthvað nýtt og öðruvísi en daglegt starf útheimtir, því þannig koma þeir ferskir inn aftur,“ segir Ingibjörg.

Sú nýbreytni verður í vetur að skólinn verður með útibú á Korpúlfsstöðum fyrir barna- og unglingastarf, en annars fer kennsla fram í höfuðstöðvum skólans í JL-húsinu við Hringbraut 121. Nánari upplýsingar um námskeið má finna á heimasíðu skólans: www.myndlistaskolinn.is.

*thordis@frettabladid.is*

Allir í dans...

Kennsla hefst laugardaginn 8. september

- Samkvæmisdansar
- Barnadansar
- Hjónahópar
- Funk-Hip Hop
- Break
- Freestyle
- Salsa
- Keppnishópar



Innritun hefst miðvikudaginn 22. ágúst í síma 565 4027 og 861 6522 frá kl. 13-20 og á heimasíðu www.dih.is

Opið hús sunnudaginn 9. september kl. 13-17, danssýningar, heitt á könnunni.

DÍH Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar Haukahrauni 1, Bjarkarhúsinu, 220 Hafnarfirði

# Ný stefna skólayfirvalda

**Stuðlað er að betri aðlögun og virkni barna af erlendum uppruna í íslensku skólasamfélagi.**

Sett verður á fót teymi farkennara sem tala nokkur af algengustu tungumálunum, börn af erlendum uppruna fá aukna aðstoð við heimanám og tungumálaver í Laugalækjaskóla verður nýtt enn frekar til að efla móðurmálskennslu. Þetta er meðal þess sem kveðið er á um í nýrri stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum barna af erlendum uppruna í grunnskólum borgarinnar. Með henni á að stuðla að enn betri aðlögun og virkni barna af erlendum uppruna í íslensku skólasamfélagi. Stefnumótunin byggist á tillögum vinnuhóps um úrbætur, en í leikskólum í Efra-Breiðholti er ríflega fjórðungur barna af erlendum uppruna og í Austurbæjarskóla og Fellaskóla eru 23 prósent nemenda af erlendum uppruna.

Auk fyrrgreindra atriða verður móðurmálsnám metið sem valgrein frá og með skólaárinu 2008. Áhersla er lögð á að námsefni verði gert með fjölmenningu í huga og að íslenskukunnátta barna af erlendum uppruna verði metin með markvissari hætti. Þá eiga allir grunnskólar borgarinnar að gera sér móttökuáætlun og fagráðgjöfum með sérþekkingu á málefnum innflytjenda verður fjölgað. Skólayfirvöld ætla líka að stuðla að því að koma á laggirnar vinafjölskyldum fyrir fjölskyldur barna af erlendum uppruna.



**Víða eru börn af erlendum uppruna stór hluti skólabarna.**




**Námsmannaþjónusta Sparisjóðsins**

Við hjá Sparisjóðnum viljum vera í góðu sambandi við viðskiptavini okkar. Félagar í Námsmannaþjónustunni njóta persónulegrar þjónustu sem er sniðin að þörfum hvers og eins, auk góðra kjara og spennandi sértilboða. Við erum alltaf til í að ræða málin – ef sambandið er gott, gengur allt annað betur líka.

Skoðaðu málið betur á **www.spar.is**

SPARISJÓÐURINN
Námsmannaþjónusta

ZEPTO®
the notebook company

ZVÍKUR ENGAN!

ZEPTO eru hágæða fartölvur sem hafa hvarvetna hlotið aðdáun og viðurkenningu.



Zepto Znote 4015SE
HAUSTTILBOÐ
Verð: 79.900 kr.

**Fartölva með 15" skjá** / Skjár: 15" XGA 1024x768 / Örgjörvi: Intel Pentium M750 1,86Ghz 2Mb / Kubbasett: Intel 915GM / Skjákort: Intel Graphics Media Accelerator 128Mb / Vinnsluminni: 512Mb DDR2 PC5300 – 667Mhz (mest 2Gb) / Harður diskur: 80Gb 5400rpm 8Mb Cache Hitatchi / Drif: DVD-RW / Tengi: 4x Usb 2.0, 1x VGA, 1x Firewire, 1x Parallel, Hljóð inn/út, Innrautt tengi 3 – 1 kortalesari MMC, SD og MS) / 10/100/1000 Mbit netkort, Tv out (S-VHS), 56K Modem / Þráðlaust: Intel Pro/Wireless 2200BG 54Mbit / Stýrikerfi: Windows XP Home / Rafhlöðu ending: Allt að 5 klst. / Mál: 32mm x 333mm x 276mm / Þyngd: 2,8 kg.



Zepto Znote 6314W
Verð: 139.900 kr.

**Fartölva með 14" skjá** / Skjár: 14," Crystal bright WXGA 1280 x 800 / Örgjörvi: Intel Core Duo T2400 1,83Ghz / Kubbasett: Intel 945 PM+ ICH7-M / Skjákort: Nvidia Geforce Go 7600 512Mb Vinnsluminni: 1x1024Mb DDR2 PC5300 – 667Mhz (mest 2Gb) / Harður diskur: 100 Gb 5400omdr. SATA Hitatchi / Drif: DVD-RW Dual Layer DVD skrifari (Sony) / Tengi: 4x Usb 2.0, 1x VGA, 1x Firewire, 1x S/PDIF Hljóð inn/út, 3 - 1 kortalesari (MMC, SD og MS) , 10/100/1000 Mbit netkort, Tv out (S-VHS), 56K Modem / Þráðlaust: Intel Pro 3945ABG 54Mbit / Bluetooth: Innbyggt Bluetooth / Stýrikerfi: Windows Vista Home Premiium / Rafhlöðu ending: Allt að 2 ¾ klst. / Mál: 27mm x 341mm x 247mm / Þyngd: Aðeins 2,35 kg.



Zepto Znote 2425W
HAUSTTILBOÐ
Verð: 149.900 kr.

**Fartölva með 15,4" skjá** / Skjár: 15,4" WXGA+ Crystal Clear 1280 x 800 / Örgjörvi: Intel Core Duo T2400 1,83Ghz / Kubbasett: Intel 945 PM+ ICH7-M / Skjákort: Nvidia Geforce Go 7600 256Mb / Vinnsluminni: 1x1024Mb DDR2 PC5300 – 667Mhz (mest 2Gb) / Harður diskur: 100Gb 5400omdr. SATA Hitatchi / Drif: DVD-RW Dual Layer DVD skrifari (Sony) / Tengi: 4x Usb 2.0, 1x VGA, 1x Firewire, 1x Mikrafon inn, 1x S/PDIF hljóð út, 3 - 1 kortalesari (MMC, SD og MS) ,10/100/1000 Mbit netkort, Tv out (S-VHS), 56K Modem, fingrafara lesari, Innbyggð vefmyndavél, 1x express kort / Þráðlaust: Intel Pro 3945ABG 54Mbit / Bluetooth: Innbyggt Bluetooth / Stýrikerfi: Windows XP PRO / Rafhlöðu ending: Allt að 3 ¾ klst. / Mál: 32mm x 360mm x 265mm / Þyngd: 3,1 kg.

Þú gengur að gæðunum vísum!

ORMSSON

ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 | ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 | ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON AKRANESI SÍMI 431 3333 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON SELFOSSI SÍMI 480 1160



Kristjana Milla aðstoðar Ingibjörgu, tæplega ellefu ára nemanda í Hvaleyrarskóla, við val á skólatösku í Eymundssyni í Smáralind. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Mikilvægt að vanda valið

**Nú þegar skólarnir eru að hefjast þurfa mörg skólabörn að velja sér nýjar skólatöskur en við valið er ýmislegt sem þarf að hafa í huga. Kristjana Milla Snorradóttir iðjuþjálfi hefur verið í verslunum Eymundssonar síðustu daga þar sem hún hefur gefið góð ráð.**

„Þetta er í annað skipti sem ég er inni í Eymundssyni í skólavertíðinni og veiti börnum og foreldrum þeirra ráðgjöf varðandi val á skólatöskum," segir Kristjana Milla en hún hefur í starfi sínu mikið verið að vinna með börnum og segir að það sé bæði hennar sérsvið og áhugasvið.

Kristjana Milla segir að sem betur fer sé fólk orðið meðvitaðara um það hvað það skipti miklu máli að velja réttar töskur fyrir börnin. „Ég hef samt því miður séð börn sem eru með svo stórar töskur að þau eru eins og skjaldbökur með hús á bakinu og man eftir því að ég var sjálf með svona stóra tösku. Meðvitundin í samfélaginu um að bæta heilbrigði er samt orðin meiri núna og með því að velja rettar töskur er hægt að koma í veg fyrir stoðkerfisvandamál, álagseinkenni, vöðvabólgu og rangan líkamsburð. Of þungar töskur eða illa hannaðar og töskur sem passa ekki á bakið á börnunum valda nefnilega röngum líkamsburði og þar af leiðandi vöðvabólgu og getur verið upphaf annarra stoðkerfisvandamála. Það er nauðsynlegt að gera börnin strax meðvituð um mikilvægi þess að vera með góða tösku og þess að huga að líkamanum og fá þau bara til þess að hugsa um hvernig þau bera sig, sitja og hreyfa sig."

Kristjana Milla segir að þegar velja eigi skólatösku þurfi barnið sjálft að vera með og þrennt þurfi að hafa í huga. „Mikilvægt er að velja skólatösku sem barninu finnst flott, sem hentar stærð þess og sem fer vel með bækurnar. Taskan má ekki hindra hreyfingar handleggja og höfuðs og því ekki vera of breið eða of há. Ágætt er að miða við að mjöðmin, sem er stórt bein, beri töskuna og við kennum börnunum því að miða við að hún sé fyrir ofan eða við rassinn. Taskan þarf að liggja þétt upp að bakinu en mjaðmaólar og brjóstólar draga töskuna þéttar upp að bakinu þannig að hún liggur betur. Bakið á að vera bólstrað og böndin breið og bólstruð og stillanleg. Botninn á að vera stífur, bæði þannig að fari vel um bækurnar og svo að taskan fari ekki að síga niður og toga í axlirnar. Í flestum verslunum er orðið ofboðslega mikið úrval af góðum töskum en það þarf að huga að því að þær séu af réttri stærð," segir Kristjana Milla.

Foreldrar sem koma í Eymundsson hafa verið mjög duglegir að notfæra sér ráðleggingar við val á töskum að sögn Kristjönu Millu. „Það er ofboðslega skemmtilegt og stundum er komin löng röð af foreldrum og börnum þegar ég kem. Mér finnst ennþá fleiri notfæra sér þetta í ár heldur en í fyrra svo það er greinilega að verða aukin vakning. Yngstu börnin eru líka oft svo spennt að fara í skólann að það er mjög auðvelt að ná til þeirra. Erfiðast er að eiga við tískuna hjá unglingunum því margir þeirra vilja bara poka eða hliðartöskur, sem er í rauninni bara ávísun á vöðvabólgu og verki í hrygg og öxlum," segir hún.

Fleira þarf þó að sögn Kristjönu Millu að hafa í huga í þessu samhengi en hvernig skólataskan sjálf er. „Það er líka mikilvægt að taskan sé ekki of þung. Þegar er búið að setja í hana má hún vera hámark tíu til tuttugu prósent af þyngd barnsins. Því er mikilvægt að við kennum börnunum okkar að skipuleggja sig og að hafa aldrei meira í töskunum en þörf er á. Best er að taka á hverjum einasta degi upp úr töskunum það sem á ekki að nota og setja bara ofan í þær það sem á að nota. Með því að fylgjast með þessu erum við að stuðla að góðum líkamsburði, bæta heilbrigði og koma í veg fyrir álagseinkenni," segir Kristjana Milla.

*emilia@frettabladid.is*

# Íþróttir og smíði

Áttundi bekkur í grunnskóla Ísafjarðar bíður Ingvars Bjarna Viktorssonar sem á heima „inni í firði" eins og hann kallar það. „Ég bý nálægt golfvellinum og sumarbústöðunum," segir hann til skýringar, þar sem hann situr á tröppum Landsbankahússins í miðbæ Ísafjarðar. Hann kveðst nota skólarútuna til að fara á milli þegar skólinn byrjar. Spurður um uppáhaldsfag í skólanum hugsar hann sig um smá stund og svarar svo. „Ætli það séu ekki íþróttirnar? Það er ekkert betra, nema ef vera kynni smíðin."

Ingvar Bjarni kveðst hafa flutt til Ísafjarðar fyrir tveimur árum úr Hafnarfirði. Hann á tíu systkini en þrjú þeirra eru að flytja með föður hans til Kanada. Sjálfur ætlar hann að halda áfram að eiga heima á Ísafirði enda segir hann skólann góðan þar.

*- gun*



Ingvar Bjarni segir íþróttir og smíði skemmtilegustu fögin í skólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

# BOÐEIND.IS

## í tilefni af 20 ára afmæli Boðeindar bjóðum við upp á ótrúleg afmælistilboð og þú gætir jafnvel unnið Viewsonic 32” LCD sjónvarp

### - Heimilis- og skólatölvur -

**Asus F5R 15,4”**

Intel M520 - 1GB - 80GB
DVD brennari - ATI Xpress 1100
Vista Home
Verð kr. 96,490,-

**Staðgreiðsluverð kr. 69.900,-**

**Asus A6VM 15,4”**

Intel Singel core - 1GB - 100GB
GeForce 7300 - DVD brennari
XP PRO
Verð kr. 108,243,-

**Staðgreiðsluverð kr. 89.900,-**

**Asus A8FM 14,1” aðeins 2,4 kg**

Intel Core Duo - 1GB - 80GB
DVD brennari - Vista Business
Verð kr. 119,900,-

**Staðgreiðsluverð kr. 109.900,-**

### - Leikja- og margmiðlunartölvur -

**Asus F3SE 15,4”**

Intel Mobile Core 2 Duo - 2GB
256MB ATI Radeon X2500 160GB
DVD brennari - Vista Home Premium
Verð kr. 144.900,-

**Staðgreiðsluverð kr. 114.900,-**

**Asus G1s 15,4”**

Intel Core 2 Duo - 2GB - 256MB 6800GT GeForce
160GB - DVD brennari - Vista Ultimate
MX518 mús
Verð kr. 239.900,-

**Staðgreiðsluverð kr. 179.900,-**

**Asus G2S 17”**

Intel Core 2 Duo - 2GB - 256MB 6800GT GeForce
160GB - DVD brennari - Vista Ultimate
MX518 mús
Verð kr. 249.900,-

**Staðgreiðsluverð kr. 199.900,-**

**Þjónusta - Gæði - Verð**
**Þú skiptir máli hjá Boðeind**

Fartölvutaska fylgir frítt með
Laser mús fylgir frítt með
Vefmyndavél fylgir frítt með
Vírusvörn fylgir frítt með
Forritapakki fylgir frítt með
öllum fartölvum frá Boðeind





**Antec fartölvukælir**
Verð kr. 4.900,-

**Staðgreiðslulán til allt að 36 mánaða**

Birt með fyrirvara um verð- og ritvillur

## BOÐEIND Í 20 ÁR

**ÞAR SEM VERÐ OG GÆÐI FARA SAMA**

Opið alla daga frá kl 10:00 - 18:00 - s: 588 2061 Mörkin 6 - 108 Rvk - Verslun/þjónusta

intel Centrino

# Listmenntaðir skapandi á öllum sviðum

**Sölvi Sveinsson hefur látið af störfum sem skólastjóri Verzlunarskólans. Þess í stað hefur hann tekið að sér að stýra könnun og undirbúningi að stofnun Listmenntaskóla Íslands.**

Sölvi Sveinsson, fyrrverandi skólastjóri Verzlunarskólans, fékk þá hugmynd að setja á fót listmenntaskóla í húsnæði Háskólans í Reykjavík að Ofanleiti 3 þegar skólinn flytur þaðan.

„Skólanefnd Versló var falið að stofna skóla í þessu húsnæði sem er sérbyggt fyrir skóla. Mér datt þá í hug að búa til skóla sem hefði þetta vinnuheiti Listmenntaskóli Íslands. Þarna geta nemendur verið í því listnámi sem þeim sýnist allt upp í það að vera í fullu listnámi einungis,“ segir Sölvi.

Hann sér fyrir sér að í skólanum geti nemendur tekið bóklegt nám til stúdentsprófs í samvinnu við Verzlunarskólann og stundað sitt listnám í leiðinni. „Þetta finnst okkur ansi góð hugmynd,“ segir Sölvi. Sem stendur eru hann og Elva Hrönn Guðmundsdóttir, rekstrarhagfræðingur, að vinna að verkefninu og eru í viðræðum við listaskóla í borginni og kanna hug þeirra til samstarfs. Auk þess sem þarfagreining er í vinnslu. „Við erum að athuga hvort hér vanti eitthvert listnám sem er einnig í boði erlendis.“

Til stendur að bjóða upp á myndlistar-, tónlistar- og hönnunarsvið, aðfararnám fyrir arkitektúr og sviðslistir, auk nám í skapandi skrifum.

„Meiningin er að klára þessa vinnu eigi síðar en í mars þannig að skólanefnd Verzlunarskólans geti tekið ákvörðun um hvort stofna eigi skólann. Ég er reyndar viss um að þetta verði að veruleika og í traustu umhverfi væru þarna 200 krakkar,“ segir Sölvi sem jafnframt hefur mikla trú á listnámi.

„Listnám eflir frumkvöðla og eflir leiðbeinendahæfileika í mönnum. Það eflir ímyndunaraflið og rökhugsun og þeir sem eru góðir á því sviði eru skapandi á öllum sviðum. Það hefur sýnt sig í Bandaríkjunum á þeim svæðum þar sem velmegun er mest búa fleiri listmenntaðir menn en annars staðar.“ *kristineva@frettabladid.is*



Sölvi Sveinsson er viss um að hugmyndin að listmenntaskóla verði að veruleika.



**● NÁMSGAGNASTOFNUN OPNAÐI NÝLEGA ÞRJÁ NÝJA VIÐAMIKLA VEFI UM LANDAFRÆÐI OG ÍSLENSKU.**

Um þessar mundir kemur út mikið af nýju námsefni hjá Námsgagnastofnun enda skólastarf að hefjast. Auk þess opnaði stofnunin þrjá viðamikla vefi um landafræði og íslensku.

Vefirnir eru Kortavefsjá af Íslandi, Lönd heimsins og Æfum íslensku.

Á kortavefsjánni eru upplýsingar um ár, eyjar, fjöll, fossa, jökla, vötn, þéttbýli og þjóðgarða á Íslandi. Þar er hægt að færa sig eftir kortinu og draga landshluta nær eða skoða afmarkaða hluta kortsins. Vefurinn er samstarfsverkefni Námsgagnastofnunar og Landmælinga Íslands.

Vefurinn Lönd heimsins hefur það að markmiði að veita vitneskju um veröldina sem við lifum í. Þar eru landfræðilegar staðreyndir sem hjálpa til við að skilja það sem við heyrum, sjáum og lesum um framandi lönd.

Á vefnum er gagnagrunnur sem hefur að geyma upplýsingar um marga ólíka þætti sem tengjast sérhverju landi, ásamt landakorti sem hægt er að stækka.

Æfum íslensku er þriðji vefurinn sem er miðaður við nemendur á miðstigi og unglingastigi grunnskólans.

Markmiðið er að auka málfærni nemenda í íslensku, bæði skilning og tjáningu og hjálpa þeim að fá tilfinningu fyrir beygingum málsins.

Nánari upplýsingar er að finna á www.nams.is.

# Myndmennt og náttúrufræði í uppáhaldi

Ísfirsku tvíburasysturnar Rósey Ósk Stefánsdóttir og Ragney Líf Stefánsdóttir kváðust aðeins vera farnar að búa sig undir lærdómsátök vetrarins með því að viða að sér bókum. Þær verða fimmtán ára á Þorláksmessu og eru að fara í 10. bekk, með samræmdum prófum og öllu því tilheyrandi. Segja þær að það leggist bara vel í sig. Hvað framtíðina varðar reikna þær með að verða í Menntaskólanum á Ísafirði að minnsta kosti fyrsta framhaldsskólaárið og báðar hafa þær háleit markmið. „Mig langar í arkítektúr eða hönnun,“ segir Rósey Ósk, „og mig langar annað hvort að verða ljósmóðir eða næringarfræðingur,“ segir Ragney Líf. Það kemur því ekki á óvart þegar uppáhaldsfag Róseyjar reynist vera myndmennt og Ragneyjar náttúrufræði. *- gun*



**Rósey Ósk og Ragney Líf voru að spóka sig í miðbæ Ísafjarðar með systkinin Elínu Matthildi, bráðum fimm ára, og Jens Gabríel Jónsson, bráðum tveggja, með sér.**
FRÉTTABLAÐIÐ/GUN


REIKNAÐU DÆMIÐ TIL ENDA OG ÞÚ FÆRÐ ÚT SHARP



EL-9900W
**Grafísk reiknivél**
**Kr. 9.900.-**
Hörð hlíf
827 reikniaðgerðir
64KB RAM
132 x 64 punkta skjár
Hægt að skipta upp skjá
Tengjanleg við tölvu (aukabúnaður)
Forritanleg



EL-W531HB
**Skólareiknivél**
Scientific
**Kr. 1.990.-**
Hörð hlíf
335 reikniaðgerðir
12 stafa skjár
4 línu skjár
Getur sýnt dæmi eins og skrifaðan texta



EL-506WB-BK
**Skólareiknivél**
Scientific
**Kr. 2.990.-**
Hörð hlíf
469 reikniaðgerðir
12 stafa skjár
2 línu skjár



EL-501WB-BK
**Skólareiknivél**
Scientific
**Kr. 990.-**
Hörð hlíf
131 reikniaðgerðir
10 stafa skjár

Vandaðar reiknivélar í skólastarfið á ótrúlegu verði.

ORMSSON

Þú gengur að gæðunum vísum!

SÍÐUMÚLA 9 · Sími 530 2800 | SMÁRALIND · Sími 530 2900 | AKUREYRI · Sími 461 5000 | KEFLAVÍK · Sími 421 1535 | www.ormsson.is




Í krefjandi vinnuumhverfi er nauðsynlegt að búa yfir afburða færni og fjölbreyttri þekkingu. Markmið starfsnáms okkar er að styrkja einstaklinginn og þjálfa hann til verka og sjálfstæðra vinnubragða.

## STARFSNÁM OG NÁMSBRAUTIR

Hnitmiðuð námskeið sem leggja áherslu á að styrkja einstaklinginn og þjálfa hann í verki og sjálfstæðum vinnubrögðum. Nám sem eykur möguleika þína á vinnumarkaðnum.

### *Skrifstofu- og tölvunám*
258 stundir - Verð: 233.000.-
2 morgunnámskeið byrja 3. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 4. september

### *Fjármál og rekstur*
132 stundir - Verð: 154.000.-
Morgunnámskeið byrjar 4. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 3. september

### *Sölu- og markaðsnám*
264 stundir - Verð: 233.000.-
Morgunnámskeið byrjar 3. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 4. september

### *Skrifstofunám & hönnun*
414 stundir - Verð: 389.000.-
2 morgunnámskeið byrja 3. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 4. september

### *Sölunám & hönnun*
420 stundir - Verð: 389.000.-
Morgunnámskeið byrjar 3. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 4. september

### *Skrifstofu- og rekstrarnám*
462 stundir - Verð: 449.000.-
2 morgunnámskeið byrja 3. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 4. september

### *Sölu-, markaðs- og rekstrarnám*
396 stundir - Verð: 366.000.-
Morgunnámskeið byrjar 3. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 4. september

## BÓKHALDSNÁM & NAVISION

Í bókhaldsnámi NTV er lögð rík áhersla á að kenna grunnhugtök og vinnubrögð við bókhald. Einnig er kennt á Navision tölvubókhaldskerfið sem mjög víða er notað.

### *Grunnnám í bókhaldi*
108 stundir - Verð: 105.000.-
Morgunnámskeið byrjar 10. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 10. september

### *Navision viðbótarnám*
24 stundir - Verð: 31.000.- pr. námskeið
Launabókhald, sala og viðskiptamenn,
fjárhagsbókhald frh. og birgða og tollakerfi.

## MARGMIÐLUN OG GRAFÍK

Námskeið fyrir þá sem hafa áhuga á margmiðlun og grafík og vilja starfa á því sviði.

### *Auglýsingatækni*
156 stundir - Verð: 186.000.-
Kvöldnámskeið byrjar 17. september

### *Photoshop Expert*
72 stundir - Verð: 106.000.-
Kvöldnámskeið byrjar 7. nóvember

### *Photoshop grunnnám*
30 stundir - Verð: 31.000.-
Morgunnámskeið byrjar 10. september
Kvöldnámskeið byrjar 5. september

### *Alvöru Vefsíðugerð*
210 stundir - Verð: 199.000.-
Kvöldnámskeið byrjar 18. september

### *Myndbandavinnsla – Adobe Premiere*
36 stundir - Verð: 39.000.-
Kvöldnámskeið byrjar 18. september

## SÉRHÆFT NÁM & FORRITUN

NTV hefur frá stofnun skólans 1996 lagt mikla áherslu á sérhæft nám byggt á alþjóðlegum grunni. Markmið okkar er að bjóða sérhæft nám sem hentar vinnumarkaðnum sem best.

### *Tölvuviðgerðir*
72 stundir - Verð: 105.000.-
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 24. september

### *MCP XP netstjórnun*
108 stundir - Verð: 139.000.-
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 10. september

### *MCSA 2003 netstjórnun*
150 stundir - Verð: 299.000.-
Helgarnámskeið byrjar 8. september

### *Kerfisstjórinn*
180 stundir - Verð: 233.000.-
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 24. september

### *Forritun og kerfisfræði*
240 stundir - Verð: 286.000.-
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 11. september

### *MCDST DIPLOMANÁM*
108 stundir - Verð: 139.000.-
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 2. október

## ALMENNT TÖLVUNÁM

### *Tölvunám - fyrstu skrefin*
30 stundir - Verð: 32.000.-
Morgunnámskeið byrjar 25. september
Kvöldnámskeið byrjar 24. september

### *ECDL-tölvunám*
78 stundir - Verð: 69.000.-
Morgunnámskeið byrjar 11. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 24. september

**INNRITUN FYRIR HAUSTÖNN 2007 STENDUR YFIR!**

**NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN** – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI : HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS

ntv

### ● SKÓLABÖRN Í UMFERÐINNI

Starf í grunnskólum landsins hefst í vikunni og því má búast við að sjá börn með skólatöskur rölta um borg og bæ á leið til og frá skóla. Af þessu tilefni hefur Slysavarnafélagið Landsbjörg tekið saman leiðbeiningar fyrir foreldra og forráðamenn skólabarna um hvernig best sé að búa þau undir þátttöku í umferðinni. Með þessu vonast félagið til að hægt sé að koma í veg fyrir slys á skólabörnum í umferðinni en með markvissum aðgerðum, svo sem lækkun hámarkshraða í íbúðarhverfum og aukinni fræðslu, hefur tekist að fækka umferðarslysum á börnum á undanförnum árum. Upplýsingarnar má finna á heimasíðu SL, www.landsbjorg.is



Aukin ökuréttind - Meirapróf

Nýlegir kennslubílar







ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD

Næsta námskeið byrjar 22. ágúst

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300

Dansað af gleði... vertu með

Samkvæmisdansar, ballroom, latin, salsa, línudansar, barnadansar, jazz



Innritun og upplýsingar alla virka daga kl. 10.00 -22.00 í síma 862 6168 og 896 4168

Faglærðir kennarar - frábært andrúmsloft

Hildur Ýr, Óli Geir, Maríus, Melissa, Arna Björg, Sandra Júlía, Sigrún Ýr ásamt aðstoðarfólki og fjölda erlendra gestakennara

Innritun er hafin

Allir velkomnir, byrjendur sem lengra komnir
Hóptímar og einkatímar fyrir sérstök tækifæri og hópa

kennsla hefst 8. sept.

Ath. Kópavogsbær styrkir 6-12 ára börn til danskennslu

3 kennslustaðir
HK-húsið Digranesi
Kópavogsskóli
Húnabúð, Skeifunni 11

DANSFÉLAGIÐ Hvönn

Dansfélagið Hvönn - HK-húsinu Digranesi, 2.hæð - S. 862 6168
e-mail: danshusid@islandia.is - www.hvonn.com



Guðbjörg Jónsdóttir, leikskólastýra Mánabrekku, ásamt kátum tónlistarnemum en á Mánabrekku er lögð ríkuleg áhersla á tónmennt.

# Metnaðurinn skiptir miklu máli

**Guðbjörg Jónsdóttir, leikskólastýra á Mánabrekku á Seltjarnarnesi, segir metnað fyrir því að fylgja settum stefnum á leikskólum skipta máli, en við það skapist góður starfsandi sem svo laði til sín hæfa starfsmenn. Hún talar einnig um að laun starfsmanna á leikskólum verði að hækka í takt við samfélagsbreytingar, þar sem uppeldi og kennsla barna fari að stórum hluta fram á slíkum stofnunum.**

Á hverju hausti tekur sama vandamálið við hjá leik- og grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu, sem er að ráða hæft fólk til starfa. Það þótti því fréttnæmt þegar tókst á örskömmum tíma að manna allar stöður á leikskólanum Hjalla í Hafnarfirði og ekki óhugsandi að sumir leikskólastjórar hafi íhugað kynbundnar stefnubreytingar.

Hjá leikskólum Seltjarnarness hefur það ekki komið til tals, enda hefur þeim haldist betur á starfsfólki en gengur og gerist víða annars staðar.

„Við höfum aldrei þurft að skerða dvalartíma barnanna hér í leikskólum Seltjarnarness, senda börn heim eða loka deildum og við stöndum algerlega við loforð um pláss,“ segir Guðbjörg Jónsdóttir leikskólastjóri, en hún hóf störf við leikskólann Mánabrekku fyrir tíu árum. Guðbjörg bendir jafnframt á að slík loforð sé ekki hægt að efna nema með samstilltu átaki allra starfsmanna og stuðningi frá bæjarfélaginu.

„Nýlega hefur komið til tals að bæta við svokölluðum -TV einingum á launaskrá faglærðra starfsmanna hérna og ófaglærðir fá á sama tíma sambærilegar álagsgreiðslur. Þetta er hugsað sem tímabundin launahækkun á meðan verið er að manna í stöðurnar, en vissulega skapast meira álag á það starfsfólk sem fyrir er meðan ekki er fullmannað í allar stöður. TV-einingarnar eru hugsaðar sem tímabundin umbun, en auðvitað þarf að taka þessi launmál til algerrar endurskoðunar,“ segir Guðbjörg og leggur ríka áherslu á orð sín.

„Eins og flestir gera sér grein fyrir eru launakjör starfsmanna á leikskólum alls ekki samkeppnishæf og þjóðfélagið þyrfti að hugsa þetta upp á nýtt. Leikskólar eiga mjög stóran þátt í uppeldi og kennslu barna í dag og hvorki foreldrar, börn né aðrir fella sig við mikið umrót á starfsfólki leikskólanna. Við viljum síður bjóða börnum upp á að vera sífellt að laga sig að nýju fólki,“ segir Guðbjörg en tekur um leið fram á að á Mánabrekku hafi starfsfólk kunnað vel við sig og tiltölulega fátítt að miklar mannabreytingar eigi sér stað með stuttu millibili.

„Ófaglærða starfsfólkið sem er að hætta núna á Mánabrekku hefur allt starfað hér í eitt til tvö ár. Þetta er allt fremur framsækið fólk sem er flest í listageiranum en eftir ákveðinn tíma vill það sækja sér áframhaldandi menntun og þá segir það upp störfum,“ segir hún.

Báðir leikskólar Seltjarnarness, Sólbrekka og Mánabrekka, hafa skýra stefnu um hvað skuli leggja áherslu á í náminu og hvaða stefnu skuli fylgt eftir. Mánabrekka leggur sig fram um að koma nemendum sínum í tengsl við náttúruna og svo er ríkuleg áhersla lögð á tónmennt.

„Það má segja að hér sé unnið metnaðarfullt starf og við leggjum okkur fram um að veita eins góða þjónustu og völ er á.

Sem dæmi um hana má nefna sérkennslu en hér erum við með sérstakan aðila í sérkennslu sem tekur þau börn sem slíkt þurfa algerlega að sér. Svo er talmeinafræðingur sem kemur vikulega og gerir prófanir, við höfum aðgang að sálfræðingi og iðjuþjálfa eftir þörfum, Íþróttahús Seltjarnarness stendur okkur til boða með skipulögðu íþróttastarfi og námskeiðum og vikulega er farið í vettvangsferðir með börnin þar sem náttúran er skoðuð, enda er það hluti af okkar stefnu að upplifa náttúruna og fara vel með hana. Nú svo kemur hingað tónmenntakennari í hverri viku sem hefur hugmyndafræði leikskólans að leiðarljósi, það er að segja að upplifa og nema tónlist í gegnum leik,“ segir Guðbjörg og bætir að lokum við að flestar stefnur leikskólanna hafi sitthvað til síns ágætis en þó sé það kannski metnaðurinn við að leggja rækt við stefnuna sem skipti meira máli. „Þegar leikskólar vinna metnaðarfullt starf þá spyrst það út, einkum vegna áhuga starfsfólksins á því sem það er að gera. Um leið myndast sterkur kjarni starfsfólks og þannig verður til góður og skapandi vinnustaður.

*margret@frettabladid.is*

DELL MÆLIR MEÐ WINDOWS VISTA™ HOME PREMIUM

# VIÐ KYNNUM NÝJA DELL INSPIRON FARTÖLVU – LITRÍKT ÚRVAL

Intel Core™ 2 Duo inside™
Dual-core. Do more.



NÝ INSPIRON™ 1520

8 MISMUNANDI LITIR

HD SKJÁR

MEDIADIRECT

INNBYGGÐ
2,0 MEGAPIXLA
VEFMYNDAVÉL

WI-FI CATCHER™

VELDU ÞINN LIT!



## INSPIRON 1520 KOSTAR 129.900,-
## eða 4.969,- á mánuði (miðað við 36 mánuði)

- Intel® Core™ 2 Duo örgjörvi T5250
- 1,50GHz, 667MHz FSB, 2MB L2 Cache
- 2GB 667MHz Dual Channel DDR2 vinnsluminni (2x1024)
- 15,4" Widescreen WXGA+ (1440x900) TrueLife skjár
- Innbyggð 2,0 megapixla myndavél
- 256MB nVidia GeForce Go 8600M GT skjákort
- 160GB 5400rpm SATA harður diskur
- 8X DVD+/-RW geisladrif ásamt hugbúnaði
- Windows Vista Home Premium
- 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

Dual Core örgjörvi og 15,4" WideScreen skjár gerir það að verkum að Inspiron 1520 hentar vel í hverskonar margmiðlun og tölvuleiki. Inspiron 1520 fæst í 8 litum og því átt þú að geta fundið eina sem passar þér. Snjöll og einföld, ef þú leitar að gæðafartölvu er Inspiron 1520 tölvan fyrir þig.

DELL

Dell, vörumerkið Dell, Inspiron, UltraSharp, TrueLife og TrueMobile eru vörumerki í eigu Dell Inc. Intel, Pentium og Core eru skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og öðrum löndum. Microsoft, Windows og Windows Vista eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Önnur nöfn eða vörumerki sem vísað er til í þessari auglýsingu geta verið í eigu annarra. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annarra.

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

EJS
www.ejs.is

# Símenntun og sveinspróf

**Fræðslusetur iðnaðarins er með fjölbreytt námskeið í haust ásamt umsjón með námssamningum og sveinsprófum.**

Iðan, fræðslusetur iðnaðarins, var stofnuð fyrir ári síðan og varð til við samruna fjögurra fræðslumiðstöðva í iðnaði og ferðaþjónustu. Eigandi Iðunnar eru samtök atvinnurekenda og launþega og um síðustu áramót bættist við fræðslumiðstöð bílgreina.

„Okkar hlutverk er fyrst og fremst að bæta hæfni fyrirtækja og starfsfólks í bíla-, bygginga- og málmiðngreinum, ásamt prentiðnaði og matvæla- og veitingagreinum. Við gerum það með markvissu fræðslustarfi, bæði með sértæku fræðsluframboði fyrir greinarnar og almennu fræðsluframboði sem til dæmis snýr að tölvuþekkingu, heilsuvernd og stjórnun og rekstri," segir Hildur Elín Vignisdóttir, framkvæmdastjóri Iðunnar.

Aðsóknin er mjög mikil að sögn Hildar, sem segir síaukna þörf fyrir þekkingu í iðngreinunum. „Sú þekking sem við höfum eftir að formlegu námi lýkur dugar ekki lengur ævilangt. Við þurfum sífellt að huga að starfshæfni og viðhalda og þróa þá þekkingu sem við þegar höfum," segir Hildur og nefnir meðal annars tækniframfarir, aukna samkeppni og kröfur um betri þjónustu sem ástæður.

Námskeið um vinnuvernd eru gríðarlega vinsæl hjá Iðunni að sögn Hildar, sem segir atvinnurekendum í auknum mæli umhugað um velferð starfsfólks. „Það hefur orðið gífurleg vitundarvakning um aðbúnað starfsfólks." Flest námskeið Iðunnar eru ætluð iðnaðarfólki en auk þess nefnir Hildur fagtengt íslenskunám fyrir erlenda iðnaðarmenn sem starfa í greinum sem tilheyra Iðunni.

Formlegt námsframboð er mest á haustin og vorin en að sögn Hildar er nóg að gera allan ársins hring. „Auk þess að sjá um endur- og símenntunarstarf í okkar greinum sjáum við um námssamninga og sveinspróf í öllum greinum nema rafiðnaði og skrúðgarðyrkju, þannig að við erum líka umsýsluskrifstofa fyrir ráðuneytið," segir Hildur.

Fram undan er fjölbreytt framboð námskeiða og á næstu dögum kemur Námsvísir Iðunnar til allra félagsmanna. Að sögn Hildar geta félagsmenn kynnt sér framboðið nánar á heimasíðu setursins og annað hvort skráð sig sjálfir eða gegnum atvinnuveitendur.

Allar nánari upplýsingar er að finna á: www.idan.is *rh@frettabladid.is*



**Hildur Elín Vignisdóttir segir námsframboð Iðunnar í haust vera bæði fjölbreytt og spennandai.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Kristín Helga Guðmundsdóttir, umsjónarmaður og kennari Fjarkennslu.com** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hnitmituð fjarkennsla á netinu

**Skólavefsetrið Fjarkennsla.com – símenntun og ráðgjöf hefur frá árinu 1997 boðið upp á sívinsæl námskeið sem nýst hafa nemendum vel í starfi.**

Námskeiðum Fjarkennslu.com má skipta í tvo flokka: Rekstur lítilla og meðalstórra fyrirtækja með áherslu á bókhald, mannauðsstjórnun og markaðssetningu, og svo fjölbreytt námskeið á netinu og í staðnámi fyrir fræðslustéttir.

„Námskeiðin fara fram í lokuðu námsumhverfi á netinu og eru mjög aðgengileg þátttakendum," segir Kristín Helga Guðmundsdóttir, umsjónarmaður og kennari Fjarkennslu.com. „Innan námsumhverfisins finna nemendur öll námsgögn á rafrænu formi, hvort sem það eru leiðbeiningar eða vikuleg verkefni. Einnig geta nemendur spjallað saman í rauntíma á spjallrásum og haft samskipti á vefráðstefnum," segir Kristín Helga, sem leggur áherslu á að kennarar séu nemendum afar sýnilegir þótt kennararnir sjái nemendur sína sjaldnast í eigin persónu.

„Kennarar hjálpa fólki að skipuleggja sig með því að senda út kennsluáætlun fyrir hverja viku og þeim er alltaf hægt að senda tölvupóst eða hringja. Í lok hverrar viku skila svo nemendur inn verkefnum sem kennarar fara yfir og meta í hvert sinn."

Að sögn Kristínar Helgu henta námskeið Fjarkennslu.com einkum þeim sem eiga illa heimangengt í staðkennslu, en námskeiðin hafa verið vel sótt frá upphafi af báðum kynjum og fólki á öllum aldri.

„Þetta er óformlegt nám en að námi loknu fá nemendur viðurkenningu sem hefur nýst mjög vel á vinnumarkaði og er metin í framhaldsskólum. Námið er hnitmiðað og ætlað þeim sem vilja bæta við þekkingu sína og færni. Það er strembið upp að vissu marki en með góðri skipulagningu er vel hægt að stunda það með vinnu."

Námskeið Fjarkennslu.com eru frá fjórum vikum upp í átta vikur og kosta frá 35.000 til 60.000 krónum.




**● SKÓLASETNING HR**

Skólasetning Háskólans í Reykjavík fór fram föstudaginn 17. ágúst sl. Dr. Svafa Grönfeldt, rektor skólans, bauð nýja nemendur velkomna og í kjölfarið var skólinn og starfsemi hans kynnt fyrir hinum nýju nemendum.

Rúmlega 1.200 nýnemar hefja nú nám í HR, en um 2.000 umsóknir bárust um skólavist í HR í vor, sem eru fleiri umsóknir en nokkru sinni fyrr.

Mikil áhersla er lögð á að skapa þessum nýju nemendum hvetjandi námsumhverfi sem gerir þeim kleift að vaxa og dafna. Framtíðarsýn HR er að verða alþjóðlegur og þverfaglegur háskóli sem verður fyrsti valkostur íslenskra háskólanema.

Að lokinni skólasetningu og nýnemakynningu bauð Stúdentafélag HR til glæsilegrar grillveislu.



**Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík.**

# GÁFAÐAR GRÆJUR Í SKÓLANN

## Þú getur treyst á mest seldu fartölvur í heimi!*

### HP Pavilion dv6331



Örgjörvi: AMD Turion 64 X2 1,8 GHz (dual core)
Vinnsluminni: 2 GB
Skjár: 15,4" WXGA
Harður diskur: 160 GB SATA
Geisladrif: Lightscribe dual layer DVD skrifari
Minniskortalesari: 5 í 1
Vefmyndavél og fjarstýring
Skjástýring: Nvidia GeForce Go 7200, allt að 256 MB
Stýrikerfi: Microsoft Vista Home Premium
Glæsilegur hugbúnaðarpakki

**Verð 119.900 kr.**



### Sérstakt tilboðsverð á Office 2007:

Microsoft Office Home & Student 2007

**14.900 kr.**

### HP Pavilion dv6317



Örgjörvi: AMD Turion 64 X2 1,6 GHz (dual core)
Vinnsluminni: 1 GB
Skjár: 15,4" WXGA
Harður diskur: 120 GB SATA
Geisladrif: Dual layer DVD skrifari
Skjástýring: Nvidia GeForce Go 6150, allt að 128 MB
Stýrikerfi: Microsoft Vista Home Premium
Glæsilegur hugbúnaðarpakki

**Verð 99.900 kr.**

**Með hverri tölvu fæst 20% afsláttur**



**HP Photosmart** C4280 fjölnotatæki CC210B
Prentari - Skanni - Fjölföldun

**Listaverð 11.900 kr.**

### HP Compaq 6715s



Örgjörvi: AMD Sempron 3600+ 2 GHz
Vinnsluminni: 1 GB
Skjár: 15,4" WXGA
Harður diskur: 80 GB
Geisladrif: Lightscribe DVD skrifari
Skjástýring: ATI X1350, allt að 512 MB
Stýrikerfi: Microsoft Vista Home Basic

**Verð 79.900 kr.**

**Skoðaðu úrvalið á www.fartolvur.is**

hp ® invent

**Verslun Opinna kerfa, Höfðabakka 9.**
**Komdu og nýttu þér þjónustu færustu sérfræðinga okkar.**

* IDC EMEA PC Tracker - 2007

OPIN KERFI

Opin kerfi ehf. • Höfðabakka 9 • 110 Reykjavík • Sími 570 1000 • Fax 570 1001 • www.ok.is

MYNDLISTASKÓLINN
Í REYKJAVÍK
HAUST 2007
NÁMSKEIÐ HEFJAST Í LOK SEPTEMBER
JL-húsinu, Hringbraut 121
og á Korpúlfsstöðum
www.myndlistaskolinn.is

BARNA- OG UNGLINGADEILD
14 vikna námskeið fyrir 3-5 ára
3-5 ára laugard. 10.15-12.00 Gerður Leifsdóttir
3-5 ára miðvikud. 15:15-17:00 Sigríður Helga Hauksd.

námskeið fyrir 6-9 ára vetrarlöng og 14 vikna
6 - 9 ára mánud. 15:15-17:00 Anna Hallin
6 - 9 ára mánud. 15:15-17:00 Björk Guðnadóttir
6 - 9 ára þriðjud. 15:15-17:00 Elva Hreiðarsdóttir
6 - 9 ára **Korpu** þriðjud. 15:15-17:00 Helgi Þórsson
6 - 9 ára miðvikud. 15:15-17:00 Gerður Leifsdóttir
6 - 9 ára **Korpu** miðvikud. 15:15-17:00 Elva Hreiðarsdóttir
6 - 9 ára fimmtud. 15.15-17.00 Kristín Reynisdóttir
6 - 9 ára föstud. 15:15-17:00 Kristín Reynisdóttir
6 - 9 ára laugard. 10:00-11:45 Björk Guðnadóttir

14 vikna námskeið fyrir 8 -12 ára
10-12 ára miðvikud. 15:00-17:15 Þorbjörg Þorvaldsdóttir
10-12 ára **Korpu** miðvikud. 15:00-17:15 Helgi Þórsson
10-12 ára Myndlist-verkmennt-video mánud. 15:00-17:15 Gerður Leifsdóttir
9 -13 ára Myndlist-tæknifikt þriðjud. 15:00-17:15 Anna Hallin og Pétur Örn Friðriksson
9 -11 ára Leirrennsla og mótun miðvikud.15:00 - 17:15 Guðbjörg Káradóttir og Anna Hallin
8 -11 ára Myndlist-verkmennt fimmtud. 15:15-17:00 Gerður Leifsdóttir
10-12 ára Myndlist / myndasögur föstud. 15:00-17:15 Þorbjörg Þorvaldsdóttir ásamt gestakennurum.
10-12 ára Leirrennsla og mótun laugard. 10:00-12:15 Guðbjörg Káradóttir og Anna Hallin

14 vikna námskeið fyrir ungt fólk
13-16 ára Leirmótun föstud. 16:30-19:30 Guðný Magnúsdóttir
13-16 Grafík-Götulist laugard.10:00-13:00 Kristín Hauksd.og Sara Riel
13-16 Teikn.-Málun-þrívídd. föstud 16:00-19:00 Sigríður Ólafsdóttir og Þorbjörg Þorvaldsdóttir
13-16 Teikning-grafík-keramik **Korpu** fimmtud.15:30-18:30 Elva Hreiðarsdóttir
13-16 Myndasögugerð fimmtud.16:00-19:00 Bjarni Hinriksson og Búi Kristjánsson
16-19 ára Vídeó, hljóð og allra handa föndur þriðjud. 17.45-21.45 Sigurður Guðjónsson og Helgi Þórsson

KERAMIKDEILD
14 vikna námskeið í leirrennslu og -mótun
Grundvallaratriði í keramik miðvikud.18:00-22:00 Guðný Magnúsdóttir og Guðbjörg Káradóttir.
Leirmótun og rennsla þriðjud.17:30-20:15 Guðný Magnúsdóttir
Leirkerarennsla mánud.17:30-20:15 Guðbjörg Káradóttir

TEIKNIDEILD
undirstöðugreinar sjónmennta
Módelteikning mánud. 17:45-20:30 Þorbjörg Þorvaldsdóttir
Teikning 1 þriðjud. 17:30-21:30 Eygló Harðardóttir
Teikning 1 morgunt. miðvikud. 09:00-11:45 Sólveig Aðalsteinsdóttir
Teikning 1 miðvikud. 17:30-21:30 Sólveig Aðalsteinsdóttir
Teikning 2 mánud. 17:30-21:30 Hilmar Guðjónsson
Portretteikning fyrir byrjendur fimmtud. 17:30-20:30 Karl Jóhann Jónsson
Módelteikn.-mótun-hreyfimynd miðvikud 17:30-20:30 Sigríður H. Hauksd.

form/rými - bókverk - portfolio - ljósmyndun - indesign
Bókverk mánud. 17.30-21.30 Ósk Vilhjálmsdóttir
Stafræn ljósmyndun mánud. 18:00-20.45 Brooks Walker
Svart / hvít ljósmyndun mánud. 18:00-20.45 Erla Stefánsdóttir
Form, rými og hönnun mið. 17:30-20:30
Brynhildur Pálsdóttir, Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir og Guja Dögg Hauksd.
Skapandi starfsvettvangur (portfolio) þriðjud.17:30-20:15 Ósk Vilhjálmsdóttir
Indesign/photoshop Helgarnámskeið (tími augl.síðar) Magnús V.Pálsson

MÁLARADEILD
Vatnslitun þriðjud. 17:30-20:15 Hlíf Ásgrímsdóttir
Litaskynjun fimmtud. 17:30-21:30 Eygló Harðardóttir
Frjáls málun föstud. 13:00-15:45 Þuríður Sigurðardóttir
Málun 1 (vetrarl.) þriðjud. 17:30-20:15 Þorri Hringsson
Málun 2 (vetrarl.) mánud. 17:30-20:15 Sigríður Ólafsdóttir
Málun 3 (vetrarl.) miðvikud. 17:30-20:15 JBK Ransú
Málun 1 morguntímar mið. 09:00-11:45 Sigríður Ólafsdóttir
Málun 2 morguntímar mið. 09.00-11.45 Þorri Hringsson/Hlíf Ásgrímsd.
Málun 3 morguntímar mið. 09:00-11:45 JBK Ransú
Framhaldsnámskeið í málun fimmtud. 17:30-20:15 Hulda Stefánsdóttir
Portret / málun framhald. laugard. 10:00-13:00 Karl Jóhann Jónsson

INNRITUN
sími 551 1990
www.myndlistaskolinn.is



Sigríður Anna Guðjónsdóttir, verkefnastjóri hjá SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu, sem hefur veg og vanda af hinum nýju námsbrautum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Góðar tekjur og skjótur frami í verslun og þjónustu

**Skrifstofubraut og verslunarbraut verða í boði í nokkrum framhaldsskólum í haust.**

Í haust munu fjórir framhaldsskólar hefja kennslu á tveimur nýjum námsbrautum: skrifstofubraut og verslunarbraut. Telja má víst að miklir framamöguleikar séu fyrir fólk sem aflar sér sérsniðinnar menntunar sem mætir þörfum verslunar og þjónustu, og ekki vafi að atvinnurekendur munu taka einstaklingum með slíka menntun opnum örmum.

Námið verður boðið í Borgarholtsskóla, Verkmenntaskóla Akureyrar, Verkmenntaskóla Austurlands og Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

„Með þessum möguleika er komin leið til að beina ungu fólki inn í þjónustugeirann, sem er óneitanlega sú grein atvinnulífsins sem vex hraðast,“ segir Sigríður Anna Guðjónsdóttir, verkefnastjóri hjá SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu – og formaður Starfsgreinaráðs skrifstofu- og verslunargreina, en Starfsgreinaráðið hefur haft veg og vanda af undirbúningi námsbrautanna. Námið byggir á sameiginlegum grunni; grunnnámi þjónustugreina og öðrum séráföngum þar sem nemendur eru enn frekar búnir undir störf í skrifstofu- og verslunargreinum.

„Hlutdeild þjónustu í þjóðartekjum nemur tæpum sjötíu prósentum að meðtalinni opinberri þjónustu og verslun, sem er svipuð hlutdeild og er innan ESB. Fleiri ný störf verða til í þjónustu en í öðrum atvinnugreinum og möguleiki á góðum tekjum og skjótum frama er þar vissulega til staðar. Fyrirtæki í þjónustugeiranum líta á allan heiminn sem sitt athafnasvæði og því eru þeir sem afla sér menntunar í greininni ekki bara gjaldgengir hér heima heldur um allan heim,“ segir Sigríður Anna, en vonir standa til að fleiri skólar bjóði þessar námsbrautir strax á næsta ári.

„Þetta nýja nám er ekki bara hagnýtt, bóklegt og verklegt, heldur býður upp á áhugaverðar tengingar við atvinnulífið og möguleika til framhaldsnáms. Fyrirtæki í þjónustugeiranum leggja í vaxandi mæli áherslu á að byggja upp framtíðarstarfsmenn og því er tenging við fyrirtæki á námstímanum spennandi tækifæri fyrir nemendur,“ segir Sigríður Anna, en fyrstu þrjár annirnar er námið bóklegt. Fjórðu önnina velja nemendur sér leið á starfsvettvangi verslunar eða þjónustu.

„Þeir sem byrja núna skapa sér samkeppnisforskot þar sem fjölbreytt þekking og færni munu nýtast strax og þeir hefja störf,“ segir Sigríður Anna.

Upplýsingar um námsuppbygginguna og þá möguleika sem í náminu felast má finna á www.namogstarf.is.

*thordis@frettabladid.is*

# Við erum aðal villingarnir

Þeir Davíð Snæbjörnsson á fimmtánda ári og Andri Pétur Þrastarson fimmtán ára eru nemendur í Grunnskóla Ísafjarðar. Nýtt skólahús er að rísa í miðbænum en meðan það er ekki komið í gagnið fer kennslan fram á ýmsum stöðum í næsta nágrenni, svo sem í gamla kaupfélaginu og efri hæð sundhallarinnar, þar sem bókasafnið var.

Þetta er fínn skóli,“ segja þeir. Davíð býr úti í Hnífsdal en báðir búa þeir svo vel að eiga mæður sem vinna í skólanum og geta því fengið far með þeim á morgnana. Skólasetningin er á föstudaginn og þeir hlakka til. „Það er fínt að hitta alla aftur,“ segja þeir. En hvað er skemmtilegast að læra þar? „Það er smíðin,“ segir Davíð og hefur í hyggju að smíða lampa, snjóstökkbretti og hjólabretti í vetur. Andri nefnir stuttmyndagerð. „Ég var í stuttmyndagerð í fyrra og fannst það mjög gaman. Ég hef verið beðinn að aðstoða kennarann í vetur. Er með klippigræjur í tölvunni minni og er að fara að kaupa stafræna vídeóvél. Í vetur ætla ég að taka upp snjóbrettastökk og fleira bæði inni á dal og uppi á heiði.“



Andri Pétur og Davíð hlakka til að hitta félagana í skólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

Andri hefur í sumar unnið í Bónus en Davíð nýtti sumarið til að heimsækja ættingja sína í Póllandi. Þeir segjast vera bestu vinir núna. „Við erum aðal villingarnir á Ísafirði,“ segja þeir glettnislega að lokum.

*- gun*

MAX RAFTÆKI

# 3ja ára KASKÓ

## ALTRYGGING FYLGIR



**Acer Aspire 5633WLMi-1G80**
- 1.67Ghz Intel Core 2 Duo T5500 örgjörvi
- 1GB vinnsluminni, 80GB harðdiskur
- DVD+/-RW skrifari, 15,4" CrystalBrite skjár (1280x800)
- Intel GMA950 128MB skjákort
- Þráðlaust a/b/g netkort
- Windows Vista Home Premium
- **3ja ára fartölvutrygging að verðmæti kr. 20.000 fylgir með frítt!**

**Raðgreiðslur 3.325 kr.**

*að meðaltali á mánuði í 36 mánuði*

**84.989 kr.** staðgreitt

**3ja ára KASKÓ**

**ALTRYGGING FYLGIR FRÍTT MEÐ VÖLDUM FARTÖLVUM**

Fartölvu Kaskótrygging frá VERÐI bætir tjón sem stafar af: skyndilegum og óvæntum óhöppum í notkun, flutningi eða geymslu, innri vélrænum bilunum svo og innbroti. Nánari upplýsingar um trygginguna veita sölumenn hjá MAX og hjá VERÐI.

vörður

**Seljum yfir 30 gerðir af fartölvum**

acer ASUS lenovo SONY hp FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Frábær tækjakaup

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200
**Við erum beint á móti IKEA**

MAX

# Einfaldleiki og skýrleiki skiptir miklu á netinu

**Gott skipulag, öguð vörustjórnun og hátt tæknistig er það sem sker úr um árangur á kennslubókamarkaði, að mati Sigurðar Pálssonar hjá Bóksölu stúdenta.**

Nemendur á öllum skólastigum viða nú í byrjun skólaárs að sér námsbókum. Mikið er um að vera í bóka- og ritfangabúðum og Bóksala stúdenta er þar engin undantekning. Sigurður Pálsson er rekstrarstjóri Bóksölunnar, sem er ein af rekstrareiningum Félagsstofnun stúdenta og hefur þjónustað háskólanemendur og í hátt í fjörutíu ár.

„Það má segja að salan hafi formlega farið af stað á mánudaginn,“ segir Sigurður en þá hófst kennsla í Háskólanum í Reykjavík. Margir menntaskólanna byrja á fimmtudaginn auk þess sem verk- og raunvísindadeild byrja í næstu viku og 3. september þær deildir sem eftir eru. „Þetta dreifist því nokkuð þétt yfir þrjár vikur. Það er þokkalegt umhverfi fyrir okkur að geta dreift þessu á þennan hátt enda getum við þá veitt betri þjónustu,“ segir Sigurður, sem telur nokkur atriði skera úr um árangur á kennslubókamarkaðnum. „Gott skipulag, öguð vörustjórnun og hátt tæknistig,“ segir Sigurður en Bóksala stúdenta leggur mikið upp úr því að nýta sér tæknina og netið. „Einfaldleikinn og skýrleikinn skipta þar mestu máli en það er algert lykilatriði að fólk geti leitað upplýsinga á einfaldan hátt á netinu og við teljum okkur standa mjög framarlega samanborið við aðra,“ segir Sigurður, sem telur miklar framfarir hafa orðið í aðgengi upplýsinga á netinu. Sem gott dæmi nefnir hann Háskólann í Reykjavík, sem byggir heimasíðu sína þannig upp að hægt er að velja deild, námskeiðslýsingu og loks bókalista sem er beintengdur inn á vef Bóksölu stúdenta. „Oft var það þannig að menn voru með bókalista annars staðar en við erum komnir með heilmikla reynslu af því að setja aðeins það inn á netið sem skiptir máli. Í þessu tilviki hefur Háskólinn í Reykjavík tengt okkur beint inn. Það styttir boðleiðir og dregur úr flækjum.“

Fólk getur einnig keypt bækur hjá Bóksölunni í gegnum netið og fengið sendar gegn hóflegu gjaldi. Sigurður segir mjög mikilvægt að vefurinn hjá Bóksölu stúdenta sé í rauntíma. Þar sé hægt að ganga að því vísu að upplýsingar séu réttar og að þær bækur sem eru keyptar séu í raun til. Í öðrum vefverslunum brenni við að vara sem hafi verið keypt sé ekki til þegar á reyni.



Haustvertíðin í Bóksölu stúdenta dreifist nokkuð jafnt yfir þrjár vikur enda byrja skólar og deildir á mismunandi tímum. Sigurður Pálsson, rekstrarstjóri Bóksölu stúdenta, stendur hér innan um bókastaflana sem munu rjúka út á næstu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bóksala stúdenta þjónustar fyrst og fremst háskólana á höfuðborgarsvæðinu, það er Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Kennaraháskólann og Háskólann á Bifröst. „Það þarf ákveðna sérþekkingu í svona starf,“ segir Sigurður ákveðinn og ekki að undra að bóksalan hafi að mestu fengið að hafa háskólabókamarkaðinn út af fyrir sig enda þekkt fyrir sérhæft og reynslumikið starfsfólk.

Þann 1. desember er von á nokkrum breytingum þegar bóksalan flytur í nýtt Háskólatorg. „Við verðum meira inni í hjarta háskólasvæðisins og starfsmenn háskólans munu hafa betra aðgengi að búðinni,“ segir Sigurður og snýr sér aftur að annríkinu sem ríkir í Bóksölunni. *solveig@frettabladid.is*

capacent

STJÓRNENDASKÓLI CAPACENT

LENGRA NÁM VETURINN 2007-2008

Stjórnendaskóli Capacent byggir á áralangri reynslu Capacent í þjálfun og kennslu á fyrirtækjamarkaði, þar sem áherslan hefur verið á hagnýta þjálfun sem nýttist þátttakendum strax að námi loknu í starfi og lífi.

Veturinn 2007-2008 er boðið upp á mikinn fjölda námskeiða á vegum stjórnendaskólans. Helstu nýjungarnar á þeim vettvangi er aukinn fjöldi lengri námsleiða, þar sem áherslan er að ná heildstæðri sýn á rekstur fyrirtækja; það sem við köllum f-in fjögur: fjármál, forystu, fólk og ferla.

Lengra nám á döfinni:
- Stjórnendur framtíðarinnar. Hefst 12. september.
- Fjármál stjórnandans. Hefst 12. september.
- Leiðtoginn – samskiptahæfni. Hefst 13. september.
- Markviss mannauðsstjórnun. Hefst 13. september.
- Stjórnun og forysta í skólaumhverfi „Árangur á öllum sviðum“ 30 einingar.
- Markaðsmál fyrir stjórnendur. Hefst 19. september.
- Stjórnun og forysta í skólaumhverfi „Árangur á öllum sviðum“ 15 einingar.
- Stjórnendur framtíðarinnar II. Hefst 21. september.
- Nám fyrir almenna bókara. Hefst 4. október.
- Breytingastjórnun – vinnustofa. Hefst 10. október.
- Verkefnastjórnun með Morten Fangel. Hefst í janúar.

Hægt er að sækja um styrk hjá námssjóðum verkalýðs- og fagfélaga.
Skráning og nánari upplýsingar á www.capacent.is, namskeid@capacent.is eða í síma 540 1000.

www.capacent.is



MARÍA ELLINGSEN, LEIKSTJÓRI, LEIKKONA & ÞJÁLFARI HJÁ CAPACENT RÁÐGJÖF.

# FJARKENNSLA.IS

# LANGAR ÞIG TIL AÐ LÆRA AÐ LÆRA?

Líttu á námskeið okkar í námstækni á fjarkennsla.is

Ný og spennandi heimasíða, fjarkennsla.is. Námskeiðin hafa aldrei verið fjölbreyttari og skemmtilegri.

**Litríkt dæmi:**
Kanntu að maska í Photoshop?
Frábært myndvinnslunámskeið.

**Sjóðheitt dæmi:**
Viltu verða listakokkur?
Matreiðslunámskeið fyrir sælkera.

**HRINGDU NÚNA**
í síma 511 4510
og fáðu
14 daga frítt.

FJARKENNSLA EHF. // HELGUGÖTU 1 // 310 BORGARNESI // SÍMI 511 4510 // FJARKENNSLA@FJARKENNSLA.IS // WWW.FJARKENNSLA.IS



Á AKUREYRI

FORNÁMSDEILD - 39 eininga heildstætt nám

Alhliða undirbúningur fyrir nám í hönnun og listum á æðra skólastigi. Námið er skipulagt með hliðsjón af aðalnámskrá framhaldsskóla og í því felst listrænn og tæknilegur undirbúningur fyrir framhaldsnám á sviði myndlistar, hönnunar og arkitektúrs. Umsóknarfrestur til 30. ágúst.

Myndlistaskólinn á Akureyri er fagmiðaður einkaskóli - www.myndak.is - Sími: 462 4958







Ásrún Davíðsdóttir, aðstoðarskólastjóri Söngskólans í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Strákar úr mútum óskast

**Inntökupróf í Ungmennadeild Söngskólans í Reykjavík fara fram 24. ágúst og í fyrsta sinn fá þar ungir menn sem komnir eru út mútum að spreyta sig.**

„Þegar strákar eru komnir úr mútum geta þeir ekki lengur deilt söngtímum með stúlkum og þá er nauðsynlegt að aðskilja karlaraddir frá kvenröddum,“ segir Ásrún Davíðsdóttir, aðstoðarskólastjóri Söngskólans í Reykjavík, um nýjustu söngdeild skólans.

„Undanfarinn áratug hefur unglingadeildir Söngskólans blómstrað, en stúlkur verið í meirihluta ört stækkandi hóps umsækjenda og nemenda. Nú viljum við fá stráka sem senn verða ungir menn inn í sérstaka Ungmennadeild og til þess þurfa þeir að vera komnir úr mútum því annars líkjast raddir þeirra enn stúlknaröddum,“ segir Ásrún, en í náminu verður ekki um einkatíma að ræða.

„Slíkt yrði of dýrt á þessu námsstigi, en nemendur verða í tveggja til þriggja manna hópum og fá þar vitaskuld einkakennslu þannig að unnið verður með hverja rödd fyrir sig í raddbeitingu, og svo er samsöngur kenndur í stærri hópum,“ segir Ásrún og bætir við að allir nemendur Söngskólans fái tækifæri til að taka þátt í sýningum með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Óperukórnum, sem og eigin söngleikjum og öðru tónleikahaldi á námstímanum.

Það er enski barítónsöngvarinn Alexander Ashworth sem verður aðalkennari í nýrri ungmennadeild skólans.

„Alexander er frábær maður með mikla hæfileika; hann er afbragðs söngvari, góður raddkennari og spilar fantavel á píanó. Hann hefur náð einstaklega vel til þeirra ungu manna sem þegar stunda nám við skólann,“ segir Ásrún, en sökum fjöldatakmarkanna þarf inntökupróf í skólann.

„Við erum ströng en sanngjörn í inntökuprófunum og leitum fyrst og fremst að þeim sem hafa gott tóneyra auk góðra radda, að sjálfsögðu! Ár frá ári fáum við betur undirbúna krakka í skólann því tónlistarmenntun er orðin svo blómleg, og oftar en ekki eru umsækjendur búnir að syngja bæði í kórum og læra á hljóðfæri,“ segir Ásrún, sem gleðst yfir þeirri þróun að æ fleiri strákar sæki um hvers kyns listnám nú en áður.

Nám við Ungmennadeildina kostar 110 þúsund krónur fyrir allan veturinn. Innifalin eru öll skólagögn. Skólasetning er 29. ágúst.

thordis@frettabladid.is


CINTAMANI
SPJARAÐU ÞIG!
RÓBERT FLÍSPEYSA
RÓBERT FLÍSPEYSA
RÓBERT FLÍSPEYSA
SKÓLABÓKARDÆMI
SMÁRALIND SÍMI 545 1550 GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 KRINGLUNNI SÍMI 545 1580
ÚTILÍF








Einar og Beverly við kartöflugarðinn á leikskólalóðinni þar sem börnin læra meðal annars hvernig matur verður til. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Áhugamál og hugsjón

**Frelsi og sjálfstæði einstaklingsins er meðal þesssem Montessori-leikskólar leggja áherslu á. Sá fyrsti hér á landi er í Sjálandsskóla í Garðabæ. Stjórnendur hans eru hjónin Beverly og Einar Gíslason.**

Hugmyndafræðin sem Montessorisetrið í Sjálandsskóla fylgir er þekkt um allan heim og kennd við hinn ítalska uppeldisfrömuð Maríu Montessori. Markmið hennar er að barnið hafi frelsi til að velja sér viðfangsefni, fræðist sjálft á sínum eigin hraða og tileinki sér sjálfstæði í hugsun, að sögn Einars Gíslasonar, annars stjórnenda setursins. „Við höfum eitt inntökupróf. Það er fólgið í að börnin geti gengið án þess að styðja sig við veggina,“ bætir hann við brosandi.

Beverly er frá Seattle í Bandaríkjunum og þar kynntust þau Einar fyrir um fjörutíu árum. Þau eru bæði kennarar og hafa unnið mikið með börnum. Voru meðal annars með barnastarf í níu ár á Hjalteyri við Eyjafjörð. „Við erum barnlaus sjálf en njótum þess að vera með börnum og hjálpa til að ala þau upp,“ segir Einar.

Þau hjónin stofnuðu Montessorisetrið á síðasta ári en áður ráku þau dagvist heima hjá sér í Garðabænum og voru þar með börn allt niður í átta mánaða gömul. Beverly kveðst hafa viljað tileinka sér Montessori-stefnuna og stundað fjarnám í henni gegnum tölvuna. „Síðan leigðum við húsið okkar í tvö ár, fórum til Bandaríkjanna og þar varð ég fullnuma,“ segir hún.

Nú eru 22 börn í Montessorisetrinu en Einar og Beverly stefna að því að fjölga þeim í 30 og bæta við kennurum. Þar eru þrír auk þeirra. Þau segja skólann skiptast í þrjár deildir. Í byrjunardeildinni læri börnin meðal annars að taka til eftir sig. Tveggja og hálfs árs klæði þau sig sjálf í útiföt-in og úr og hengi þau upp. Í miðdeildinni leika þau sér hvert á sínu teppi en ganga ekki óboðin á annarra yfirráðasvæði. Þó mega þau leika tvö og tvö saman. Áhersla er lögð á rólegt andrúmsloft og hollt fæði. Í efstu deildinni eru sérstaklega hönnuð kennsluleikföng og þar læra þau undirstöðu að lestri, stærðfræði, landafræði og vísindum með leik. „Börn eru eins og svampar. Þau hafa margfalt meiri móttökuhæfileika á þessum aldri en fullorðið fólk,“ segir Einar.

Beverly er rúmlega sextug og Einar er kominn fast að sjötugu. Þar sem margir jafnaldrar þeirra eru farnir að taka því rólega eru þau í lokin spurð hvernig þau nenni að brasa í svona hlutum. „Ég var einu sinni atvinnulaus í hálft ár í Bandaríkjunum og það var hræðilegt. Ég skil ekki þá sem geta allt í einu sest niður og gert ekki neitt,“ svarar Einar og bætir við: „Þetta er okkar áhugamál og hugsjón.“ Beverly tekur undir það „Okkur er líka mjög vel tekið og foreldrar barnanna sem eru hjá okkur styðja okkur fullkomlega.“

*gun@frettabladid.is*



Margs konar þroskaleikföng standa börnunum til boða.



Einar, Beverly og fleiri starfsmenn Montessori-setursins með börnin á útisvæði leikskólans.




**Hótelstjórnun · Flugþjónustunám · Hagnýtt ferðafræðinám · Starfstengt ferðafræðinám**
**Afþreyingarleiðsögn · Almenn leiðsögn · Gönguleiðsögn · Leiðsögn með Íslendinga**

# Spennandi starfsnám í hótel- og ferðaþjónustu í MK

innritun stendur yfir

## Hótelstjórnun

**Nám á háskólastigi kennt í samstarfi við César Ritz Colleges í Sviss.**

Spennandi námsmöguleiki fyrir nemendur sem lokið hafa sveinsprófi í matvælagreinum og/eða stúdentsprófi. Námið veitir alþjóðlegt diploma í hótelstjórnun og tekur tvær annir ásamt 1000 vinnustundum í starfsþjálfun. Í framhaldi býðst nemendum að ljúka BS-námi hjá César Ritz Colleges í Sviss.

## Flugþjónustunám

**Undirbúningsnám fyrir verðandi flugfreyjur og flugþjóna.**

Námið tekur eina önn. Kennt er síðdegis mánudaga til fimmtudaga. Umsækjendur þurfa að hafa náð 21 árs aldri og vera með stúdentspróf eða annað sambærilegt nám og hafa gott vald á tveimur erlendum tungumálum.

## Hagnýtt ferðafræðinám - fjarnám

**Hnitmiðað nám sem er sérsniðið fyrir þá sem starfa við ferðaþjónustu á landsbyggðinni.**

Námið tekur tvær annir. Kennsla hefst í október og henni lýkur í apríl.

## Starfstengt ferðafræðinám

**Hagnýtt nám fyrir þá sem vilja starfa í ferðaþjónustufyrirtækjum.**

Námið skiptist í bóklegt nám í tvær annir og þriggja mánaða starfsþjálfun hjá ferðaþjónustufyrirtæki. Kennt er síðdegis, mánudaga til fimmtudaga.
Umsækjendur þurfa að hafa náð 21 árs aldri og vera með stúdentspróf eða annað sambærilegt nám.

## Leiðsögunám

**Leiðsögunám er eins árs kvöldnám. Kennt er mánudaga til miðvikudaga. Umsækjendur skulu vera 21 árs, vera með stúdentspróf eða sambærilega menntun ásamt því að hafa gott vald á einu erlendu tungumáli.**

Leiðsögunám veitir nemendum þjálfun í leiðsögn og haldgóða þekkingu á svæðum landsins, náttúru, sögu og menningu. Vettvangs- og æfingaferðir gegna veigamiklu hlutverki í öllum kjörsviðum. Námið skiptist í kjarna og kjörsvið. Fyrri önnin er almennt nám (kjarni), á seinni önn velja nemendur sér kjörsvið (sérhæfingu).

*Eftirtalin kjörsvið eru í boði:*

### Afþreyingarleiðsögn

Afþreyingarleiðsögumenn kynnast eðli og framboði afþreyingar á Íslandi með sérstakri áherslu á hvata- og ævintýraferðir.

### Almenn leiðsögn

Almennir leiðsögumenn eru þjálfaðir til skipulagðra ferða um landið í hópferðabifreiðum.

### Gönguleiðsögn

Gönguleiðsögumenn fá kennslu og þjálfun í að fara með ferðamenn í lengri eða styttri gönguferðir.

Nýtt!

### Leiðsögn með Íslendinga

Leiðsögn með Íslendinga er ný námsleið við skólann. Á því kjörsviði er áherslan á menningar- og sögutengda leiðsögn.

FABRIKAN

**MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI**

HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN · FERÐAMÁLASKÓLINN · LEIÐSÖGUSKÓLINN

Upplýsingar á www.mk.is og á skrifstofu skólans í síma 5944000

Ferðamálaskólinn | sími: 594 4020 |
Leiðsöguskólinn | sími: 594 4025 |

# Brautargengi kvenkyns frumkvöðla

**Frumkvöðlanámskeið fyrir konur á vegum IMPRU nýsköpunarmiðstöðvar hefja göngu sína í haust áttunda árið í röð.**

Brautargengi eru frumkvöðlanámskeiði fyrir konur sem hafa verið haldin á vegum IMPRU nýsköpunarmiðstöðvar frá árinu 1999. IMPRA er deild innan Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, sem var opnuð formlega 1. ágúst síðastliðin.

„Námskeiðin eru haldin tvisvar á ári og ásóknin er gríðarleg. Við tökum inn 22 til 25 konur árlega á höfuðborgarsvæðinu en síðan 2003 höfum við boðið landsbyggðarkonum að slást í hópinn,“ segir Sigríður Ingvarsdóttir, sem hefur haft haft veg og vanda af námskeiðunum ásamt Hallfríði Benediktsdóttur.

Rúmlega sexhundruð konur hafa lokið við námskeiðið frá upphafi. Þær eru á ólíkum aldri og úr ýmsum starfsstéttum enda eina skilyrðið góð viðskiptahugmynd.

„Konurnar sem sækja námskeiðin eru allt frá ómenntuðum, atvinnulausum konum upp í hámenntaðar konur í góðum stöðum. Það sem þær eiga sameiginlegt er að vera með einhvern draum eða viðskiptahugmynd sem þær langar að láta reyna á,“ segir Hallfríður, sem segir jafnframt margar konur sem þegar eru í rekstri sækja námskeiðin til að bæta kunnáttu sína eða þróa nýja hugmynd. „Mesti sjarminn er fjölbreytni kvennanna og hugmyndanna, sem eru allt frá blómaverslunum til dýraspítala og háþróaðra tækninýjunga.“

Námskeiðin standa yfir í sautján vikur og hefjast bæði á haustin og vorin. Tímarnir eru einu sinni í viku og fara líka fram á Akureyri og landsbyggðinni.

„Við reynum að koma til móts við sem flesta á landsbyggðinni og þess vegna flökkum við með námskeiðin milli staða. Við höfum meðal annars verið í Vík í Mýrdal, á Blönduósi og Akranesi, en í haust verðum við á Patreksfirði og Grundarfirði,“ segir Sigríður, sem segir allar konurnar útskrifast við hátíðlega athöfn þar sem veittar eru viðurkenningar, meðal annars fyrir bestu viðskiptahugmuyndina og bestu viðskiptaáætlunina.

Námskeiðið byggist á fyrirlestrum, heimsóknum úr atvinnulífinu, heimaverkefnum og símati sem hefur gefist mjög vel. Að sögn Hallfríðar er tengslanetið sem myndast meðal kvennanna og aðstandenda stór þáttur af námskeiðinu og segir hún einnig margar konur skrá í sig í Félag kvenna í atvinnurekstri í kjölfarið.

Á námskeiðinu fara konurnar í gegnum allt sem lýtur að stofnun og rekstri fyrirtækja. Markmiðið er fullgerð viðskiptaáætlun sem hægt er að kynna fyrir fjárfestum að námskeiði loknu.

Í nýlegri skýrslu á vegum GEM Global Entrepreneurship Monitor sem gerð er árlega kemur fram að kvenkyns frumkvöðlar á Íslandi eru mun færri en í hinum Evrópulöndunum.

Námskeiðið er að sögn Sigríðar meðvitað jafnréttisátak þar sem markmiðið er að auka hlut kvenna meðal frumkvöðla og í stjórnunarstöðum.

„Við gerðum könnun árið 2005 og þá kom í ljós að tæplega sextíu prósent kvenna á höfuðborgarsvæðinu sem hafa lokið námskeiði eru í rekstri. Og tæplega helmingur þeirra kvenna sem hafa sótt námskeiðin úti á landi. Meðal Brautargengisfyrirtækja má nefna Mann lifandi, Tvö líf, Dýraspítalann í Grafarholti, Fair Trade búðina á Laugavegi og Verkefnalausnir, “ segir Hallfríður, sem segir flestar konur sækja námskeiðið vegna ábendingar frá fyrrum Brautargengiskonum.

Á heimasíðu IMPRU má sjá yfirlit yfir rekstur Brautargengiskvenna ásamt upplýsingum um námskeiðin. Námskeiðið er styrkt og niðurgreitt af borginni ásamt nokkrum sveitarfélögum en sérstakur styrktaraðili Brautargengis er SPRON, Umsóknarfrestur á næsta námskeið er 30.ágúst og það eina sem konur þurfa til að sækja um er viðskiptahugmynd. www.impra.is

*rh@frettabladid.is*



**Hallfríður Benediktsdóttir og Sigríður Ingvarsdóttir hafa haft veg og vanda af Brautargengisnámskeiðum IMPRU síðastliðin ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Starfsmennt
FRÆÐSLUSETUR

Fræðslusetrið Starfsmennt er samstarfsvettvangur ríkisins og 18 stéttarfélaga innan BSRB. Starfsmennt sinnir símenntun og starfsþróunarverkefnum ríkisstarfsmanna um allt land í krafti öflugs samstarfsnets og nútíma samskiptatækni.

Fræðslusetrið Starfsmennt býður upp á:

- Starfstengdar námsleiðir fyrir starfsmenn ríkisins
- Almenn námskeið sem nýtast öllum starfsstéttum
- Einstaklingsmiðað fjarkennt tölvunám
- Ráðgjafa að láni til ríkisstofnana
- Farandfyrirlestra á vinnustað
- Náms- og starfsráðgjöf

Þjónustan er án endurgjalds fyrir félagsmenn aðildarfélaga Starfsmenntar. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Starfsmenntar þar sem skráning fer fram og hjá starfsfólki.

www.smennt.is



Símenntun varðar þig

Fræðslusetrið Starfsmennt • Grettisgötu 89, 105 Reykjavík • sími 525 8395 • smennt@smennt.is • www.smennt.is

ATARNA / STÍNA M. / FÍT




DYNAMO REYKJAVÍK

**BYR** býður til
kvikmyndaveislu.
Taktu þátt á
**www.byr.is**

# **BYR**jaðu í leiknum!

Komdu á **www.byr.is** og þú gætir unnið.

BYR
SPARISJÓÐUR

# HÁGÆÐA FARTÖLVUR

## Byrjaðu önnina með

# ASUS skólatilboði



**Asus F3SE-AS069C**

- 15.4" TFT WXGA breiðskjár
- Með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core 2 Duo T5450 1.66GHz örgjörvi
- 2048MB DDRII 667MHz vinnsluminni
- 160GB 5400rpm SATA harður diskur
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- Sound Blaster Pro hljóðkort ofl.
- Taska og mús fylgja

**VERÐ 119.990**

FRÁBÆRT VERÐ

INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL



**ASUS A7S-7S025C**

- 17" TFT WXGA+ breiðskjár
- Með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core 2 DUO T7300 2.0GHz örgjörvi
- NVIDIA Geforce Go 8400 128MB skjákort
- 2 GB DDR II 667MHz vinnsluminni
- 200GB SATA 4200rpm harður diskur
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- Intel High Definition hljóðkort ofl.
- Taska og mús fylgja

**VERÐ 149.990**

FRÁBÆRT VERÐ

INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL




**ASUS G1-AK005G**

- 15.4" TFT WSXGA+ breiðskjár
- Með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core 2 Duo T7200 2.00GHz örgjörvi
- 2GB DDRII 667MHz vinnsluminni
- 160GB SATA 5400rpm harður diskur
- nVidia GeForce Go 7700 512MB skjákort
- Intel High Definition samhæft hljóðkort ofl.
- Windows Vista Ultimate stýrikerfi
- Flottur Gaming bakpoki og vönduð mús fylgja

**VERÐ 179.990**

FRÁBÆRT VERÐ

INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL



Windows Vista Ultimate

Asus mælir með Windows Vista Ultimate

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2007

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

N1 óskar eftir að ráða starfsmann á hjólbarðaverkstæði félagsins að Réttarhálsi, Reykjavík. Um er að ræða þjónusta við viðskiptavini og allar almennar dekkjaviðgerðir. Æskilegt er að viðkomandi sé stundvís og búi yfir þjónustulipurð og samskiptafærni. Nánari upplýsingar um starfið veitir Ásgrímur Reisenhus í síma.587-5588 eða 660-0377. Einnig er hægt að sækja um starfið á www.n1.is

**Ísbúðin Áfheimum**
**Óskar eftir að ráða í eftirfarandi störf. Hlutastarf/aukavinna seinnipartdags, á kvöldin og um helgar. Einungis traust og heiðarlegt starfsfólk kemur til greina. Uppl. í s. 699 5978, Guðrún eða senda umsókn cyrus@simnet.is**

**Ísbar/Booztbar, Kringlunni.**
**Ertu heimavinnandi eða í kvöldskóla, Óskum eftir að ráða í eftirfarandi störf í dagvinna 8.30-16.30, 10-17, 8.30-14.00 og 11-15 mán.-fös. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is**

**Lagerstarfsmaður óskast**
**Málning hf. Kópavogi óskar eftir hörkuduglegum lagerstarfsmanni. Aldur ca. 18 - 25 ára. Mötuneyti á staðnum. Uppl. gefur Ólafur Helgason, lagerstjóri. Umsækjendur mæti á staðinn eftir kl. 13:00. Málning hf., Dalvegi 18, Kópavogi.**



Íslenskir verktakar ehf

ÓSKUM EFTIR SMIÐUM

898 0280

**Fullt starf/Hlutastarf**
**Sbarro í Kringlunni auglýsir eftir jákvæðu og duglegu starfsfólki í dag, kvöld og helgarvinnu. Tilvalið fyrir skólafólk, sveigjanlegur vinnutími og skemmtilegur vinnustaður. Umsóknareyðublöð á staðnum og á sbarro.is. Nánari upplýsingar veitir Steini í síma: 696-7021.**

**Nonnabiti**
**Starfskraft óskast til starfa, ekki yngri en 18, reyklaus. Uppl. í s. 898 5956 eða á staðnum.**

**Ruby Tuesday Skipholti**
Leitum eftir að ráða góða starfskrafta við afgreiðslu í sal og eldhús Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Umsækjendur þurfa að hafa góða samskiptahæfileika og þjónustulund. Umsóknareyðublöð liggja frammi í Skipholti 19 eða senda umsóknir á haukur@ruby.is

**Vort Daglegt Brauð Hafnarfirði**
**Óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu, tvískiptar vaktir. Nánari upplýsingar veitir Þóra í s. 891 8258.**

**Morgunverður - Breakfast**
**Hótel Óðinsvé óskar eftir starfsamanni til starfa við morgunverð. Unnið er á vöktum, frá kl. 06:30-15:00. Hótel Óðinsvé is looking for people to work in breakfast service. Shift work from 06:30-15:00. Uppl. gefur Jónína á Hótel Óðinsvé, S. 511 6200**

**Garðyrkja**
**Garðabræður óska eftir duglegum reyklausum starfsmönnum í garðyrkju o.fl. Góð laun í boði. Upplýsingar í síma 898 3094, Ingvar.**

**Starfsfólk óskast**
**Starfsfólk óskast til að taka til pantanir og ýmissa annarra starfa í söludeild okkar í Hafnarfirði. Upplýsingar gefur Sófus í síma 863 1938.**

**Skalli Hraunbæ Aukavinna+dagvinna**
Vantar hresst og duglegt fólk í kvöld og helgarvinnu í vetur. Einnig vantar starfsmann í dagvinnu. Lágmarksaldur 17.ára. Upplýsingar í s. 567 2880 milli 14-17 alla virka daga

Sótthreinsun og þrif óskar eftir hraustum starfsmanni í vinnu við háþrýstiþvott og sótthreinsun. Þarf að hefja störf strax. Umsóknir og umsögn um reynslu berist til. sotthreinsun@sotthreinsun.is - www.sotthreinsun.is

Salatbarinn Faxafeni óskar eftir starfsfólki, þarf að geta byrjað strax. Vinnutími frá kl. 9,00 til 17,00 virka daga. Góð laun í boði. Upplýningar í síma 588-0222 og 692-0136 Salatbarinn Faxafeni 9 Reykjavík.

Litill og glaðvær vinnustaður Starfsmaður óskast í móttökueldhús í félagsmiðstöðinni Hæðargarði 31 hið fyrsta. Mikil samskipti við fólk. Sjálfstæði í starfi og reykleysi æskilegt. Uppl. s. 568-3132 asdis.skuladottir@reykjavik.is

Ný leið ráðgjöf leitar að fjölhæfum listamanni í hlutastarf við verkefnið Lífslistin veturinn 2007-2008. Við leitum að einstaklingi sem hefur reynslu að vinna með ungu fólki, getur spilað á og kennt á hljóðfæri og verið liðtækur í öðrum listgreinum, t.d. textagerð, leiklist, myndlist, margmiðlun.Æskilegt er að viðkomandi sé í yngri kantinum (en ekki yngri en 25 ára) og sé starfandi listamaður. Með Lífslistinni er í senn leitast við að virkja og þjálfa listræna hæfileika og að finna nýja leiðir til að takast á við lífið. Í Lífslistinni býðst unglingum vettvangur til listrænnar sköpunar og þjálfunar í samskiptum og lífsleikni sem kost til mótvægis við áhættusama hegðun. Áhugasamir hafi samband við framkvæmdarstjóra Teklu (tekla@nyleid.is)

**Bakarí Sandholt Hverafafold**
Vanntar duglegt og ábyggilegt fólk í störf við afgreiðslu ofl. Sem fyrst. Uppl. í s. 567 9090. Ásta.

**Kaffihús Sandholt Laugavegi**
Vanntar duglegt og ábyggilegt fólk í störf við afgreiðslu ofl. Sem fyrst. Uppl. í s. 551 3524. Saga eða Ásgeir.

Óska eftir sölufólki, reynsla æskileg, heildverslun. Bíll til umráða nauðsynlegt, til að byrja með. Uppl. sendist á ffc@simnet.is

**Bráðvantar starfsmann**
Handlaginn mann eða smið vantar til starfa við húsaviðgerðir o.fl. Góð laun fyrir réttan aðila. S. 616 1569.

Óska eftir að ráða vana menn í pípulagningarvinnu. Þurfa að geta unnið sjálfstætt. Mikil vinna framundan, góð laun í boði. Upplýsingar í síma 8975599 Arinbjörn

**Mötuneyti - Afgreiðsla ofl.**
Starfsfólk óskast til að vinna í einu skemmtilegasta fyrirtæki landsins. Vinnutími frá 11-19 Ekki yngri en 18 ára. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Uppl. gefur Kristleifur í síma 865 0744.

Óska eftir öflugum starfsmanni sem verktaka í vinnu við húsaviðhald. Uppl. í s. 892 8647, Ragnar.

Óska eftir að komast í sambandi við mann í málara og flísalagningum strax. Með aukavinnu í huga öðru hvoru fyrir lítið fyrirtæki. S 824 4490.

Poszukje polskich kowali, ktorzy mowia po islandzku lub angielsku i moga pracowac samodzieline. Wyngrodzenie ok. 500 do 700 tysiecy na miesiac. Ogloszenia kierowac pod nr tel. 897 1995 lub 866 1083.

-Hlaðbær Colas hf.- Vantar mann á malbikssög og verkamann í uppúrtekt við malbiksviðgerðir Mikil vinna í boði. Hafið samb. við Verkstjóra. - S : 660-1921

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?**

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í allar stéttir atvinnulífsins.
Erum einungis með faglært fólk á skrá eða fólk með mikla reynslu.
Veitum trausta og góða þjónustu.
Verð 39.000.- m/vsk
UPPLÝSINGAR Í SÍMA 661 1888

FAGRÁÐNING
Sími 534 8886 - Fax 534 8887
Stangarhylur 7 - 110 Reykjavík

Starfsfolk fra Lettlandi: smidir, verkamenn, sudumenn, taekjamenn, raestingafolk o.fl. S.8457158

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

!!!!týndur er svartur loðinn kettlingur með grátt undir hálsi , hvarf frá hvammsgerði , hjá grensás. jónina 8665032

## Tilkynningar

**Celebrity.is**
Núna 17.000+ myndir af fræga fólkinu á flottum vef. Nýjar myndir daglega.

**Matseld.is**
Nýjar uppskriftir daglega á fallegum uppskriftavef.

## Einkamál

**18plús.is.**
XXX samfélag íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. www.18plús.is.

Til sölu peugot 306 árg '00 ekinn 77 þús. smurbók kastarar sumardekk á álfelgum vetrardekk á stál nýleg tímareim skoðaður '08 nýjar bremsur. Ásett verð 480. Sími 849 8056.

## ATVINNA

**KÆNAN**
VEITINGASTOFA

Starfsmaður óskast á Kænuna í 80% starf, starfið fellst m.a í afgreiðslu,uppvask og aðstoð í eldhúsi. Vinnutími er 8.00 - 14.00 alla virka daga og unnið er annan hvern laugardag.

*Upplýsingar í síma 896-8707 Jón Ólafur.*

# Starfsfólk óskast

**Starfsfólk óskast á dagvaktir í fullt starf, einnig í hluta starf um helgar. Upplýsingar veittar á staðnum.**

MOKKA KAFFI
Skólavörðustíg 3a

## ATVINNA

**Hressingarskálinn**

óskar eftir þjónum í fulla dagvinnu í vetur, helst reyndum.
Ef þú ert jákvæð/ur, brosmild/ur og vinnuþjarkur, þá endilega komdu hingað á Hressó og fylltu út umsókn hjá okkur á Austurstræti 20.

**Tískuvöruverslun**

Starfsfólk vantar í tískuvöruverslun.
Fullt starf eða hlutastarf.

Upplýsingar í síma 8201299

SPÖNG
BYGGINGAVERKTAKAR

**SMIÐIR**

Óskum eftir vönum smiðum til starfa hjá traustu byggingarfyrirtæki með næg verkefni framundan. Góð laun í boði fyrir góða menn.

**Carpenters**---Przyjmiemy budowlancow co maja staz pracy,chca pracowac. Dobry zarobek dió-fachowcow kto chce pracowac niech zadzwoni do

**VERKAMENN**

Óskum eftir duglegum og góðum Verkamönnum til starfa sem fyrst.

**Robotnicki**------Kro chce pracowac nai predzei w dobrei firmie zadzwonic do 8956147



Vilt þú vera með í **ferskasta** liði landsins?

**Við óskum eftir jákvæðu og duglegu starfsfólki í verslanir okkar.**

Margvísleg fríðindi fylgja starfinu og mikið félagslíf. Góðir möguleikar eru á starfsþróun.

Umsækjendur þurfa að vera orðnir 18 ára.

Umsækjendur fylli út umsókn á **www.10-11.is** eða hafi samband við verslunarstjóra í næstu verslun.

10-11 ...alltaf opið!
www.10-11.is

## TILKYNNINGAR

# Konur á aldrinum 18 – 99 ára !

*Er kominn tími til að slappa af?*

**Hjartanlega velkomnar í kvennaflokk í Vindáshlíð 31. ágúst til 2. september 2007.**

Göngutúrar, afslöppun, fróðleg erindi og heimatilbúin skemmtiatriði.

**Meðal dagskrárliða:**



**Sigríður Arnardóttir** Örlagadagurinn minn
**Guðrún Árný** Syngur við eigin undirleik
**Jóna Hrönn Bolladóttir** Guðþjónusta: Ástin
**Dóra Guðrún** Getum við Stjórnað eigin vellíðan?
**Árný Jóhannsdóttir** Á kristindómurinn erindi til nútíma kvenna?

**Verð aðeins 8.500 krónur með gistingu, dagskrá og fullu fæði**
*Missið ekki af frábærri helgi í fallegu umhverfi aðeins 45 km frá Reykjavík.*

Allar nánari upplýsingar á kfum.is
Bókanir í síma 588-8899

KFUM KFUK
spron

vísir.is
Fyrstur með fréttirnar

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

Auglýsingasími
512 5050
Fréttablaðið – Mest lesið

## Heildsala – Smásala

Til sölu með eigin innflutning og góða álagningu, ásamt fínum samböndum. Góð uppgrip framundan. Verð ca. 12 m. Svar merkt: „Tækifæri" sendist á netfang: galle@isl.is.

## Kynningarfundur

**Kynningarfundur vegna breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis hestamannafélagsins Sörla**

**Kynningarfundur varðandi tillögu að breyttu deiliskipulagi athafnasvæðis hestamannafélagsins Sörla í Hafnarfirði verður haldinn miðvikudaginn, 22. ágúst 2007 að Sörlaskeiði 13a (reiðhöll) í Hafnarfirði, milli kl. 17-19.**

**Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR! Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

### ATVINNA

## PÍPARAR

Erum með vana pípara sem óska eftir mikilli vinnu

**Upplýsingar í síma 840 1616 Kraftafl ehf**

## Kirkjuvellir 7

221 Hafnarfjörður
STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU

**Stærð: 104,5 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 2006**
**Brunabótamat: 19.260.000**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Fasteignir



**PANTAÐU SKOÐUN Í SÍMA 699 6165**

**Verð: 24.900.000**





Komið er inn í anddyri með góðum fataskápum úr eik frá Brúnás. Eldhúsið er með mjög fallegri eikarinnréttingu frá Brúnás og viftu, eldavél og bakarofni frá AEG,innbyggð uppþvottavél frá AEG fylgir. Stofan er mjög stór með útgengt út á suðurausturverönd. Herbergin 2 er mjög rúmgóð með góðum fataskápum sem ná upp í loft sem eru einnig úr eik frá Brúnás. Baðherbergið er með flísum á veggjum og gólfi, baðkari og veglegri innréttingu frá Brúnás. Þvottahús og geymsla eru inni í íbúðinni. Íbúðinni fylgir gott stæði í bílageymslu. Stutt er í skóla, leikskóla og alla þjónustu. BÓAS 699 6165 & GUNNAR 899 0800 SÝNA EIGNINA



Bóas Bóasson
Sölufulltrúi
**699 6165**
boas@remax.is



Gunnar Ólafsson
Sölufulltrúi
**899 0800**
go@remax.is



Stefán Páll
Lögg. fasteignasali
**821 7337**
stefanp@remax.is

**RE/MAX Fasteignir - Engjateig 9 - 105 Reykjavík - Sími: 5788800 - www.remax.is**

### ATVINNA

## Suðumenn

Erum með vana suðumenn á skrá sem eru klárir til vinnu.

Kraftafl ehf s. 840-1616

## RÆSTINGARSTJÓRI

**Ungt og ört vaxandi hreingerningarfyrirtæki óskar eftir ræstingarstjóra í almenn þrif. Um er að ræða 50 –100% starf.**

AÞ-Þrif ehf er ungt og framsækið hreingerningafyrirtæki. Helstu sérsvið fyrirtækisins eru iðnaðarþrif fyrir byggingarverktaka, almenn þrif fyrir fyrirtæki og stofnanir.
Einnig er gluggaþvottadeild innan fyrirtækisins.
Hjá AÞ-Þrifum starfa nú um 50 manns og hefur fyrirtækið fest sig í sessi sem eitt öflugasta hreingerningafyrirtæki í iðnaðarþrifum á landinu. Við þjónustum marga af stærstu byggingarverktökum landsins, þ.á.m. ÍAV, BYGG, Ris, JB byggingafélag, Eykt, Ístak, Atafl, Þórtak, Húsbygg, Fjarðarmót, JÁVERK o.fl. Aðrir viðskiptavinir eru t.d. Marel, Kaupþing, BYR sparisjóður, VISA o.fl.
AÞ-Þrif ehf. er fyrirtæki sem hefur metnað, gæði og umfram allt framkvæmdagleði í sínu farteski.
Innan AÞ-Þrifa ehf. er starfrækt öflugt starfsmannafélag.

**Starfssvið**
- Umsjón, undirbúningur og stjórnun á verkstað.
- Samskipti við verkkaupa.
- Innkaup.
- Kennsla og þjálfun starfsmanna.

**Hæfniskröfur**
- Viðkomandi þarf að vera orðinn 25 ára.
- Reynsla af sambærilegum störfum æskileg.
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli.
- Viðkomandi þarf að hafa bílpróf.
- Stúdentspróf og/eða önnur menntun er kostur en ekki skilyrði.
- Sjálfstæð vinnubrögð.
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.

Góð laun í boði fyrir réttan aðila.

Upplýsingar gefur Jón Gunnar í síma 821-7743, jongunnar@ath-thrif.is

**AÞ-ÞRIF 899 9900**

### TILKYNNINGAR



## Frá Kvennaskólanum í Reykjavík

Skólinn verður settur í dag, þriðjudaginn 21. ágúst, í Fríkirkjunni kl. 14:00.
Kennsla hefst miðvikudaginn 22. ágúst skv. stundaskrá.

Skólameistari

## MIÐBORG

Laugavegur 182 4. hæð • 105 Rvk
**Sími 533 4800**
Björn Þorri, hdl., lögg. fast.sali. – Karl Georg, hrl., lögg. fast.sali.

**Boðagrandi 1 – Opið hús**





81,5 fm. íbúð á fjórðu hæð með 4,5 fm. geymslu á jarðhæð. Íbúðin skiptist í sjónvarpshol, 2 svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, stofu og góðar svalir. Flott útsýni. Stæði í bílageymslu fylgir. **Íbúð 404 - V. 24,7 millj.**

***Opið hús í dag milli kl. 18:00-19:00***

### ATVINNA

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið



## Skapandi störf með skapandi fólki

**Leitað er eftir:**
- Leikskólakennurum
- Starfsfólki með uppeldis- og háskólamenntun
- Starfsfólki með menntun eða reynslu á sviði lista
- Starfsfólki með fjölbreytta menntun og/eða starfsreynslu

**Deildarstjórar**
Blásalir, Brekknaási 4, sími 557-5720
Grandaborg, Boðagrandi 9, sími 562-1855
Rauðaborg, Viðarási 9, sími 567-2185
Vinagerði, Langagerði 1, sími 553-8085/693-9858

**Leikskólakennarar/leiðbeinendur**
Austurborg, Háaleitisbraut 70, sími 588-8545
Álftaborg, Safamýri 32, sími 581-2488
Bakkaborg, Blöndubakka 2, 557-1240
Blásalir, Brekknaási 4, sími 557-5720
Brekkuborg, Hlíðarhúsum 1, sími 567-9380
Gullborg, Rekagranda 14, sími 562-2455
Hagaborg, Fornhaga 8, sími 5510268/ 8941234
Hálsakot, Hálsaseli 29, sími 557-7275
Hlíðaborg, Eskihlíð 19, sími 552-0096
Jöklaborg, Jöklaseli 4, sími 557-1099
Múlaborg, Ármúla 8a, sími 568-5154
Rauðaborg, Viðarási 9, sími 567-2185
Vinagerði, Langagerði 1, sími 553-8085/693-9858
Öldukot, Öldugötu 19, sími 551-4881

**Sérkennsla**
Blásalir, Brekknaási 4, sími 557-5720
Grænaborg, Eiríksgötu 2, sími 551-4470
Gullborg, Rekagranda 14, sími 562-2455.
Um er að ræða 50 og 75% stöður.

Allar upplýsingar um störfin veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum eða starfsmannaþjónusta Leikskólasviðs í síma 411-7000.
Allar lausar stöður í leikskólum Reykjavíkurborgar eru auglýstar á www.leikskolar.is.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

HAUSTNÁMSKEIÐIN ERU AÐ HEFJAST

# Söngnám fyrir alla!

FYRIR ALLA ALDURSHÓPA

**ATH: Nú er hægt að nota Frístundakortin til að greiða niður námskeið hjá Tónvinnsluskólanum***



**Í FYRSTA SKIPTI!**

### Barna- og unglinganámskeið sem verður undirbúningur að barnaþætti fyrir sjónvarp





Birgitta Haukdal og Valgerður Guðnadóttir munu sjá um 10 vikna söngnámskeið fyrir börn og unglinga. Námskeiðið er um leið undirbúningur að upptöku á barnaþætti fyrir sjónvarp. Í þættinum koma börnin fram ásamt Birgittu og Valgerði í söng og leik við undirleik valinkunnra hljóðfæraleikara og tilbúnu undirspili af þekktum dægurlögum. Þetta er skemmtilegt námskeið fyrir krakka á aldrinum 7 til 14 ára þar sem krakkarnir fá æfingu í að koma fram opinberlega og fá að upplifa hvernig vinna fer fram í sjónvarpsveri sem beinir þátttakendur.

Lengd námskeiðs: 10 vikur
Aldur: Fyrir 7 - 14 ára
Verð: Kr. 39.900.-

**Aðeins 27.900 kr.**
**með notkun frístundakorts**

### Barna- og unglinganámskeið 2



Valgerður Guðnadóttir sér um námskeið sem sérsniðið er að þeim sem hafa lokið barnanámsskeiði áður.

Lengd námskeiðs: 10 vikur
Aldur: Fyrir 7 - 14 ára
Verð: Kr. 39.900.-

**Aðeins 27.900 kr.**
**með notkun frístundakorts**

### Söngur og framkoma





Þetta er í 6. sinn sem þetta skemmtilega námskeið er haldið, enda eru kennararnir ekki af verri kantinum þær Selma Björnsdóttir og Valgerður Guðnadóttir landsfrægar leik- og söngkonur. Námskeiðið er tvískipt; annars vegar eru grunnþættir söngs og sviðsframkomu kenndir og hins vegar söngur í hljóðveri.
Námskeiðið miðar að því að búa upprennandi söngvara undir þær kröfur sem gerðar eru til skemmtikrafta innan tónlistarbransans. Námskeiðinu lýkur með upptökum í hljóðveri Reykjavik Music Productions þar sem þáttakendur munu fá hljóðritaðan söng sinn á lagi að eigin vali.

Lengd námskeiðs: 10 vikur
(1 tími á viku)
Aldur: 14 ára og eldri
Verð: Kr. 59.900.-

**Aðeins 47.900 kr.**
**með notkun frístundakorts**

### Blues- og Jazzsöngur með Andreu Gylfadóttur



Andrea Gylfadóttir, Bluesdrottning Íslands, stýrir frábæru námskeiði fyrir þá sem hafa sem hafa reynslu af söng.
Á námskeiðinu mun Andrea kenna Blues- og Jazzsöng. Unnið verður með undirleikara að ákveðnum lögum sem nemendum verður hjálpað að ná tökum á, námskeiðinu lýkur með upptökum í hljóðveri Reykjavik Music Productions.

Lengd námskeiðs: 10 vikur
(1 tími á viku, 2 einkatímar og 8 hóptímar)
Aldur: Fyrir 16 ára og eldri
Verð: Kr. 59.900.-

### Blues- og Jazzsöngur framhald

Þeir sem hafa lokið námskeiði hjá Andreu geta sótt um framhaldsnámskeið hjá tónvinnsluskólanum

Lengd námskeiðs: 10 vikur
(1 tími á viku, 2 einkatímar og 8 hóptímar)
Aldur: Fyrir 16 ára og eldri
Verð: Kr. 59.900.-

**Aðeins 47.900 kr.**
**með notkun frístundakorts**

**FRÁBÆR NÝJUNG!**

### Námskeið fyrir lengra komna



Í sumar útskrifaðist Margrét sem Linklater kennari í New York. Kristin Linklater sem tæknin er kennd við er ein af virtustu raddkennurum í Bandaríkjunum. Bókin hennar Freeing the Natural Voice er notuð allstaðar í kennslu í háskólum í Bandaríkjunum og í Evrópu. Aðferðin byggist upp á geta notað röddina án nokkurra hafta svo sem spennu í hálsi, kjálka eða tungu, vöðvaspennu, kvíða eða þar eftir götunum. Öndun, og líkamsliðkun er mikilvægur þáttur til að geta haft greiðari aðgang að tilfinningalega túlkun, og opnað fyrir ímyndunaraflið. Margrét mun kenna notkun þessarar tækni. Farið verður í gegnum æfingar, upphitanir til að styrkja röddin. Öndum, líkamsæfingar, túlkun, framkoma, og textameðferð er hlutir sem farið verður í.

Lengd námskeiðs: 10 vikur
(1 tími á viku)
Aldur: 16 ára og eldri
Verð: Kr. 59.900.-

**Aðeins 47.900 kr.**
**með notkun frístundakorts**

Leiðbeinendur á námskeiðum eru: Andrea Gylfadóttir, Birgitta Haukdal, Margrét Eir, Selma Björnsdóttir og Valgerður Guðnadóttir.

**Námskeiðin hefjast í september.**
**Kennt verður í Snælands- og Foldaskóla eftir að venjulegum skólatíma lýkur.**
**Skráningar í síma 534-9090 eða á heimasíðunni www.tonvinnsluskoli.is**

* Upplýsingar um Frístundakortin er að finna á www.itr.is

TONVINNSLUSKOLI
ÞORVALDAR BJARNA
Sponsored Digidesign School

**KIM CATTRALL**
**FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1956**



*„Ég hef leikið kynferðislega meðvitaðar konur mestallt líf mitt. Á þessum tíma reiknaði ég með að leika mæður og eiginkonur. Það er spennandi að leika tálkvendi.“*

***Leikkonan Kim Cattrall hefur leikið í fjölda bíómynda í gegnum tíðina en þekktust er hún þó fyrir hlutverk sitt sem Samantha Jones í þáttunum Sex and the City.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

NÝ ALTARISTAFLA VÍGÐ Í ÍSAFJARÐARKIRKJU: FUGLAR HIMINS

# Fugl er ævafornt tákn andans



**ÓLÖF NORDAL** Höfundur altarisverksins í Ísafjarðarkirkju flutti ávarp við vígslu þess.
MYND/ÁGÚST ATLASON

Sjöhundruð fjörutíu og sex leirfuglar mynda formfagurt og óvenjulegt altarisverk sem vígt var í Ísafjarðarkirkju síðasta sunnudag að viðstöddu fjölmenni. Ólöf Nordal listakona er höfundur verksins en fuglarnir eru gerðir af sóknarbörnum kirkjunnar á öllum aldri. „Fuglarnir eru hver með sínu sniði rétt eins og einstaklingarnir sem mótuðu þá,“ benti listakonan á í ávarpi sínu, „og allir tilkomumiklir í auðmýkt sinni.“ Hún sagði hugmyndina að verkinu hafa komið svo áreynslulaust í kollinn á henni að hún hefði ekki alveg þorað að treysta henni í fyrstu. „Ég vildi að verkið hefði víða skírskotun og fuglinn er ævafornt tákn andans. Einnig vildi ég að það væri sprottið úr íslenskri menningarhefð, tengdist umhverfinu og hefði persónuleg tengsl við sóknarbörnin.“

Það var á 10 ára vígsluafmæli kirkjunnar árið 2005 sem sóknarnefnd Ísafjarðarkirkju ákvað að ráðast í gerð altaristöflu og óskaði eftir hugmyndum. Tillaga Ólafar þótti bera af öðrum bæði hvað varðaði frumleika, listfengi og rýmisnotkun. Settar voru upp vinnustofur á tímabilinu frá janúar fram í apríl síðastliðinn í svokölluðu „vestra húsi“ og þangað streymdu heimamenn og gestir þeirra til Ólafar Oddsdóttur leirkerasmiðs. Hún kenndi þeim handtökin við leirmótun en brenndi alla fuglana og Gunnar Karlsson, eiginmaður Ólafar Nordal, annaðist uppsetningu þeirra.

Verkið er byggt á helgisögunni um lausnarann og lóurnar. Hún er smækkuð mynd af sköpunarsögunni og varðveitt í bernskuguðspjalli Tómasar. Listakonan Ólöf minntist líka á það við vígsluna að lóan stæði okkur Íslendingum svo nærri að líta mætti á hana sem holdgerving þrenningarinnar trúar, vonar og kærleika. „Kærleikans því hún er falleg og góð og elskuð af öllum, ekki síst þegar hún dásamar verk skaparins með söng sínum „dýrðin, dýrðin“, trúarinnar því hún er staðföst og trygglynd og við vitum að hún kemur alltaf aftur heim, sama hvernig viðrar, og ekki síst vonarinnar því hún er vorboðinn ljúfi sem kemur með hækkandi sól, kveikir ljósið og lífið og vekur upp náttúruna eftir vetrardvalann. Hún færir okkur á hverju vori upprisu nýs lífs.“

Vígsluathöfnin í Ísafjarðarkirkju var ákaflega hátíðleg. Auk kirkjukórsins söng Ingunn Ósk Sturludóttir, meðal annars ljóð Jónasar Hallgrímssonar, Snemma lóan litla í.

gun@frettabladid.is

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Ásdís Jóhannesdóttir**
Kaplaskjólsvegi 27, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 22. ágúst kl. 13.00.

**Viðar H. Jónsson** **Magnea Sveinsdóttir**
**Ingunn Björk Jónsdóttir** **Sæmundur Freyr Árnason**
**Agnar H. Kolbeinsson** **Lóa Hallsdóttir**
**Ástrós Björk Viðarsdóttir**
**Bjarki Þór Haraldsson**
**og fjölskyldur þeirra.**

---



*Ástkær móðir okkar, amma, langamma, tengdamóðir og systir,*

**Kristín Aðalheiður Óskarsdóttir**
Þórufelli 18, Reykjavík,

lést á Líknardeild Landspítala háskólasjúkrahúss í Kópavogi fimmtudaginn 16. ágúst. Jarðarförin fer fram föstudaginn 24. ágúst kl. 15.00 frá Fossvogskirkju.

**Börn, barnabörn, barnabarnabörn, tengdabörn og systkini.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingunn S. Jónsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum mánudaginn 20. ágúst. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Jóna Gróa Sigurðardóttir** **Guðmundur Jónsson**
**Mattína Sigurðardóttir** **Sigurjón Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Kær bróðir og frændi,*

**Jón Helgi Bárðarson**
Bugðulæk 2, Reykjavík,

sem lést 14. ágúst síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 22. ágúst klukkan 15:00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hins látna er bent á Krabbameinsfélagið.

**Fyrir hönd vandamanna**

**Þorsteinn Sigurðsson**
**Jón Freyr Steinarsson**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Magdalena Jórunn Búadóttir**
hjúkrunarfræðingur, Hvassaleiti 129, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 14. ágúst. Útför hennar fer fram frá Grensáskirkju fimmtudaginn 23. ágúst kl. 13:00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Höskuldur Baldursson**
**Margrét Jóna Höskuldsdóttir** **Torfi Pétursson**
**Baldur Búi Höskuldsson** **Hanna Rut Jónasdóttir**
**og barnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Stefán Guðmundsson**
skipstjóri, Skála, Seltjarnarnesi, síðast til heimilis að Skólabraut 3,

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 19. ágúst. Útförin verður auglýst síðar.

**Guðrún Kristjánsdóttir**
**Elísabet Stefánsdóttir** **Kristján Jóhannsson**
**Kristjana Stefánsdóttir** **Guðmundur Þorkelsson**
**Anna Stefánsdóttir** **Reynir Hólm Jónsson**
**Unnur Vigfúsdóttir Duck**
**afabörn**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ásta Ólsen**
áður til heimilis að Hamarstíg 6,

andaðist föstudaginn 17. ágúst á Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri. Jarðsungið verður mánudaginn 27. ágúst kl. 13.30 frá Akureyrarkirkju.

**Jakob V. Kárason** **Herborg Herbjörnsdóttir**
**Guðrún J. Káradóttir**
**Jóhannes Kárason** **Sólveig B. Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, systur, mágkonu, ömmu og langömmu,*

**Lilju Önnu Karólínu Schopka**
Sóltúni 2

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjúkrunarheimilisins Sóltúns.

**Elín Einarsdóttir** **Sigurður Steinbjörnsson**
**Júlíus Einarsson** **Arna Skúladóttir**
**Halla Einarsdóttir** **Már Svavarsson**
**Sverrir Schopka** **Margrét Schopka**
**Ragnhildur Schopka**
**Ottó Schopka** **Sigríður Sigurbjörnsdóttir**
**Sigfús Schopka** **Helga Skúladóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, bróðir, mágur og tengdasonur,*

**Jón Ásgeir Sigurðsson**
útvarpsmaður, Birkigrund 39, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 23. ágúst kl. 15:00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Minningargjafasjóð LSH.

**Margrét Oddsdóttir**
**Sigurður Árni Jónsson**
**Oddur Björn Jónsson**
**Þorgrímur Darri Jónsson**
**Sigríður Jónsdóttir** **Hallsteinn Magnússon**
**Kári Hallsteinsson**
**Haukur Hallsteinsson**
**Margrét Sigurðardóttir** **Þórir Haraldsson**
**Björn Sigurðsson** **Hekla Smith**
**Magdalena Sigurðardóttir** **Oddur Pétursson**

---



*Elskulegur sonur okkar, dóttursonur og bróðir,*

**Hilmar Már Gíslason**

er látinn, jarðarförin auglýst síðar.

**Gísli Sigurgeir Hafsteinsson** **Heiður Sverrisdóttir**
**Ragnheiður Hilmarsdóttir** **Steinar Jónsson**
**Hilmar Mýrkjartansson**
**Systkini hins látna**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**





B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 | Selfoss 575 1460 | Akranes 431 2622 | Akureyri 461 2533 | Egilsstaðir 471 2524













# STUÐ MILLI STRÍÐA: Ástin á kvalaranum

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** Á NÁÐARHÖGGIÐ



Íslenskir bankar hafa verið á milli tannanna á þjóðinni síðan þeir voru einkavæddir. Í fyrstu voru raddirnar sem gagnrýndu sölu þeirra háværar – sem einhverjum þóttu heldur gruggug. Síðan það moldviðri gekk yfir hafa margir haft horn í síðu bankanna, ekki síst þá fyrir okurlánsvexti og háan kostnað svokallaðra FIT-gjalda. Þeir peningar eru bönkunum þó lífsnauðsynlegir enda slefar hagnaður þeirra ekki nema rétt upp í nokkra milljarða og mánaðarlaun bankastjóranna duga rétt svo fyrir lífsstíl smákónga.

Íslenska þjóðin hefur alveg einstaka lund sem skýrir vafalítið toppsætið á hinum hávísindalegu hamingjulistum. Þetta er svokallað Pollýönnu-heilkenni sem birtist í því að oftar en ekki sameinast hún um að elska kvalarann. Hefja hann upp til skýjanna og dýrka fyrir hversu gjafmildur og duglegur hann er nú við að henda brauðmolum af borðinu. Þrátt fyrir allt. Nægir þar að nefna Rat- og vegabréfsleiki olíufélaganna, maraþon (sem kosta ekki nema 10.000 kall á fjögurra manna fjölskyldu) og nú síðast afmælistónleika á Laugardalsvelli.

Þangað þyrpust yfirdráttarþjakaðir þegnar landsins og táruðust yfir góðsemd lánardrottnanna. Bubbi hjálpaði til við að beina athygli lýðsins frá skrumi bankans með því að hrópa á ríkisstjórn landsins. Og Páll Óskar óskaði þjóðinni til hamingju með þau 25 ár sem nú voru liðin í sögu bankans og beindi þannig athyglinni frá þeim aldarfjórðungi sem eftir var hjá flestum í að borga niður húsnæðislánin en þau eru jú þjökuð af vaxtaverkjum.

Og því veltir maður því fyrir sér hvort dansandi Nylon-stúlkurnar, léttklæddari en nokkru sinni, hafi verið hugsaðar til þess að reka smiðshöggið á algleymi bankaþegnanna?

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



FRÁBÆR

# TILBOÐ

ÓTRÚLEG TILBOÐ Í ÖLLUM VERSLUNUM TÖLVULISTANS

| | |
|---|---|
| **Örgjörvi** | 2.0GHz Core 2 Duo T7300 Intel PM965 Express 800FSB-4MB |
| **Minni** | 2GB Dual DDR2 667MHz Innbyggt 1GB Robson flýtiminni |
| **Harður diskur** | 160GB SATA 5400RPM 5400RPM hraður og hljóðlátur |
| **Skrifari** | 8xDVD±RW DL skrifari Skrifar DVD diska og CD-RW |
| **Skjár** | 15.4" WideScreen WXGA+ Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite |
| **Skjákort** | 256MB GeForce Go 8600M GT Allt að 768MB deilt minni til viðbótar |
| **Hljóðkerfi** | High Definition Dolby 2.1 Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi |
| **Þráðlaust** | 300Mbps þráðlaust netkort Innbyggt Bluetooth 2.0+EDR |
| **Netkort** | Gigabit 10/100/1000 Innbyggt 56k mótald |
| **Stýrikerfi** | Windows Vista Home Premium Flip 3D Navigation Area |
| **Þyngd** | Aðeins 3kg með rafhlöðu Rafhlöðuending allt að 3,5 tímar |

## ACER ASPIRE 5920G CORE 2 DUO GEMSTONE

**SANTA ROSA TÆKNI**
Ný tækni frá Intel með 800MHz gagnabrautum og enn minni orkuþörf en áður hefur þekkst

**15,4" CRYSTALBRITE**
15,4" Widescreen WXGA+ 8ms skjár með nýrri CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu

**VEFMYNDAVÉL**
Acer CrystalEye vefmyndavél PrimaLite tæknin skilar enn meiri skerpu, innbyggð í skjáinn

**GEFORCE GO 8600GT**
GeForce Go 8600GT skjákort með 256MB minni og getur nýtt allt að 768MB af vinnsluminninu

**WINDOWS VISTA**
Tölvan kemur uppsett með Windows Vista ásamt öllum uppfærslum, tilbúin til notkunar

**TENGIMÖGULEIKAR**
Innbyggður 5 in 1 kortalesari, 4xUSB 2.0, Firewire, Bluetooth, VGA, TV-out, ExpressCard/34 o.fl.

FRÁ 4.075 KR Á MÁNUÐI

**VERÐ 134.900**

## ACER 5633WLMi

FRÁ 2.764 KR Á MÁNUÐI

1.6GHz Intel Core 2 Duo T5500 - 2MB flýtiminni
2GB Dual DDR2 minni • 120GB ATA100 5400RPM harðdiskur
DVD±/DL skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite skjár
224MB Intel GMA950 PCI-Ex skjákort • 5 in 1 kortalesari
Þráðlaust a/b/g netkort • Windows Vista Home Premium

**VERÐ 94.900**

## ACER 5720G-10

FRÁ 3.201 KR Á MÁNUÐI

1.8GHz Intel Core 2 Duo T7100 örgjörvi með 2MB flýtiminni
2GB Dual DDR2 minni • 160GB SATA harðdiskur
DVD±RW DL skrifari • 15.4" WXGA+ CrystalBrite skjár
256MB ATI Radeon HD2300 PCI-Ex skjákort • 5in1 kortalesari
Orbicam 0.3MP Vefmyndavél • Windows Vista Home Premium

**VERÐ 109.900**

## MSI S262

FRÁ 3.638 KR Á MÁNUÐI

1.86GHz Intel Core Duo T2350 örgjörvi
2GB vinnsluminni • 120GB harðdiskur
DVD skrifari • 12.1" breiðtjaldsskjár
224MB Intel GMA950 PCI-Ex skjákort
Þráðlaust net • Windows Vista Premium

**VERÐ 124.900**

## ACER 6292

FÆST BLEIK EÐA BLÁ

FRÁ 3.638 KR Á MÁNUÐI

1.8GHz Intel Core 2 Duo T7100 örgjörvi
2GB vinnsluminni • 160GB harðdiskur
DVD skrifari • 12.1" WXGA CrystalBrite
256MB Intel GMA X3000 PCI-Ex skjákort
Þráðlaust net • Windows Vista Business

**VERÐ 124.900**

## ACER 7720G-30

FRÁ 4.075 KR Á MÁNUÐI

2.0GHz Intel Core 2 Duo T7300 örgjörvi
2GB vinnsluminni • 320GB harðdiskur
DVD skrifari • 17" WXGA CrystalBrite
256MB Radeon HD2300 PCI- Ex skjákort
Þráðlaust net • Windows Vista Premium

**VERÐ 139.900**

## ACER 9813WKMI

FRÁ 5.531 KR Á MÁNUÐI

1.6GHz Intel Core 2 Duo T5500 örgjörvi
1GB vinnsluminni • 120GB harðdiskur
DVD skrifari • 20.1" WXGA CrystalBrite
256MB DDR Geforce Go7600 skjákort
Þráðlaust net • Windows Vista Premium

**VERÐ 189.900**

Logitech NX20 Notebook Opt. Mouse Plus — **verð 2.990**

Logitech Premium heyrnart. m. hljóðnema — **verð 4.790**

15.4" Targus fartölvu bakpoki, Navy blár — **VERÐ 5.990**

15" Manhattan University bakpoki svartur — **verð 5.990**

4GB USB högg og vatnsheldur minnislykill — **VERÐ 5.990**

Logitech VX Revolution Notebook þráðlaus mús — **verð 7.990**

Logitech Alto lyklaborð með fartölvustand — **VERÐ 9.990**

160GB WD Passport2 USB2 2.5" flakkari — **VERÐ 16.900**

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3,5% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 16,75%.

# TÖLVULISTINN

| | | |
|---|---|---|
| Nóatúni 17 | Reykjavík. | ☎ 414 1700 |
| Glerárgötu 36 | Akureyri. | ☎ 414 1730 |
| Hafnargötu 90 | Keflavík. | ☎ 414 1740 |
| Miðvangi 2-4 | Egilsstaðir. | ☎ 414 1735 |
| Hlíðasmári 10 | Kópavogur. | ☎ 414 1760 |

# menning

menning@frettabladid.is

**!**

**Kl 19.00**

*Tónleikar Caput í Glerskálanum á Reyfi. Á dagskrá eru vuet erk eftir Hoso Kawa hinn japanska, tvö einleiksverk eftir Áskel Másson og duet fyrir óbó og slagverk eftir Doina Rotaru. Eydís Fransdóttir, Elísabet Waage og Frank Arnnik leika.*

## Kveðjutónleikar fyrir Parísarför

Enn nýtur sólseturs á Sundunum og í kvöld er komið að lokatónleikum í Tónleikaröð í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar. Í kvöld kl. 20.30 koma fram þau Hafdís Vigfúsdóttir flautuleikari og Kristján Karl Bragason píanóleikari sem hafa í sumar spilað vítt og breitt um landið við góðan orðstír sem dúóið para-Dís. Þetta eru allra síðustu forvöð að berja dúóið augum og eyrum í bili, en meðlimir dúósins halda suður á bóginn líkt og farfuglarnir í lok sumars í von um að ausa enn úr gnægtarbrunni tónlistarinnar í París. Um tónleika dúósins á Listasumri á Akureyri hinn 20. júlí síðastliðinn skrifaði Jón Hlöðver Áskelsson í Morgunblaðið: „Þegar hlýtt er á tónlistarmenn á borð við Hafdísi og Kristján Karl þá lyftist landið og björt ára færist yfir ásýnd þess.“ ... „Það var augljóst í fyrsta þætti sónötu Leclair að þar fór saman ögud túlkun byggð á mikilli leikni beggja flytjenda.“ Um svartþröstinn eftir Messiaen sagði hann: „...og var þetta verk mikil uppljómun í sumardýrðinni í verulega áhrifamikilli túlkun.“ Á efnisskrá tónleikanna eru frönsk flautu- og píanótónlist eftir Sancan, Rivier, Messiaen, Chopin, Gaubert og Widor. Dúóið lofar notalegri síðsumarsstund.



**TÓNLIST** Síðustu forvöð að heyra Para-dís í kvöld í bili.

**> Ekki missa af..**

Merkri heimildamyndaröð á Ríkissjónvarpinu um Danmerkurleiðangurinn 1906 kl. 20.55 í kvöld. Það er fyrsti þáttur af fimm sem lýsir örlögum leiðangurs sem fórst á Norðaustur-Grænlandi og miklum örlögum sem honum tengdust. Í fyrra var slóðin rakin og leiðangur sá kvikmyndaður.

## Woody í óperu

**Bandaríski leikstjórinn Woody Allen mun á næsta ári snúa sér að óperustjórn fyrir Óperuna í Los Angeles. Það er einþáttungurinn Gianni Scicchi eftir Puccini sem hann ætlar að stjórna. Verður þetta í fyrsta sinn sem hann kemur nálægt óperu, en tónlist hefur löngum skipað háan sess í kvikmyndum hans. Allen er ekki fyrsti kvikmyndaleikstjórinn sem kemur að óperusviðsetningum: Bergman var liðtækur leikstjóri óperu sem lyktaði með kvikmynd hans á Töfraflautunni eftir Mozart. Visconti var frægur fyrir sviðsetningar sínar á óperum og af þeim var Tosca Konunglegu Óperunnar í Covent Garden þekktust með Callas í titilhlutverkinu. Í viðtali við LA Times sagði Allen: „Ég veit ekkert hvað ég er að gera en getuleysi hefur aldrei stöðvað mig í að skella mér í hlutina af áhuganum einum.“**



**WOODY ALLEN**


Reyfi 2007

Menningargnægð
Norræna húsið
18. – 26. ágúst 2007

Þriðjudagur 21. ágúst

Listsýningar alla daga á meðan á hátíðinni stendur:
Hönnunarsýning frá Álandseyjum
Ljósmyndasýning um arkitektúr
Ljósmyndasýning Rebekku Guðleifsdóttur
Global Village Heimsþorp "Sköpun úr rusli" og ljósmyndasýning
Vinnuskóla Reykjavíkur
Sýning á verkum leikskólabarna

Glerskáli:
Kl. 17:00
Tískusýning
Vinnuskóla Reykjavíkur
Tónleikar:
Kl. 19:00
Caput hópurinn
Kl. 20:00
Hamrahlíðarkórinn

Norræna húsið:
Kl. 12:00 – 17:00
Kvikmyndir um hönnun og arkitektúr

Fyrirlestrar og pallborðsumræður um arkitektúr:
Kl. 17:30 "Á Reykjavík að vera evrópsk borg eða amerískt úthverfi?"
Kl. 19:30 "Gagnrýni í beinni"
Tónleikar:
Kl. 21:00
Opera:
Laura Pyrrö og Ágúst Ólafsson

www.nordice.is - www.reyfi.is


**BORGARSKIPULAG** Ný hús sem eru að rísa neðst við Laugaveg.



# Reykjavík er enn á tímamótum

**Í dag verður haldinn fyrirlestur á Reyfi um borgarþróun og þar verða í forsvari nokkrir menn sem hafa um langt skeið staðið fyrir umræðum víða um lönd um húsa- og hverfavernd, Audun Engh og Erling Okkenhaug. Þeir spurja: Ætlar Reykjavík að verða evrópsk borg eða amerískt úthverfi?**

Þeir félagar eru báðir í fararbroddi norskra samtaka sem hafa á síðustu árum verið mikill hvati í opinberum skoðanaskiptum þar í landi um borgarþróun, vernd hverfa og húsa: Byens Fornyelse. Stofnunin var sett á laggirnar fyrir tæpum tíu árum og hefur lagt sitt af mörkum til að rífa upp athygli almennings á hvað er að gerast víða á þeim svæðum sem borgaryfirvöld og hagsmunaaðilar í byggingariðnaði brjóta land til uppbyggingar. Má þar nefna svæði í Osló, Bergen, Havana og víðar.

Stofnunin sækir styrk sinn til hóps fræðimanna og á sér bakland í Bologna-samþykktinni frá 1996, en henni var beint sérstaklega gegn framgangi nýbygginga í borgum Evrópu og til verndar eldri byggðum.

Í baráttu samtakanna ber mikið á gagnrýni á framgang nýrrar hönnunar undir yfirskini módernismans í byggingalist sem hafi skilað borgum Evrópu ljótum og ómanneskjulegum húsum sem auki á kulda borgarkjarna og kalli á æ vaxandi mannvirki undir umferð. Á vefsíðu Byens Fornyelse, www.byen.org, má lesa fróðlegar samantektir um hvar samtökin hafa drepið niður fæti í umræðunni.

Í kjölfar fyrirlesturs þeirra félaga verða umræður kl. 19.30 þar sem Guja Dögg Hauksdóttir arkitekt og deildarstjóri á Byggingardeild Listasafns Reykjavíkur leiðir menn á palli og úr sal í samtal um fagurfræði nútíma arkitektúrs. Fjallað verður um fagurfræði vorra tíma.

Fyrirlestur norsku gestanna er kl. 17.30 en umræðurnar hefjast kl. 19.30.



MYND/PK ARKITEKTAR

# Pabbinn í leikför og útrás

Sýningin Pabbinn eftir Bjarna Hauk Þórsson, gamansamar hugleiðingar um föðurhlutverkið, sem gekk fyrir fullu húsi í Reykjavík síðastliðin vetur, hefur verið seld til allra Norðurlandanna. Samningar hafa náðst við leikhúsframleiðendur í Svíþjóð, Noregi, Danmörku og Finlandi um uppsetningu leikritsins. Uppsetningarnar verða í byrjun fjórar talsins en gæti fjölgað, og verða frumsýningar á árunum 2008 og 2009. Leikverkið hefur þegar verið þýtt á sænsku, dönsku, norsku og finnsku. Leikarar hafa verið ráðnir í Svíþjóð og Danmörku til að fara með hlutverkið, en gengið verður frá ráðningu leikara í Finnlandi og Noregi á allra næstu dögum. Verkið verður sýnt í öllum stærstu borgum og bæjum í Svíþjóð, Noregi, Danmörku og Finlandi og verða þær allar vel kynntar í öllum helstu fjölmiðlum. Viðræður standa yfir um sölu á verkinu við leikhúsframleiðendur í Þýskalandi, Hollandi, á Spáni og víðar.

Það er fyrirtæki Bjarna Þórs sem stendur fyrir þessari útrás, en í kjölfar leiks hans í Hellisbúanum tók Bjarni að þreifa fyrir sér með sviðsetningar á Norðurlöndunum og haslaði sér um skeið völl sem framleiðandi á erlendum vettvangi. Hann hefur líkt og ýmsir leikhúsmenn leitað fyrir sér en í kjölfar hans fór Sellofan Bjarkar Jakobsdóttur víða um lönd.

Pabbinn var frumsýnur í Iðnó 25. janúar og fékk lofsamlega dóma. Það var sýnt fyrir fullu húsi rúmlega 50. sinnum fram í júní.



**LEIKLIST** Bjarni Haukur leggst í víking á Norðurlöndum með einleik sinn um föðurhlutverkið.

Nú ætlar Bjarni Haukur að leggja land undir fót og verður fyrsta sýning hans á hringferðinni á Selfossi miðvikudaginn 29. ágúst. Leikverkið fjallar um aðdraganda þess að verða foreldri og hvernig lífið breytist eftir að þú ert orðinn foreldri, séð frá sjónarhóli karlmannsins. En að lokinni meðgöngunni, fæðingunni og fyrstu skrefunum tekur við næsta tímabil, sennilega það lengsta: Uppeldistímabilið. Og það er oft þá, þegar barnið byrjar að ganga, að aðrir hlutir hætta að ganga – eins vel – eins og til dæmis hjónabandið. Þegar öllu er á botninn hvolft eru pabbar að gera hluti í dag sem þótti óeðlilegt að þeir gerðu hér á árum áður. Nú taka þeir ábyrgð á uppeldinu og sinna börnunum. En það er ekki þar með sagt að þeir kunni til verka. Í frétt frá fyrirtæki Bjarna segir: „Pabbinn er drepfyndið og hjartnæmt nýtt íslenskt leikrit sem fjallar um það sem skiptir mestu máli í lífinu.“ Með eina hlutverkið fer Bjarni Haukur. Leikstjóri er Sigurður Sigurjónsson.

- pbb


prime KYNNIR:
HINIR ÓMÓTSTÆÐILEGU...
PAPAR
Á BALLI
ÁGÚST/SEPT./OKT.'07
» 24. ÁGÚST – PLAYERS KÓPAVOGI
» 25. ÁGÚST – PLAYERS KÓPAVOGI
» 01. SEPT. – SJALLINN AKUREYRI
» 08. SEPT. – ÖSKJUHLÍÐ
» 14. SEPT. – PLAYERS
» 15. SEPT. – PLAYERS
» 22. SEPT. – VALASKJÁLF EGILSSTÖÐUM
» 05. OKT. – NASA
» 12. OKT. – GAUKURINN
» 13. OKT. – MÆLIFELL SAUÐÁRKRÓKI
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.PRIME.IS
prime
UMBOÐSSKRIFSTOFA
THULE
...alltaf léttur!
Coca-Cola

> VISSIR ÞÚ?

Líbanon er sú þjóð sem fer oftast í bíó miðað við höfðatölu. Hver manneskja fer 35,3 sinnum á ári í bíó þar í landi en Kína kemur þar á eftir með 12,3 myndir á mann. Íslendingar eru í fimmta sæti með 4,5 myndir á mann á meðan hver Bandaríkjamaður sér aðeins tæplega 3,9 myndir á ári.



# fólk

folk@frettabladid.is

# Eiríkur í brúðkaupsferð til Íslands

Ljóðskáldið og rithöfundurinn Eiríkur Örn Norðdahl mun ganga að eiga sænska unnustu sína til nokkurra ára, Nödju, á laugardaginn og mun athöfnin fara fram í fallegri kirkju í einu af úthverfum Helsinki, ekki langt frá heimili þeirra skötuhjúa í Finnlandi. Eiríkur fluttist til Finnlands í apríl á þessu ári og mun hann koma til Íslands í brúðkaupsferð í næstu viku.

„Við töldum eðlilegast að gifta okkur þar sem við búum. Við erum ekki svo rík að geta haldið þetta heima. Þess í stað ákváðum við að fara til Íslands í brúðkaupsferð og hitta þá sem eiga ekki heimangengt í brúðkaupið," segir Eiríkur, en hann á þó von á tugum ættingja og vina frá Íslandi í athöfnina ytra. „Allt í allt eru um 120 manns á gestalistanum," segir hann.

Eiríkur og Nadja hafa þekkst frá fimmtán ára aldri en hún á finnska foreldra. Giftingin var ákveðin snemma á þessu ári og segir Eiríkur að skipulagning brúðkaupsins leggist tiltölulega jafnt á hendur beggja. „Við erum svo samheldið par. Ýmis praktísk atriði leggjast þó á hana þar sem hún þekkur betur til á svæðinu, auk þess sem ég tala ekki finnsku," segir Eiríkur og hlær en hann starfar við þýðingar og skriftir í höfuðborginni.



**TIL ÍSLANDS Í BRÚÐKAUPSFERÐ** Eiríkur Örn Norðdahl og Nadja munu heimsækja vini og ættingja hér á landi strax eftir brúðkaupið.

# Slys í nýjustu mynd Cruise

Ellefu manns slösuðust, þar af einn alvarlega, þegar þeir féllu aftan úr vörubíl við tökur á nýjustu mynd Tom Cruise, Valkyrie. Atvikið átti sér stað í miðborg Berlínar og var tökum á myndinni hætt í framhaldinu.

„Við vitum ekki til þess að neinn frægur hafi lent í slysinu," sagði talsmaður lögreglunnar. Valkyrie fjallar um herstjórann Claus von Stauffenberg, leikinn af Cruise, sem reyndi að ráða Hitler af dögum í júlí árið 1944. Hefur Cruise verið harðlega gagnrýndur í Þýskalandi fyrir þátt sinn í myndinni vegna vísindatrúar sinnar.



**TOM CRUISE** Cruise í hlutverki Þjóðverjans Claus von Stauffenberg í myndinni Valkyrie.

# Ekkert neistaflug

Nákvæmlega ekkert neistaflug var á milli Natalie Portman og Hayden Christensen í kvikmyndinni Star Wars: Episode II – Attack of the Clones samkvæmt nýrri könnun. Lentu þau í efsta sæti yfir pör sem hafa náð verst saman í bíó. Í öðru sæti voru Ben Affleck og Jennifer Lopez í Gigli og í þriðja sæti lentu Keira Knightley og Orlando Bloom í Pirates of the Caribbean-myndunum.



**STAR WARS** Natalie Portman og Hayden Christensen náðu ekki vel saman í Stjörnustríðinu samkvæmt nýrri könnun.






**SUPERBARD** Gamanmyndin Superbad fór beint á toppinn í Norður-Ameríku.

## Superbad vinsælust

**Gamanmyndin Superbad er komin á topp norður-ameríska aðsóknarlistans eftir frumsýningarhelgi sína. Með aðalhlutverk í myndinni fer Michael Cera sem sló í gegn í gamanþáttunum Arreste Development.**

**Sló hún hasarmyndina Rush Hour 3 úr efsta sætinu niður í annað sætið. „Ég held að fyndin mynd eins og þessi eigi alltaf möguleika á velgengni, vegna þess að svo fáar myndir eru virkilega fyndnar,“ sagði framleiðandinn Judd Apatow, sem leikstýrði The 40 Year Old Virgin og Knocked Up.**

**Í þriðja sæti á listanum lenti The Bourne Ultimatum og í því fjórða var kvikmyndin um Simpsons-fjölskylduna.**

# Vel fór á með McCartney og Mills

**Nokkuð vel þótti fara á með þeim Paul McCartney og Heather Mills þegar þau hittust í New York um helgina. Paparazzi-ljósmyndarar náðu myndum af því þegar McCartney tók á móti dóttur sinni, en þau Mills fara með sameiginlegt forræði yfir hinni þriggja ára gömlu Beatrice.**



**STUTTUR FUNDUR** Fundur McCartney og Mills stóð aðeins yfir í 90 sekúndur.



**NOKKUÐ VANDRÆÐALEGT** Atferlissérfræðingar segja stuttan fund McCartney og Mills hafa verið vandræðalegan fyrir báða aðila og að greinilega sé spenna enn á milli þeirra.

Mikið hefur verið rætt og skrifað um skilnað McCartney og Mills og segir sagan að sá fyrrnefndi muni aldrei fyrirgefa Mills fyrir framkomu sína og þær fjárkúgunaraðferðir sem hún hefur beitt í tengslum við skilnaðinn stóra. Myndirnar sem teknar voru fyrir helgi bera hins vegar með sér að öldurnar sé að lægja og gátu þau rætt saman eins og siðmenntað fullorðið fólk og án þess að lögfræðingar væru viðstaddir.

Hittingur McCartney og Mills stóð yfir í 90 sekúndur og segja vitni að Beatrice hafi hlaupið að föður sínum um leið og hún sá hann og kallað; „Pabbi, pabbi, pabbi.“ Að svo búnu stökk hún í fang hans. Sérfræðingar í líkamstjáningu segja að Mills hafi verið stressuð á meðan fundurinn stóð yfir og vísa til þess að hún var stöðugt að laga á sér hárið.

Þá vekur það einnig eftirtekt að McCartney og Mills horfðu nánast aldrei í augun á hvort öðru. „Það er klassískt dæmi um að ákveðin skömm er undirliggjandi í samskiptum þeirra en þau vilja koma sem best fram við hvort annað fyrir framan dóttur sína,“ segir Peter Collett, atferlisfræðingur við Oxford-háskóla.

Ekki er langt síðan gengið var formlega frá skilnaði McCartney og Mills og felur hann meðal annars í sér að Bítillinn mun borga Mills tæpa tíu milljarða króna.




Nýtt í bíó

Laugarásbíó Sími: 553 2075 - bara lúxus









LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| RUSH HOUR 3 | kl. 4, 6, 8 og 10.15-POWER | 12 |
| RATATOUILLE íslenskt tal | kl. 3.45 og 5.45 | L |
| TRANSFORMERS | kl. 7 og 10 | 10 |
| PLANET TERROR | kl. 10 | 16 |
| SIMPSONS íslenskt tal | kl. 4 | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| RUSH HOUR 3 | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| RUSH HOUR 3 LÚXUS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 4 - 6 | |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 4 - 6 | |
| DIE HARD 4.0 | kl. 8 - 10.45 | 14 |
| DEATH PROOF | kl. 10 | 16 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

SÝNINGARTÍMAR BÍÓDAGA GRÆNA LJÓSSINS

KL. 5.30 Sicko / Death of a President / Goya´s Ghosts
KL. 8 Sicko / The Bridge / Curse Of The Golden Flower
KL. 10.30 Sicko / Fast Food Na.. / Deliver Us From Evil / Zoo

| | | |
|---|---|---|
| DEATH PROOF | kl. 8 | 16 |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 6 | |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| RUSH HOUR 3 | kl. 6.30 - 8.30 - 10.30 | 12 |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL | kl. 6 | |
| BECOMING JANE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| RUSH HOUR 3 | kl. 6 - 8 -10 | 12 |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 8 | |
| THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL | kl. 6 | |
| THE INVISIBLE | kl. 10 | 14 |

MIÐASALA Á midi.is

SAMBÍÓIN www.SAMbio.is 575 8900 midi.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| RATATOUILLE ENSKU TAL | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:40 | DIGITAL | L |
| RATATOUILLE ENSKU TAL | kl. 8 | VIP | L |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 3 - 5:30 | | L |
| TRANSFORMERS | kl. 10:30 | DIGITAL | 10 |
| TRANSFORMERS | kl. 5 - 8 - 10:30 | | 10 |
| TRANSFORMERS | kl. 5 - 8 - 10:50 | VIP | |
| NANCY DREW | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | | 7 |
| GEORGIA RULES | kl. 8 | | 7 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 3 - 8 | | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 3 - 4 - 6 | | L |
| OCEAN´S 13 | kl. 10:30 | | 7 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| RUSH HOUR 3 | kl. 8 - 10 | 12 |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 8 | L |
| TRANSFORMERS | kl. 10 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| RATATOUILLE ENSKU TAL | kl. 8 - 10:30 | DIGITAL | L |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 4:30-5:30 | DIGITAL | L |
| TRANSFORMERS | kl. 8 - 10:40 | DIGITAL | 10 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 4:30 | | 10 |
| GEORGIA RULES | kl. 10:10 | | 7 |
| NANCY DREW | kl. 8 | | 7 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| RATATOUILLE ENSKU TAL | kl. 8 -10:15 | L |
| TRANSFORMERS | kl. 6 - 9 | 10 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI S. 482 3007

| | | |
|---|---|---|
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 6:40 | L |
| RATATOUILLE ENSKU TAL | kl. 9 | L |
| THE TRANSFORMERS | kl. 9 | 10 |
| BLIND DATING | kl. 7 | 10 |


# Hjörtur gefur út The Flow

Hjörtur Geirsson hefur gefið út plötuna The Flow, þar sem blanda af poppi og rokki er í fyrirrúmi. Fyrsta plata hans, The Ballads of the Undefined, kom út árið 2001 og var hún tekin upp á aðeins tólf tímum. Upptökur á nýju plötunni stóðu aftur á móti yfir frá því í október í fyrra þar til í mars á þessu ári.

„Ég er ekki bara að syngja um ástina, heldur ýmislegt fleira. Mér finnst best að hver og einni leggi sína túlkun í textana en sumt jaðrar við að vera hálfsúrrealískt,“ segir Hjörtur um textagerðina.

Hjörtur fékk á sínum tíma verðlaun fyrir þrjú lög sem hann sendi í lagasmíðakeppni hjá Paramount og voru þau í framhaldinu gefin út á safnplötu.



**HJÖRTUR GEIRSSON** Hjörtur Geirsson hefur gefið út plötuna The Flow.

# Einvalalið heiðrar Tom Waits

**Tónleikar til heiðurs bandaríska tónlistarmanninum Tom Waits verða haldnir í Íslensku óperunni á fimmtudagskvöld.**



**TOM WAITS** Tónlistarmaðurinn Tom Waits verður heiðraður með tónleikum í Íslensku óperunum á fimmtudagskvöld.

Á meðal þeirra sem koma fram á Tom Waits-tónleikunum eru Ragnhildur Gísladóttir, Pétur Ben, Daníel Ágúst, Krummi, Björn Hlynur Haraldsson, Ólafur Darri Ólafsson, Bjarni Hall og Sigtryggur Baldursson og má því segja að um sannkallað einvalalið listamanna sé að ræða.

„Það hefur verið í mörg horn að líta enda mikið af lögum úr að velja og margir söngvara sem taka þátt,“ segir Frank Hall, meðlimur hljómsveitarinnar The Bad Livers and the Broken Hearts Band, sem spilar undir á tónleikunum. „Þetta er búin að vera dálítil törn enda vilja allir koma þessu sómasamlega til skila.“

Frank hóf undirbúning tónleikana ásamt þeim Pétri Ben og Sigtryggi fyrir tveimur vikum. „Við höfum verið að hugsa hvaða leiðir ætti að fara í útsetningunum. Við erum svolítið hrifnari af seinni tíma Waits þannig að þetta á eftir að bera keim af því, aðallega í útsetningunum.“

Leikhópurinn Vesturport fékk hugmyndina að tónleikunum. Lengi hefur verið reynt að fá Waits hingað til lands en án árangurs og því var ákveðið að fá íslenskt tónlistarfólk til að gera ferli hans skil. „Hann á talsvert merkilegan feril,“ segir Frank. „Fyrsta platan hans er nánast kántrískotin. Svo fer hann nær og nær djassinum og er hálfgerður djasstónlistarmaður um tíma. Síðan skiptir hann um útgáfufyrirtæki árið 1983 og gjörsamlega breytir um stíl og er orðinn mjög tilraunakenndur með agressívan stíl. Samt skín alltaf í gegn hversu ofsalega góður lagahöfundur og sérstaklega textahöfundur hann er.“



**KRUMMI** Söngvarinn Krummi ætlar að spreyta sig á Tom Waits á tónleikunum.

Hægt er að nálgast miða á tónleikana í gegnum netfangið twtonleikar@gmail.com. Almenn miðasala hefst í Íslensku óperunni á miðvikudag og er miðaverð 2.500 krónur.

freyr@frettabladid.is

# Ágætt bragð en kunnuglegt

Brad Bird sló rækilega í gegn með frábærri mynd um Hin ótrúlegu (The Incredibles). Sem þá skrifar hann bæði handrit og leikstýrir Ratatouille.

Hér segir frá frönsku rottunni Remy, sem er meiri sælkeri en gengur og gerist meðal nagdýra; hefur óvenju næmt lyktarskyn og gerir sér ekki leifar og rusl að góðu. Þegar rottubæli hans uppi í sveit er splundrað verður hann viðskila við fjölskylduna og flýtur til Parísar þar sem hann hafnar á veitingahúsi hins rómaða Guesteau, sem féll frá af harmi yfir níðskrifum matargagnrýnandans Antons Ego. Vofa Guesteau fylgir Remy eftir og fær rottuna til að aðstoða launson hans, liðleskjuna Linguini, á veitingahúsinu. Saman slá þeir í gegn þar til velgengnin stígur þeim til höfuðs. Remy þarf í kjölfarið að gera upp á milli matreiðslunnar og fjölskyldu sinnar og Linguini þarf að standa vörð um veitingahúsið sem hann hlaut í föðurarf og láta snobbarann Anton Ego éta ofan í sig stóru orðin.

Ratatouille er afskaplega vel gerð mynd; sjónræn útfærsla er glæsileg, framvindan hröð og lítið um dauf augnablik. Grínið er stundum á barmi hins klúra en heldur sig þó innan ramma hins græskulausa.

Gallinn er sá að hún er ekki sprengfyndin; hinir eldri eru vissulega líklegir til að kíma öðru hverju yfir hnyttnum orðaleikjum en ungviðið skellir lítið upp úr.

Þá er boðskapurinn um að best sé að vera maður sjálfur fallegur en margtugginn enda er hann uppistaðan í þorra þeirra teiknimynda sem berast frá Bandaríkjunum. Þá hefði Bird getað gert sér meiri mat úr aukapersónunum í eldhúsinu þar sem hið dásamlega illfygli Skinner stendur upp úr.

Ratatouille er í heildina litið ágæt og fjölskylduvæn afþreying en kemst þó ekki með tærnar þar sem Hin ótrúlegu hafa hælana.

Bergsteinn Sigurðsson



**KVIKMYNDIR**
Ratatouille
Leikstjóri: Brad Bird
★★★

Þekkt hráefni matreitt á hefðbundinn hátt svo úr verður ágæt, græskulaus fjölskylduskemmtun.


2 fyrir 1 í bíó



Námufélagar fá tvo miða á verði eins í Smárabíó, Regnboganum, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó Akureyri mánudaga til fimmtudaga ef þeir greiða með nýja Námukortinu í gallabuxnaútlitinu.

Tilboðið gildir hvorki í lúxussal né á íslenskar myndir.

Landsbankinn

# Megas fer út á land

Eftir góða frammistöðu á menningarnótt hafa Megas og Senuþjófarnir ákveðið að halda tvenna tónleika á Ísafirði og á Akureyri í næsta mánuði. Tónleikarnir á Ísafirði verða í Edinborgarhúsinu laugardagskvöldið 15. september og eru aðeins 250 miðar í boði. Á Akureyri spila þeir félagar á Græna hattinum 21. september og eru ennþá færri miðar í boði þar, eða 150 talsins.

Forsala á báða tónleikana hefst í verslunum Skífunnar, BT og á midi.is á föstudag og eru aðdáendur meistarans hvattir til að hafa hraðar hendur.



**MEGAS** Gaf nýverið út plötuna Frágangur sem hefur hlotið mjög góðar viðtökur. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Britney sýnir nýju hárgreiðsluna

Ljósir lokkar Britney Spears eru byrjaðir að sjást á ný eftir að söngkonan mislynda ákvað að raka af sér allt hárið þegar tilvistarkreppa hennar stóð sem hæst fyrir sex mánuðum. Frá þeim tíma hefur Britney ekki látið sjá sig öðruvísi en með hárkollu en um helgina kom hún fram á opinberum vettvangi með sitt raunverulega hár. Útlitssérfræðingar ytra eru ekki sammála um útkomuna og vilja sumir meina að hún eigi að halda áfram að nota hárkollurnar, að minnsta kosti þar til hárið hefur náð axlarsídd. Aðrir segja að stutta hárið fari henni mjög vel og að það gefi henni möguleika á að skapa nýja og „æskilegri“ ímynd.

Frá því að Britney rakaði af sér hárið hefur hún lent í miklum hrakföllum í einkalífinu og bendir margt til þess að hún muni ekki fá forræði yfir börnum sínum vegna óábyrgrar hegðunar sinnar síðustu vikur og mánuði. Hún er nú sögð í tygjum við bandaríska töframanninn Criss Angel. Þau sáust haldast í hendur á ónefndu hóteli í Beverly Hills í síðustu viku og eru sögð hafa gætt sér á Dom Perignon-kampavíni á svölum svítu sinnar. Heimildir slúðurblaðanna ytra herma að þau hafi síðan eytt nóttinni saman og að einn lífvarða Britney hafi fengið fyrirmæli um að fara út í næstu bensínstöð til að kaupa smokka.



**MEÐ STUTT HÁR** Britney hefur loksins látið sjá sig opinberlega án hárkollu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Söngvarinn **Pete Doherty** virðist vera á hraðri leið niður á við því hann hefur enn á ný verið handtekinn, grunaður um að hafa eiturlyf í fórum sínum. Doherty var handtekinn eftir að hafa sungið með hljómsveit sinni Babyshambles á V-tónlistarhátíðinni í Bretlandi. Doherty hafði fengið aðvörun frá dómstólum vegna eiturlyfjanotkunar sinnar en virðist ætla að láta hana sem vind um eyru þjóta.



Harðjaxlinn **Steven Seagal** hefur óskað eftir afsökunarbeiðni frá bandarísku alríkislögreglunni, FBI, fyrir að hafa skaðað feril sinn. Sakar hann stofnunina um að hafa bendlað sig við mafíuna og fyrir að hafa haldið því fram að hann hafi ráðið einkaspæjara til að hóta blaðamönnum öllu illu ef þeir hættu ekki að skrifa slæmar fréttir um sig. Seagal hefur leikið í tólf myndum frá árinu 2001 og hafa þær allar farið beint á DVD-mynddiska.



Spjallþáttastjórnandinn **Oprah Winfrey** segir að peningaaustur sin til forsetaframbjóðandans **Barack Obama** skipti ekki sköpum í baráttu hans um embættið. „Peningarnir mínir skipta ekki máli. Það hvernig ég met hann og styð hann er örugglega miklu meira virði en nokkur ávísun,“ sagði Oprah. Á meðal fleiri stjarna sem hafa stutt Obama með stórum tékkum eru **Jennifer Aniston** og **Halle Berry**.



**J.K. Rowling**, höfundur Harry Potter-bókanna, er um þessar mundir stödd í Edinborg þar sem hún semur nýja einkaspæjarasögu. Rithöfundurinn Ian Rankin, nágranni Rowling, heldur þessu fram í viðtali við The Sunday Times. Söguna semur hún á hinum ýmsu kaffihúsum í borginni, rétt eins og hún gerði þegar hún byrjaði að semja ævintýrið um Harry Potter.





## > Besti dómarinn



Kristinn Jakobsson hlýtur nafnbótina besti dómari 12. umferðar Landsbankadeildar karla hjá Fréttablaðinu fyrir frammistöðu sína í leik Fram og ÍA.

## > Bestu ummælin

„Þetta er enn eitt bullið og við erum í verulega vondum málum og höfum verið það í allt sumar," sagði Jónas Grani Garðarsson sem kom Fram í 2-0 á móti ÍA. Það dugði ekki til því á síðustu 25 mínútum leiksins skoruðu Skagamenn fjögur mörk.



**sport**

sport@frettabladid.is

**12. UMFERÐ LANDSBANKADEILDAR KARLA:** HK NÁÐI DÝRMÆTU STIGI GEGN FH

# *Spennan á toppnum magnast*

Tólftu umferð lauk í fyrrakvöld með frestaðri viðureign HK og FH á Kópavogsvelli. Umferðin hófst hinn 8. ágúst með stórsigri Vals á KR í Frostaskjólinu, 3-0, og svo voru þrír leikir daginn eftir. Vegna þátttöku FH í forkeppni Meistaradeildarinnar var leik liðsins gegn HK frestað og í millitíðinni fór þrettánda umferðin fram.

Flestir bjuggust við öruggum sigri Íslandsmeistaranna gegn nýliðum HK í fyrrakvöld en FH-ingar máttu þakka fyrir að fá eitt stig úr leiknum. Fyrir vikið er enn meiri spenna hlaupin í toppslag Vals og FH en þrjú stig skilja liðin að og ef liðin misstíga sig ekkert á næstunni stefnir í úrslitaleik Íslandsmótsins í 17. umferð þegar þessi lið mætast á Kaplakrikavelli.

Þangað til verða leiknar þrjár umferðir og getur margt gerst á þeim tíma enda hafa bæði lið tapað stigum í síðustu leikjum.

Botnslagurinn er líka gríðarlega harður og eru HK-ingar ekki enn úr hættu þrátt fyrir stigið dýrmæta gegn FH.




## TÖLURNAR TALA

**Flest skot:** 24, FH.
**Flest skot á mark:** 13, FH.
**Fæst skot:** 5, Keflavík.
**Besta skotnýting:** Breiðabl., 38%
**Hæsta meðaleink.:** Brbl., 7,27.
**Lægsta meðaleink.:** Keflavík 4,15.
**Grófasta liðið:** KR, 19 brot.
**Prúðasta liðið:** HK, 9 brot.

**Fjöldi áhorfenda:** 5.529

12. umferð Landsbankadeildarinnar hefur fengið næstminnstu aðsóknina í sumar, aðeins 3. umferðin fékk færri áhorfendur. Stórleikur umferðarinnar var án efa viðureign KR og Vals enda komu 2.225 áhorfendur þá í Frostaskjólið. Allir aðrir leikir í umferðinni fengu færri en þúsund áhorfendur.



**EIÐUR SMÁRI** Kom til Íslands vegna meiðsla sinna. NORDIC PHOTOS/AFP

Eiður Smári Guðjohnsen:

# Hitti lækni landsliðsins

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen er staddur hér á landi en hingað kom hann til að fá greiningu frá Sveinbirni Brandssyni, lækni íslenska landsliðsins. Eggert Skúlason, fjölmiðlafulltrúi Eiðs Smára, staðfesti þetta í gær.

Óttast er að Eiður Smári gæti þurft að gangast undir aðgerð vegna meiðsla sinna en þau hafa hrjáð hann frá lokum síðasta keppnistímabils. - esá

Áfall fyrir Aftureldingu:

# Örn Ingi sleit krossbönd í hné

**HANDBOLTI Handboltakappinn efnilegi Örn Ingi Bjarkason sleit á laugardaginn krossbönd í hné og verður af þeim sökum frá næstu mánuðina.**

**„Það er talið að krossböndin hafi trosnað fyrr í sumar og svo gaf hnéð sig einfaldlega í æfingaleik á laugardaginn. Ég var ekki á miklum hraði né í baráttu við annan leikmann. Þetta gerðist bara allt í einu," sagði Örn Ingi. Hann er sonur Bjarka Sigurðssonar, þjálfara Aftureldingar.**

**„Ég er að vonast til að ég verði orðinn góður um áramótin," sagði hann.** - esá

# Séð um mig frá fyrsta degi

**Hollendingurinn Prince Rajcomar er leikmaður 12. umferðar Landsbankadeildar karla að mati Fréttablaðsins. Hann átti ríkan þátt í stórsigri Breiðabliks í Keflavík sem var fyrsti deildarsigur Blika suður með sjó undanfarin 24 ár.**

**FÓTBOLTI** „Ég er mjög ánægður með Íslandsdvölina en strax frá fyrsta degi hafa strákarnir í liðinu séð afar vel um mig," sagði Prince Rajcomar, hollenski framherjinn í liði Breiðabliks. Hann þótti skara fram úr í 12. umferð Landsbankadeildar karla sem lauk í fyrrakvöld með leik HK og FH.

Prince hefur átt mjög góða leiki nú síðari hluta móts og til að mynda skorað öll sín fimm mörk með Blikum í síðustu sex leikjum liðsins. „Það er auðvitað mikilvægt fyrir mig að hafa skorað þessi mörk enda brýtur þetta ísinn og auðveldar manni framhaldið," sagði Prince og bætti við að hann nyti góðs af trausti þjálfara síns, Ólafs Kristjánssonar. „Hann hefur haft trú á mér og það hefur gefið mér sjálfstraust. Jafnvel þegar ég var ekki að skora setti hann mig áfram í liðið."

Hann segir að Breiðablik og FH séu með best spilandi lið deildarinnar. „Við höfum verið að spila vel allt tímabilið en vorum óheppnir fyrir framan markið framan af tímabili. Ef við höldum áfram að skora getum við náð langt og tel ég að við eigum mörg stig inni enn. Það er of langt í FH til að eiga möguleika á titilinum en við ætlum okkur að enda ofarlega í töflunni," sagði Prince.

Hann er með samning fram í október hjá Breiðabliki en er með nokkur járn í eldinum eins og stendur. Það gæti þess vegna verið að hann fari frá liðinu áður en tímabilinu lýkur, það er að segja í lok ágúst þegar félagaskiptaglugginn lokast. „Það er erfitt að segja til um hvað muni gerast á næstu dögum. Ég er í stöðugu sambandi við umboðsmenn mína og hafa nokkur lið fylgst með mér. Þetta getur farið á hvern veginn sem er en ég mun fyrst og fremst einbeita mér að Breiðabliki næstu dagana og vikurnar."



**Í BARÁTTUNNI** Prince Rajcomar er hér í hörkubaráttu við tvo leikmenn KR í viðureign Blika og KR fyrr í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Prince er á 22. aldursári og á að baki marga leiki með yngri landsliðum Hollands. Hann var á samningi hjá úrvalsdeildarliðinu FC Utrecht en fór þaðan þar sem hann fékk fá tækifæri. Hann meiddist svo í janúar síðastliðnum og ákvað því að koma til Íslands í sumar í þeirri von að hann myndi vekja athygli útsendara stærri liða í Evrópu.

„Ég er mjög ánægður með sumarið en eins og ég sagði veit ég ekkert hvað tekur við. Það er mikið að gerast þessa dagana og verður einfaldlega að koma í ljós hvað verður." **eirikur@frettabladid.is**



**MARGRÉT LÁRA Á SÍNUM STAÐ** Leikmenn fagna fræknu marki Margrétar Láru Viðarsdóttur gegn Frökkum í júní síðastliðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Landsliðshópurinn:

# Sara Björk er eini nýliðinn

**FÓTBOLTI Sigurður Ragnar Eyjólfsson hefur valið átján leikmenn í landsliðshóp sinn sem mætir Slóveníu ytra í forkeppni EM 2009. Einn nýliði er í hópnum, hin sautján ára Sara Björk Gunnarsdóttir, en þrír leikmenn eru frá vegna meiðsla. Það eru Ásthildur Helgadóttir, Guðný Petrína Þórðardóttir og Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir.** - esá

## HÓPURINN

**Sem mætir Slóveníu á sunnudag.**

| | |
|---|---|
| Þóra Björg Helgadóttir | Malmö |
| Guðbjörg Gunnarsdóttir | Valur |
| Katrín Jónsdóttir | Valur |
| Edda Garðarsdóttir | KR |
| Guðrún Sóley Gunnarsd. | Breiðablik |
| Margrét Lára Viðarsdóttir | Valur |
| Dóra María Lárusdóttir | Valur |
| Hólmfríður Magnúsdóttir | KR |
| Dóra Stefánsdóttir | Malmö |
| Erla Steina Arnardóttir | Sky Blue J. |
| Ásta Árnadóttir | Valur |
| Greta Mjöll Samúelsdóttir | Breiðablik |
| Rakel Logadóttir | Valur |
| Guðný Björk Óðinsdóttir | Valur |
| Katrín Ómarsdóttir | KR |
| Sif Atladóttir | Valur |
| Embla Grétarsdóttir | KR |
| Sara Björk Gunnarsdóttir | Haukar |




Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari:

# Stefnum á þrjú stig

**FÓTBOLTI** Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari sagði í gær að stefnan væri sett á þrjú stig í leik liðsins gegn Slóveníu ytra á sunnudaginn kemur. Leikurinn er liður í undankeppni EM 2009 en Ísland stendur þar vel að vígi. Liðið er í efsta sæti riðilsins með fullt hús stiga eftir þrjá leiki.

„Við hjá KSÍ finnum fyrir miklum meðbyr og hefur áhuginn á kvennalandsliðinu og kvennaknattspyrnu aukist gríðarlega. Við vonum að það haldi áfram og fylgi liðinu áfram inn í næsta ár en þá eigum við tvo heimaleiki," sagði Sigurður Ragnar.

Hann segir þó aðalatriðið vera leikinn á sunnudag en Slóvenía hefur tapað báðum sínum leikjum í riðlinum til þessa. „Við ætlum að reyna að fá mark snemma í leiknum í þeirri von að þær brotni niður og við vinnum leikinn. Við stefnum í það minnsta að sjálfsögðu á þrjú stig," sagði hann.

Sigurður Ragnar óttast ekki að liðið vanmeti andstæðinginn. „Ég forðast reyndar að nota þetta orð í undirbúningi okkar. Við munum eins og alltaf fyrst og fremst einbeita okkur að okkar leik, sama hver andstæðingurinn er."



**FORMAÐURINN OG ÞJÁLFARINN** Geir Þorsteinsson og Sigurður Ragnar Eyjólfsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Vinni Ísland riðilinn kemst liðið beint á EM 2009 í Finnlandi en lendi það í 2. sæti eða nái nægilega góðum árangri í 3. sæti kemst það í umspil um laust sæti. Á næsta ári eru þó tveir erfiðustu leikirnir, gegn Serbum og Frökkum á útivelli, og mun það ráðast í þeim leikjum hver örlög Íslands verða í riðlinum. - esá

Nýtt tákn um gæði




**Tékkaðu á hvernig þú eignast Ford Ka @ 1.189.900***

**Komdu í Brimborg. Prófaðu Ford Ka.**

takta ka

# Ef þú finnur betra verð á „eins bíl“ þá skaltu bara kaupa hann ;-)



**Taktu Ka þrisvar á dag (sex á dag ef vel liggur á þér).**
**Komdu í Brimborg. Prófaðu Ford Ka í dag.**

Ka er vistmildur. Ford Ka er lítill, sparneytinn og léttur smábíll sem tekur lítið pláss í umferðinni. Berðu saman fíl og kött. Hvor helduðu að sé mildari gagnvart umhverfi sínu þegar litið er til dæmis þyngdar og matarþarfar? Svarið er augljóst, auðvitað Ford Ka!

GCI GROUP ALMANNATENGSL

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

**> Martin Lawrence**

Martin lá eitt sinn í dái í þrjá daga. Hann hafði farið vel dúðaður út að skokka í 40° hita og eins og við mátti búast fór líkamshiti hans að hækka. Þegar hitinn hafði náð 42° leið yfir Martin og hann var fluttur á sjúkrahús í flýti. Martin lá í dái í þrjá daga, nær dauða en lífi, en náði sér þó að fullu. Hann leikur í myndinni Big Momma´s House 2 á Stöð 2 Bíó kl. 18.00.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ INDÍANA ÁSA HREINSDÓTTIR BÍÐUR SPENNT EFTIR HAUSTDAGSKRÁNNI

# *Haustið lofar góðu*



Ég bíð spennt eftir kynningu sjónvarpsstöðvanna á haustdagskrá sinni. Þrátt fyrir ágæta dagskrá í sumar verður án efa af enn fleiru að taka þegar hausta tekur og flestir komnir með nóg af útilegum og ferðalögum og komnir í rólegri fíling. Ríkissjónvarpið hefur tryggt sér þættina Brothers and Sisters. Um frábæra þætti er að ræða sem ég mæli með fyrir allar konur. Skjár einn mun hins vegar hefja sýningar á Starter Wife í næsta mánuði og á sá þáttur án efa eftir að slá í gegn. Í aðalhlutverki er Debra Messing úr Will og Grace og umfjöllunarefnið er ríka fólkið í Hollywood. Ég hef séð nokkra þætti og hlakka til að fylgjast með. Haustið lofar því góðu fyrir sjónvarpssjúklinga eins og mig.

Stöð 2 hefur verið að prófa sig áfram með suður-ameríska sápuóperur með mislélegum árangri. Ný syrpa hefur nú hafið göngu sína en ég gæti ekki verið minna spennt. Þessar sápur eru að mínu mati ofleiknar og umhverfið algjörlega út í hött.

Ég væri meira til í að horfa á endursýningar á Santa Barbara, já eða jafnvel byrja á Nágrönnum frá byrjun. Bandaríkjamenn eru einfaldlega bestir í sápunni og hinir áströlsku Nágrannar eru undantekningin sem sannar regluna. Því miður nálgast endirinn í The Sopranos. Allt gott tekur enda og það verður söknuður að þessum snilldar þáttum. Með haustinu hefjast líka íslenskir raunveruleikakeppnisþættir sem verða að einhvers konar föstum punktum í tilveru okkar. X-factor, Idol eða Rock Star veita okkur endalaust umfjöllunarefni og tilefni til að vikulegra mannfagnaða. Ég hlakka til að sjá hvað verður í boði þennan veturinn.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** The Life Aquatic with Steve Zissou — STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.05** Extreme Makeover: Home Edition — STÖÐ 2



▶ **20.55** Danmerkurleiðangurinn — SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00** Boot Camp helgin — SKJÁREINN



▶ **22.00** Men In Trees — SIRKUS

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Út og suður** (12:16)
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Geirharður bojng bojng** (10:26)
**18.22 Sögurnar hennar Sölku** (8:13)
**18.30 Váboði** (10:13)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Mæðgurnar** (5:22) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-ríki og dóttur hennar á unglingsaldri.
**20.50 Lithvörf** (12:12) Stuttir þættir um íslenska myndlistarmenn. Í þessum þætti er litið inn hjá Hörpu Björnsdóttur.
▶**20.55 Danmerkurleiðangurinn** (1:5) (Danmarksekspeditionen - Myten der ikke ville dø) Dönsk heimildaþáttaröð um leiðangur 28 manna til norðaustur Grænlands 1906.
**21.25 Háskalegt starf** (Faktor: Oppdrag på liv og død) Norskur þáttur um hjúkrunarfræðing sem vinnur við erfiðar aðstæður í Súdan.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Dauðir rísa** (4:12) Breskur sakamálaflokkur um Peter Boyd og félaga hans í þeirri deild lögreglunnar sem rannsakar eldri mál sem aldrei hafa verið upplýst. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Leikir kvöldsins**
**23.35 Soprano-fjölskyldan** (4:12) e.
**00.35 Kastljós**
**01.05 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 The Life Aquatic with Steve Zissou**
**08.00 Shrek 2**
**10.00 The Commitments** (e)
**12.00 Big Momma´s House 2**
**14.00 Shrek 2**
**16.00 The Commitments** (e)
**18.00 Big Momma´s House 2**
▶**20.00 The Life Aquatic with Steve Zissou** Útsmogin og margslungin gamanmynd eftir Wes Anderson.
**22.00 Slap Shot 2: Breaking The Ice**
**00.00 Cry Freedom** (e)
**02.35 House of 1000 Corpses**
**04.00 Slap Shot 2: Breaking The Ice**

## STÖÐ 2

**07.00 Stubbarnir**
**07.25 Litlu Tommi og Jenni**
**07.45 Krakkarnir í næsta húsi**
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi 2005**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Wings of Love NÝTT** (2.120)
**10.15 Homefront**
**11.00 Whose Line Is it Anyway?**
**11.25 Sjálfstætt fólk**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Homefront** (8.18)
**13.55 Studio 60** (10.22)
**14.40 Las Vegas** (2.17)
**15.25 Whose Line Is it Anyway?**
**15.50 Tvíburasysturnar** (11.22)
**16.15 Shin Chan**
**16.38 Ofurhundurinn**
**17.03 Kalli á þakinu**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 Simpsons** (17.21)
▶**20.05 Extreme Makeover: Home Edition** (11.32)
**20.50 Justice NÝTT** Spennandi lögfræðiþættir, framleiddir af Jerry Bruckheimer (CSI). Þættirnir gerast á eftirsóttri lögfræðistofu í Los Angeles þar sem stóru og umtöluðu málin koma inn á borð og ósjaldan það sem tengjast ríka og fræga fólkinu.
**21.35 The Shield** (10.10) Hörkuspennandi þáttaröð um lögreglulið í Los Angeles sem hikar ekki við að brjóta lögin til að fá sínu framgengt.
**22.40 The Unit** (13.23) Önnur þáttaröð þessara vinsælu þátta sem fjalla um störf leynilegrar úrvalsveitar bandaríska hersins sem hefur það hlutverk að fara í hættulegustu og leynilegustu ferðir sem upp koma.
**23.25 The Riches** (12.13)
**00.15 Ghost Whisperer** (26.44)
**01.00 Hustle** (4.6)
**01.50 Elizabeth Taylor: Facets**
**03.20 Rapid Fire**
**04.55 Simpsons** (17.21)
**05.15 Fréttir og Ísland í dag**
**06.25 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SÝN besta sætið

**17.35 Timeless** Í þættinum er fjallað um fólk sem æfir og keppir í ólíkum íþróttagreinum en allt er það íþróttahetjur á sinn hátt.
**18.00 Kaupþings mótaröðin 2007** Þáttur um síðasta mót á Kaupþingsmótaröðinni sem fram fór á Hólmsvelli í Leiru. Sigurpáll Geir Sveinsson GKJ og Ragnhildur Sigurðardóttir GR sigruðu á mótinu í Leirunni í fyrra.
**19.10 David Beckham - Soccer USA** (4.13) Glænýir þættir þar sem fylgst er með David Beckham í nýjum heimkynnum hans í englaborginni í Bandaríkjunum. Áhorfendur fá innsýn í bandaríska knattspyrnu og kynnast nýjum samherjum Beckhams.
**19.40 Spænski boltinn** (Barcelona - Real Madrid) Útsending frá risaslag Barcelona og Real Madrid í spænska boltanum sem fram fór hinn 10. mars.
**21.20 PGA Tour 2007 - Highlights** (Wyndham Championship)
**22.15 Heights of Passion** Í þessum þætti er fjallað á vandaðan hátt um viðureignir River Plate og Boca Juniours í gegnum tíðina og hið sérstaka samband sem ríkir á milli þessara keppinauta í Argentínu.
**23.10 Heimsmótaröðin í póker 2006**

## SÝN2

**16.20 Wigan - Sunderland** (Enska úrvalsdeildin 2007/2008) Útsending frá leik Wigan og Sunderland.
**18.00 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**18.30 Coca Cola mörkin 2007-2008** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
**19.00 Man. City - Man. Utd.** (Enska úrvalsdeildin 2007/2008) Útsending frá nágrannaslag Manchester-liðanna City og United.
**20.40 Liverpool - Chelsea** (Enska úrvalsdeildin 2007/2008) Útsending frá stórleik Liverpool og Chelsea í 3. umferð.
**22.20 English Premier League 2007/08** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

## SKJÁREINN

**07.00 Boot Camp helgin - 1. hluti** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Everybody Loves Raymond** (e)
**09.15 Vörutorg**
**10.15 Óstöðvandi tónlist**
**16.15 Vörutorg**
**17.15 Boot Camp helgin - 1. hluti** (e)
**18.15 Dr. Phil**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 According to Jim** (e)
**20.00 Thick & Thin - NÝTT** Bandarísk gamansería um unga konu sem er að hefja nýtt líf eftir að vera búin að losa sig við aukakílóin og eiginmanninn.
**20.30 How Clean Is Your House?** (12.13) Bresku heinlætisdívurnar Kim Woodburn og Aggie MacKenzie þefa uppi subbuleg heimili og taka til hendinni. Þessar bresku kjarnakonur skúra, skrúbba og bóna auk þess sem þær gefa sóðunum góð ráð.
▶**21.00 Boot Camp helgin - 2. hluti** Seinni hluti skemmtilegs þáttar þar sem fylgst er með íslenskum hetjum ganga í gegnum erfiðustu æfingar bandaríska hersins.
**22.00 Angela's Eyes - Lokaþáttur** Bandarísk þáttaröð um konu sem les í lygar fólks og er besti lygamælir bandarísku alríkislögreglunnar. Lokaþátturinn og Angela og bróðir hennar leggja deilumál sín til hliðar og reyna að komast að sannleikanum um foreldra sína í eitt skipti fyrir öll.
**22.50 Everybody Loves Raymond**
**23.15 Jay Leno**
**00.05 Backpackers** (e)
**00.35 Sex, Love and Secrets** (e)
**01.25 Vörutorg**
**02.25 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.50
### Justice

Glæný og hörkuspennandi þáttaröð framleidd af Jerry Bruckheimer. Þættirnir gerast á eftirsóttri lögfræðistofu í Los Angeles þar sem stóru og umtöluðu málin koma inn á borð, ósjaldan þau sem tengjast ríka og fræga fólkinu. Þættinum hefur verið lýst sem Practice fyrir CSI-aðdáendur.



### ▶ Við mælum með
### THICK & THIN - NÝTT
### Skjár einn kl. 20.00

Nú eru að hefjast sýningar á nýrri bandarísk gamanseríu um unga konu sem er að hefja nýtt líf eftir að hafa losað sig við aukakílóin og eiginmanninn. Hún kemst þó fljótt að því að lífið er ekki bara dans á rósum þó maður sé í flottu formi. Mary snýr heim eftir hálfs árs dvöl á heilsuhæli þar sem hún losaði sig við 30 kíló. Heima fyrir tekur við skrautlegt lið sem sér hana enn sem gömlu góðu fitubolluna.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Snaran
**14.30** Í grænni lautu
**15.03** Litir í tónum og orðum: gull og silfur
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Laufskálinn
**19.40** Sumarsaga barnanna: Litla húsið í Stóru-skógum
**20.00** Hið fagra mun sigra að lokum
**21.40** Slæðingur
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Sagan af Tristan og Ísól
**22.45** Kvöldtónar
**23.10** Djassgallerý: Keith Jarrett
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**18.00 Insider**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Entertainment Tonight**
**20.10 The George Lopez Show** (4.22) George Lopez er fjölskyldufaðir sem á í stökustu vandræðum með að hafa stjórn á unglingsdóttur sinni og óþægum syni. Börnin eru þau ekki eina vandamálið því hans er stöðugt í heimsókn og oftast við það að gera hann vitlausann. 2005.
**20.40 Rock School 1** (e)
**21.10 E-Ring** (3.22) Spennuþáttur úr smiðju Jerry Bruckheimer með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum. J.T Tisnewski (Benjamin Bratt) er fyrrum CIA-maður sem vinnur í Pentagon fyrir bandaríska herinn.
▶ **22.00 Men In Trees** (10.17) Bráðskemmtileg ný þáttaröð með Anne Heche í aðalhlutverki. Heche leikur sambandssérfræðing sem kemst að því að unnustinn hefur haldið framhjá henni. Hún ákveður að setjast að í smábæ í Alaska þar sem karlmennirnir eru 10 sinnum fleiri en konurnar. (10.17) Marin þarf að snúa aftur til New York til þess að hitta bókaútgefendur sína og á meðan tekur Jack ákvörðun varðandi samband þeirra.
**22.45 Pirate Master** (12.14) Hörkuspennandi raunveruleikaþáttur í anda Survivor sem gerist um borð í alvöru sjóræningjaskipi.
**23.35 Filthy Rich Cattle Drive** (5.8) (e)
**00.20 Entertainment Tonight** (e)
**00.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**12.00** Vanity Fair **13.00** Hustle **14.00** Garden Rivals **14.30** Bargain Hunt **15.15** Bargain Hunt **16.00** As Time Goes By **16.30** My Family **17.00** Little Angels **17.30** Little Angels **18.00** Hustle 1**9.00** Supernova **19.30** The Mighty Boosh **20.00** Swiss Toni **20.30** Lenny Henry in Pieces **21.00** Hustle **22.00** The Good Life **22.30** Supernova **23.00** The Mighty Boosh **23.30** As Time Goes By **0.00** My Family **0.30** EastEnders **1.00** Hustle **2.00** Vanity Fair **3.00** Cash in the Attic **3.30** Balamory **3.50** Tweenies **4.10** Big Cook Little Cook **4.30** Tikkabilla **5.00** Little Robots **5.10** William's Wish Wellingtons **5.15** Tweenies **5.35** Balamory **5.55** Big Cook Little Cook

## DR 1

**12.20** Hammerslag **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawsons Creek **14.00** Boogie Special **14.15** Boogie Special **14.30** Shin Chan **14.35** Ninja Turtles: Tidsrejsen! **15.00** Store Nørd **15.30** Min farfars rekordbog **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Sporløs **18.30** Det store år **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Måske skyldig - under huden **21.10** Kodenavn Hunter **22.10** Dinas Dates **22.40** Hjerteflimmer 4.30 Mira og Marie **4.35** Karlsson på taget **5.00** Postmand Per **5.15** Morten **5.30** Der var engang **6.00** Elmers verden

## NRK 1

**12.30** Guttan som blei igjæn **12.55** Nei, nei Nanette **14.30** Afrika - 18 grader sør **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Ganefryd **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Lille Prinsesse **16.15** Robotgjengen **16.25** Å spare til en sykkel - eller? **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i naturen **18.15** I hælene på Petter **18.45** Valg 07 - Distrikt **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Valg 07 - Folkemøte **20.45** Extra-trekning **21.00** Kveldsnytt **21.15** Monty Pythons Meningen med livet **23.00** Alfred Hitchcock presenterer **5.30** Jukeboks: Jazz

## SVT 1

**12.30** Fridolf sticker opp! **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Bajo el cielo de Madrid **15.15** Bajo el cielo de Madrid **15.30** Krokomax **16.00** Harry och hans hink med dinosaurier **16.10** Berättelser från hönsgården **16.20** Lauras stjärna **16.30** Musikvideo **16.35** Tintin **17.00** Lilla Aktuellt - kortnyheter **17.05** Kvalsterbo Blues **17.15** Jag älskar livet **17.30** Rapport **18.00** Älgen är lös **18.50** Tull och tyll **19.00** Morden i Midsomer **20.35** Livräddarna **21.05** Rapport **21.15** Kulturnyheterna **21.25** Svartskägg - piraten och legenden **22.20** Six Feet Under **23.15** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige



## BESTI BITINN Í BÆNUM



*Ég er búin að fara tvisvar eða þrisvar á Við Tjörnina í sumar. Það er alltaf alveg æðislegt. Maturinn og andrúmsloftið eru frábær og svo er þjónustan líka alltaf til fyrirmyndar.*

Margrét Eir Hjartardóttir söngkona

# Útfararstjórar jarða presta í Borgarnesi

„Við höfum gert þetta einu sinni áður, á Hellu, og nú er stefnt að því að þetta verði árviss viðburður," segir útfararstjórinn Ísleifur Jónsson en 20 til 25 prestar, útfararstjórar og í raun allar þær stéttir sem koma að jarðarförum í kirkjum landsins öttu kappi á golfvellinum Hamri í Borgarnesi í gær. Mótið hefur fengið þó nokkur nöfn sem vísa til starfsins og golfsins og má þar nefna Funeral Open, Grave Open og Útfaramótið.

Útfararstjórinn segir þetta kærkomið tækifæri fyrir þessar stéttir að hittast utan vinnustaðarins, kynnast aðeins betur og hrista mannskapinn saman. Hann kvaðst þó ekki óttast að um ójafnan leik yrði að ræða, spilaður yrði punktaleikur sem gerði það að verkum að allir væru jafnir fyrir golfinu. Séra Örn Bárður Jónsson var einn þeirra presta sem ætluðu að taka þátt í mótinu. Hann hefur sveiflað kylfum síðan 1991 og er með 14,7 í forgjöf en taldi það ekki nógu gott miðað við allt. „Ætli ég reyni ekki að lækka forgjöfina í mótinu," segir Örn. Presturinn gengur hins vegar undir nafninu The Holy One út á vellinum með tilvísan í golfslangrið „Hole in One" eða holu í höggi. „Já, þetta er rétt. Ég var einn þeirra fyrstu sem fóru holu í höggi á vellinum í Garðabænum," segir Örn.

Ísleifur sagði útfararstjórana hins vegar hvorki vera hrædda við Örn né hina klerkana þrátt fyrir að þeir hefðu kannski betri tengingu við almættið sem gæti hugsanlega nýst þeim á vellinum. „Við getum þá alltaf jarðað," segir Ísleifur. **- fgg**



**NÝGRÆÐINGUR** Hjálmar Jónsson stígur nú sín fyrstu skref á golfvellinum.



**THE HOLY ONE** Örn Bárður Jónsson er einn þeirra Íslendinga sem hafa farið holu í höggi.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** fangi **6.** belti **8.** rá **9.** hjör **11.** mannþvaga **12.** tjón **14.** endurtekning **16.** skóli **17.** síðan **18.** regla **20.** frá **21.** afkvæmi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþrótt **3.** klaki **4.** kasta **5.** loka **7.** yfirráðaréttur **10.** fæðu **13.** loft **15.** himinn **16.** mas **19.** ryk.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gísl, **6.** ól, **8.** slá, **9.** löm, **11.** ös, **12.** ógagn, **14.** stagl, **16.** ma, **17.** svo, **18.** agi, **20.** af, **21.** lamb.

**LÓÐRÉTT: 1.** póló, **3.** ís, **4.** slöngva, **5.** lás, **7.** lögsaga, **10.** mat, **13.** gas, **15.** loft, **16.** mal, **19.** im.

vísir.is
Fyrstur með fréttirnar



**ALLSGÁÐIR OG AKANDI** Atriði Stuðmanna hefur vakið mikla athygli og þóttu þeir minna einna helst á Kraftwerk.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURJÓN RAGNAR

EGILL ÓLAFSSON: BARA EITT AF ÞESSUM FLIPPUM

# Vanir að taka áhættu

Afmælistónleikar Kaupþings hafa vakið mikla athygli og hefur töluverð umræða átt sér stað í útvarpi sem og á bloggsíðum landsmanna. Er þar einna helst rætt um þann fjölda sem sagður var hafa mætt en í fréttatilkynningu frá Einari Bárðarsyni var því haldið fram að tæplega fimmtíu þúsund manns hefðu barið margar af fremstu poppstjörnum þjóðarinnar augum. Og síðan eru það Stuðmenn sem hafa verið á milli tannanna á fólki en þeir kusu að spila lögin sín á rafmagnshljóðfæri og minntu einna helst á Kraftwerk en ekki hljómsveit allra landsmanna.

Egill Ólafsson, söngvari Stuðmanna, sagði það vera í eðli sveitarinnar að taka áhættu en viðurkenndi um leið að þetta hefði kannski ekki verið staðurinn og stundin fyrir slíkt. „Við vorum bara að leika okkur," segir Egill og bætti því við að þeir hefðu fengið allavega viðbrögð, bæði góð og slæm. „En slíkt er líka lang skemmtilegast." Þetta hafi verið tilraun og þær séu alltaf tvíbentar. „Við höfum nú reynt ýmislegt og þetta var bara ein viðleitnin til viðbótar við það. Við erum orðnir sjóaðir í þessu og þetta var bara eitt af þeim flippum sem við höfum tekið í gegnum árin. Þótt þetta hafi ekki heppnast að öllu leyti var þetta engu að síður skemmtileg tilraun," útskýrir Egill, sem fannst mikið til umgjarðarinnar koma og sagði hana hafa verið þá bestu á íslenskum tónleikum.

Einar Bárðarson vildi lítið tjá sig um frammistöðu Stuðmanna, sagðist hafa lagt það í vana sinn að tjá sig ekki um hvað listamenn gerðu á sviði hverju sinni og virða listrænt frelsi listamanna. „Stuðmenn hafa alltaf verið þekktir fyrir að prófa eitthvað nýtt," segir Einar. Einn gæslumaður orðaði það hins vegar þannig að Stuðmenn hefðu gert tónleikahöldurum og gæslumönnum mikinn greiða því tónleikagestir hefðu smátt og smátt horfið frá en ekki allir á sama tíma.

Hvað aðsóknina varðar sagðist Einar standa við fyrri yfirlýsingar, að vel yfir fjörutíu þúsund manns hefðu lagt leið sína í Laugardalinn. „En hvort sem þeir voru 25 þúsund eða fimmtíu þúsund þá heppnuðust tónleikarnir fullkomlega. Og lögreglan þurfti ekki að hafa afskipti af neinum málum, sem gæti skýrt af hverju þeir teldu að færri hefðu verið þarna en raun ber vitni."

**freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Þorvaldur Davíð Kristjánsson** hélt óformlegt kveðjupartí fyrir Bandaríkjaför sína á Hverfisbarnum á laugardagskvöld. Rólegheitastemning var yfir veislunni enda mættu margir af nánustu vinum hans með foreldra sína. Þar fór fremstur **Sigmundur Kristjánsson** KR-ingur og pabbi hans, **Kristján Sigmundsson**, fyrrum handboltamarkvörður. **Kristján Þorvaldsson**, faðir leiklistarnemans, var vant við látinn en Þorvaldur gat þó huggað sig við að **Gísli Marteinn Baldursson** borgarfulltrúi leit við á Hverfisbarnum.



Glitnisforstjórinn **Lárus Welding** stóð við stóru orðin um helgina og hljóp tíu kílómetra í Reykjavíkurmaraþoni bankans. Lárus á kannski eitthvað í land með að ná fyrirrennara sínum **Bjarna Ármannssyni** á þessum vettvangi en það ætti ekki að taka langan tíma. Lárus var í það minnsta svo stálsleginn eftir hlaupið að hann lét sig ekki muna að mæta í brúðkaup um kvöldið.



**Eiður Smári Guðjohnsen**, fótboltamaður í Barcelona, var áberandi í fréttum hér á landi í sumar. Á milli þess sem hann lét sjá sig úti á lífinu var hann þó duglegur við æfingar. Í Sportblaði Fréttablaðsins mátti lesa um það á dögunum að hann hefði notið leiðsagnar **Þráins Hafsteinssonar** frjálsíþróttaþjálfara. Þráinn var þó ekki sá eini sem þjálfaði Eið Smára, hinn kunni **Egill „Gillzenegger" Einarsson** mun einnig hafa lagt sitt af mörkum fyrir erfiðan vetur landsliðsfyrirliðans. **- hdm**

Píanóskóli Þorsteins Gauta
Ármúli 38 / við Selmúla
S: 5516751 6916980
pianoskolinn.is
pianoskolinn@pianoskolir

**Námskeið á haustönn 2007**

Byrjendur og lengra komnir. Börn og fullorðnir
16. vikna námskeið kr. 35.000

**NÝTT!**
ÍTR frístundarkort fyrir börn kr. 12.000
Nemendur í Vogaskóla fá kennslu í skólanum á skólatíma.
Krakkatímar á laugardögum

# Egill Helgason stækkar við sig

„Ég er að stækka við mig, ekki veitir af," segir sjónvarps- og dagskrárgerðamaðurinn Egill Helgason, sem stóð í miklum búferlaflutningum um helgina. Egill hefur búið við Miðstræti í 101 Reykjavík að undanförnu en hefur nú fjárfest í nýju heimili, sem hann vill þó ekki tilgreina hvar er.

Egill bloggar um flutningana á heimasíðu sinni og lýsir því hvernig opið hafi verið út á götu hjá sér vegna þeirra á laugardag, þegar hin árlega Menningarnótt var haldið hátíðleg. Skömmu síðar hafi hann uppgötvað að einhver gæti misskilið opnu dyrnar og jafnvel haldið að hann væri með opið hús vegna menningarnætur. Sú varð raunin, því snemma kvölds rabbaði óboðinn gestur inn á heimili Egils. Og í ljósi bloggfærsla Egils um hátíðarstand og veisluhöld í miðborginni, þar sem hann játar meðal annars að því að vera lítill aðdáandi Menningarnætur, höfðu gárungarnir áhyggjur af því að ein helsta miðbæjarrotta landsins væri að yfirgefa vígi sitt. Svo er hins vegar ekki. „Nei, ég er ekki flúinn ennþá. Ég get upplýst það að ég fer ekki langt, fjarlægðin á nýja heimilinu og því gamla er á að giska um 150 metrar," segir Egill, sem útilokar þó ekki að herja á nýjar slóðir í framtíðinni. „Ef ég myndi finna notalegt hús í Mosfellsbæ eða einhvers staðar annars staðar fyrir utan bæinn, þá væri ég alveg til í að flytja þangað. En það yrði að vera svolítið fyrir utan bæinn." **- vig**



**FER EKKI LANGT** Nýja heimili Egils er um 150 metra frá hans gamla heimili í Miðstræti í 101 Reykjavík.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Allt í skólann




Skólavörubúðin

ODDI
SKRIFSTOFUVÖRUR

Smiðjuvegi 5 • Kópavogi
Sími 585 0500 • Opið virka daga
kl. 9-18 og laugardaga kl. 10-14

Höfðabakka 3 • Reykjavík
Sími 515 5105
Opið virka daga kl. 8-18

Borgartúni 29 • Reykjavík
Sími 515 5170 • Opið virka daga
kl. 8-18 • laugardaga kl. 11-14

Glerárgötu 34 • Akureyri
Sími 515 5160
Opið virka daga kl. 8-18

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



Aðeins 6 dagar eftir!
SPARI DAGAR
GRÍPTU GOTT TÆKIFÆRI.!!
..og þú gerir frábær kaup!
ORMSSON
TÓLF VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT




BAKÞANKAR


ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR


## *Raup dagsins*

Menningarnóttin með Glitnishlaupinu innanborðs nálgaðist óþægilega hratt þetta sumarið. Vegna heitstrenginga frá í fyrra hefur það verið undirlagt af hlaupatilraunum þeirrar sem áður var þekktari af værukærri heimasetu og þrátt fyrir ríflegan undirbúningstíma hefðu reyndar tvær, þrjár vikur í viðbót verið vel þegnar.

**Í UPPHAFI** æfingatímabilsins var markmiðið einfaldlega að staulast 10 kílómetra með einhverjum ráðum og komast í mark fyrir kvöldið. Snemma í vor fæddist svo dálítið hliðarmarkmið sem aðeins fáeinum var trúað fyrir: Að klára hlaupið á innan við klukkustund. Fyrir suma er það pís of keik en fyrir ráðsetta frú sem stundaði síðast íþróttir með 5. flokki HK í blaki var það töluverð áskorun, jafnvel meiri en að sjást á almannafæri í þröngum spandex-galla.

**EFTIRVÆNTING** mín og annarra hlaupara í Lækjargötunni að morgni laugardagsins var næstum áþreifanleg. Hinn leyndi metnaður rak mig til að troðast fremst að rásmarkinu þar sem félagsskapurinn var aðallega ungir karlmenn með svellandi keppnisskap. Mætur maður hafði nokkrum dögum áður gefið mér afbragðsráð til að halda góðu tempói í hlaupinu: Ég skyldi bara velja mér snotran rass og elta hann. Því miður reyndust þessir stæltu samferðamenn mínir aðeins of sprækir svo sekúndubrotum eftir að byssuskotið reið af voru þeir horfnir í rykmekki. Hins vegar trimmaði á undan mér dálítill snáði, svona átta eða tíu ára, og með járnvilja tókst mér að halda í við hann um skeið.

**LENGI** framan af leið mér samt eins og eyju í stórfljóti sem kastast fram með dumbum dyn. Það þýðir á mannamáli að allir fóru framúr mér. Samt hljóp ég eins og ég ætti lífið að leysa en við þær aðstæður mótmælir skrokkurinn venjulega með því að standa á öndinni og hóta uppköstum. Það gerði hann einmitt þennan dag og því var í mínu tilfelli umrædd stemming úr Lækjargötunni skilin eftir þar. Strax á Tjarnarbrúnni datt mér í hug að hætta við allt saman og hugmyndin hljómaði æ betur því lengra sem dró.

**NÚ** get ég sest í helgan stein. Þegar barnabörnin í framtíðinni spyrja um afrek langrar ævi sýni ég roggin verðlaunapening frá Glitni úr skíragulli. Tími: 56 mínútur, 24 sekúndur.


Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

SIMPLY CLEVER
SKODA AUTO
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 9062

# Roomster Skoda
## Kemur á óvart!



## RÚM FYRIR MEIRA!

Við skorum á þig að koma og skoða nýjasta meðliminn í Skoda fjölskyldunni, Skoda Roomster. Roomster er snarpur og skemmtilegur bíll með ótrúlegt notagildi. Hönnunin, aðgengið og útsýnið gerir aksturinn að hreinni unun.

**Roomster er flottur og hagkvæmur bíll fyrir nútímafjölskylduna**

**Verð frá 1.790.000 kr.**

**HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is**
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA